 harðfiskur stv.1 hard (dried) fish.
 heldur adv. rather; h. ekki not . . .
 either.
 hrikalegur adj. awe-inspiring.
 hringur stv.2 ring, round.
 hvernig adv. how.
 í kringum compound prep. with acc.

around, round about; hringinn í k,
 all around.
 innifalinn í included in.
 jafnvel adv. even.
 kartöflujafningur stv.1 creamed
 potatoes.
 ket (kjöt) stn. meat.
 Lagarfoss stv.1 'Loch Falls,' an
 Icel. boat; með L.-i on the L.
 litur stv.3 (hlutur) color.
 læra, lærði, lært vv.2 learn.
 matur stv.3 (hlutur) food.
 með skipi by boat.
 milli . . . og prep. with gen. between
 . . . and.
 nógur adj. enough.
 nóg stn. enough; nóg er af e-u there
 is enough of something.
 oft, oftar, oftast adv. often, more,
 most often.
 réttur stv.3 (hlutur) dish.
 rjómi wm.1 cream.
 rísa stv.1 rise.
 sá, sú, það that one; sá sem he who.
 sjá stv.5 see; séð seen.
 sjór stv.1 sea.
 skyr stn. Icelandic curds, cottage
 cheese (smooth); skyr og rjómi
 curds and cream, curds with
 cream. *Arnar í m. salmi*
 slátur stn. (hreidur) blood and liver
 sausages.
 smjör stn. butter.
 sums staðar adv. in places.

til conj. to.
 til (þess) að in order to.
 tíu num. ten.
 tólf num. twelve.
 uppáhaldsréttur stv. 3 favorite dish.
 útlendingur stv.1 foreigner.
 vanalegur adj. usual; þessi vanalegi
 the usual.
 vanur, vön, vant adj. with dat. used
 to.
 venja wf.1 custom; v. er til it is
 customary.
 vera að : e-ð er að e-u something is
 wrong with something.
 vill present of vilja want.
 víst adv. certainly.
 yfirgnæfandi adj. dominating.
 þessi, þessi, þetta this, that.
 þverhníptur adj. perpendicular.

Translate into Icelandic:

Did you ever go to Iceland (*hafið þér nokkurn tíma farið*)? Yes, once (*einu sinni*). Were you on one of (*einu af*) the Icelandic boats? Yes. How (*hvernig*) was it? It was fine (*ágætt*), only, it was too small for the big waves (*sjóa*) of the Atlantic (*Atlantshafsins*). How long (*hvað . . . lengi*) was it ('were you') from New York to Iceland? Ten days. How (*hvernig*) was the food? It was good, but I could not (*gat ekki étið*) eat all the Icelandic food. What was wrong with it (*hvað var að honum*)? Oh, I suppose it was all right (*Og það var víst allt í lagi með hann*), but I am not used to it. You will get (*verðið*) used to it; it is really fine (*bara ágætur*).

Note: *Hvað lengi* how long? *Tíu daga* (accusative of time) ten days.

9.

The preterite indicative of strong verbs, personal endings: Sg. 1 —, 2 -st, 3 —; Pl. 1 -um, 2 -uð, 3 -u (see synopsis, In. VII, 4, 1).

The most common strong verbs in Icelandic in order of frequency: *vera, fara, koma, sjá, verða, fá, geta, taka, ganga, halda, heita* (In. VII, 1, 2). Learn the list of strong verbs: Pr. 5, 1.

Interrogative pronouns: In. VI, 5; S. IV, 5.

Æfing.

Sáuð þið skipið, sem var að koma? Við sáum til þess inn fyrir Gróttu, en það er of stórt til að komast inn í höfnina. Hvert fór það? Það fór bara á ytri höfnina. Tókuð þið eftir, hvaða flagg það hafði? Nei, en það var víst amerískt. Amerísk ferðamannaskip hafa komið hingað á hverju sumri í mörg ár. Í fyrra fengum við að fara um borð í skipið, sem þá kom. Það hét Scandia. Það tók okkur langan tíma að skoða það allt; við gengum um það allt. Það varð líka að liggja úti, því það gat ekki komist inn á innri höfnina. Ferðamennirnir voru ekki nema rúman dag í landi; þeir

fóru samt til Þingvalla, Geysis og Gullfoss, eins og vant er. En þeir fengu vont veður og urðu víst fegnir, þegar þeir komust um borð í skipið aftur. En þarna er bátur að koma frá borði, við skulum spyrja þá, sem í honum eru: Hvaða skip er þetta? Hvað heitir það? Hver er skipstjóri? Hverjir eiga það? Hvað marga farþega hefur það? Hvað lengi verða þeir hér? Hvenær á skipið að fara? Hvort eigum við að fara út í það í kvöld eða á morgun?

á prep. with acc. *á morgun* tomorrow.
aftur adv. again.

amertskur adj. American.

ár stn. year.

bátur stm.1 boat.

borð stn. board; *um b. í* on board;
frá borði from the boat.

enskur, ensk, enskt adj. English.

fá, fékk, fengum, fenginn stv.7 (1)
be allowed; (2) get.

fara, fór, fórum, farinn stv.6 go.

feginn, -in, -ið adj. glad, fain.

ferðamaður stm.4 traveller, tourist.

ferðamannaskip stn. tourist boat.

flagg stn. flag.

fyrri only in *í fyrri* last year.

ganga, gekk, gengum, genginn stv.7
go, walk.

geta, gat, gátum, getað stv.5 be able
to. Takes a past participle,

whereas the English *can* takes in-

finite: *ég get komið* I can come.

Geysir stm.1 a famous geyser, from

which the English name for hot

springs is derived.

Gróttá wf.1 low headland, near
Reykjavík.

Gullfoss stm.1 'Gold Falls,' a fam-
ous waterfall in the South.

hédan adv. hence, from here.

heita, hét, hétum, heitinn stv.7 be
called.

hingað adv. hither, here.

hvað (1) interr.pron. what; (2) adv.
(with adj. or adv.) how; *h. lengi*
how long.

hvaða interr.pron. adj. what, what
kind of.

hvaðan adv. whence, where . . . from.

hvenær adv. when.

hver interr.pron. who, which.

hver indef. pron. every.

hvert n. of *hver* (1) which; (2) adv.
whither, where; *af hverju* why,

hvers vegna why.

hver interr.pron. which of two; n.

hvort (1) which of two; (2)
conj. *hvort . . . eða* whether . . . or.

höfn stf.2 harbor; *á h-ina* into the
harbor.

í prep. with acc. *í mörg ár* for many
years; *í kvöld* tonight.

inn fyrir prep. with acc. (moving)
inwards (passing) by (a point).

innri adj. inner.

koma, kom, komum, kominn stv.4
come; *komast* (middle voice) get,
reach.

land stn. land; *í l.* ashore.

langur, löng, langt adj. long.

lengi adv. long.

liggja, lá, lágum, leginn stv.5 lie.

morgunn stm.1 (*himinn*) morning.

náttúrufegurð stf.2 natural beauty.

nema conj. but, except; *ekki* n. not
more than.

rúmur adj. roomy, a little over.

samt adv. however, yet, still.

sjá, sá, sáum, séð stv.5 see; *sjá til*
e-s see, discover, watch.

skoða vv.4 look at, inspect.

spyrja, spurði, spurður vv.1 ask.

sögustaður stm.3 an historic place.

sumar stn. summer.


taka, tók, tókum, tekinn stv.6 with
double acc.: *það tók mig langan*
tíma it took me a long time;

t. eftir e-u notice something. >

um prep. with acc. over.

vera, var, vorum, verið stv.5 be.

verða, varð, urðum, orðinn stv.3 be-
come, will be; stay; *v. feginn* be
glad.



ÆFINGAR

víst adv. surely, probably.
 ytri adj.compar. outer.
 þá adv. then.
 Þingvellir stm.3 the famous plains

(vellir) where the old Alþingi
 (parliament) met.
 því for, because.
 ætla vv.4 intend.

Translate into Icelandic:

What ship was coming? Where did you see it? Where did it come from? Where is it to go from here (*hédan*)? How many passengers does it have? Who came ashore with the boat? The captain came ashore. Who is the captain? How long, I wonder, will he (*skal hann*) stay here? Only a short (*stuttan*) time. Who (pl.) came with the captain from the boat? Some (*nokkrir*) passengers, who are (*ætla*) going (*að fara*) to Þingvellir tomorrow morning (*á morgun*). All tourists go to (*fara til*) Þingvellir. Why (*af hverju, hvers vegna*)? Because (*af því að*) the Þingvellir is (are) a historic place. Why do they go (*fara þeir*) to Geysir and Gullfoss? Because these places have great natural beauty (*náttúrufegurð* f.). Is Geysir not an English (*enskt*) word (*orð*)? No, it is Icelandic.

10.

The preterite indicative of weak verbs, personal endings: Sg. 1 -i, 2 -ir, 3 -i; Pl. 1 -um, 2 -uð, 3 -u (In. VII, 4, 1).

The preterite suffixes of weak verbs: -ð-i, -d-i, -t-i, -að-i (In. VII, 1, 2 and VII, 3, 1). Inverted Word Order S. VII, 3, 2.

The most common weak verbs in Icelandic: *hafa, segja, gera, leggja, kalla*. Learn the list of weak verbs, In. VII, 3, 1, 4.

Strong feminines, first and second class: In. I, 3, 1 and 2.

Æfing.

Skipið, sem lagðist hérna á ytri höfninni í fyrra dag, er á förum. Ferðamennirnir, sem með því voru, fóru í gær austur yfir heiðar í bílum til að skoða sögustaði. Lögðu menn af stað snemma um morguninn. Annar flokkurinn fór Mosfellsheiði til Þingvalla, hinn fór Helliðsheiði austur í sveitir. Veðrið var ekki gott framan af: rigning á fjallinu, en þoka í byggð. En eftir litla stund gerði gott veður, sólskin og hita, og jörðin gliðraði í sólskininu. Ferðin varð því mjög skemmtileg. Bílarnir, sem fóru austur í sveitir, stönguðu fyrst við Grýlu í Ólfusi, og tók fólk þá myndir af hvernum. Þar fóru sumir af ferðamönnum á símastöðina, hringdu upp höfðu fengið nóg af veðrinu. En flestir héldu áfram alla leið austur í Fljótshlíð, skoðuðu bæ Gunnars á Hlíðarenda, og nutu hins dýrðlega útsýnis til Eyjafjallajökuls. Höfðu þeir ágæta skemmtun af.

á stöðina to the station.
annar . . . hinn one . . . the other.
austur adv. (to the) east; a. í east into; a. yfir east over.
bílastöð stf.1 (stöð) automobile station, taxicab stand.
byggð stf.2 inhabited, settled part (of land).
byrja, -aði, -aður vv.4 begin; til að b. með to begin with.
bær stm.2 farmstead; town.
dýrðlegur adj. magnificent, glorious.
eftir prep. with acc. after; with dat. for.
Eyjafjallajökull stm.1 (himinn) 'Eyjafjalla Glacier.'
fá stv.7 get; fá nóg af e-u get enough of sth.
ferð stf.2 journey.
flestir adj.pl. most.
Fljótshlíð stf.1 'Fleet Slope,' a district of the South.
flokkur stm.1 flock; party.
fólk stn. people, folks.
framan af in the beginning, to begin with.
för stf.2 (gjöf) journey; going; vera á förum be on the point of going.
gera (gjöra), gerði, gerður vv.2 do, make; gerði (impersonal) gott veður (acc.) literally: it made good weather, i.e. the weather became fine.
glitra, -aði, -að vv.4 glitter.
Grýla wf.1 bugbear; name of a geyser.
Gunnar stm.1 a hero from Njála; he lived at Hlíðarendi.
gær adv. yesterday = í gær.
halda, hélt, hældum, haldinn stv.7 keep; halda áfram keep going.
heiði stf.1 heath, mountain.
Hellisheiði stf.1 'Cave Heath.'

Translate into Icelandic:

Were you one of the party (einn af hópnum) that went to Hlíðarendi the other day (um daginn)? Yes (, I was). Where could you get taxicabs (bíla)? At (á) a taxicab station in Reykjavík. How was the weather? It was not so good to begin with, but it became fine after a while. How many hours were you on the mountain? Two or three (tvær eða þrjár). How far (langt) did

hiti wm.1 heat, warmth.
Hlíðarendi wm.1 'Slope's End.'
hringja, hringdi, hringt vv.2 ring;
h. upp call up (on the telephone).
hver stm.1 and 2 geyser, hot spring.
í prep. with acc. at a certain time:
í fyrra dag the day before yesterday;
í gær yesterday.
jökull stm.1 (himinn) glacier.
jörð stf.2 (gjöf) earth, ground.
leggja, lagði, lagður vv.1 lay; l. af stað start a journey; leggjast (of ships) cast anchor.
leið stf.2 way, road; alla leið all the way.
Mosfellsheiði stf.1 'Moss Fell Heath.'
njóta, naut, nutum, notinn stv.2 enjoy (e-s). E-u.
næst adv. next.
rigning stf.1 (kerling) rain.
senda, sendi, sendur (sent) vv.2 send; s. eftir send for.
símastöð stf.1 (stöð) telephone station (sími wm.1 telephone).
skemmtun stf.2 (verzlun) enjoyment, fun; hafa skemmtun af e-u enjoy something.
snemma adv. early.
sól stf.2 sun.
sólskin stn. sunshine.
stánna, -aði, -aður vv.4 stop.
stund stf.2 hour, while.
sumir indef.pron.adj. some.
sveit stf.2 rural district.
sögustaður stm.3 historic place.
taka stv.6 take; t. mynd take a picture.
tala, -aði, -aður vv.4 speak.
útsýni til view of.
við prep. with acc. at.
þoka wf.1 fog.
Ölfus stn. a district of the South.

you go? All the way east to Fljótshlíð, and we got a glorious view of the glacier (jökulsins). How were the roads (vegirnir)? Fine. We had great fun on the journey (= við höfðum mikla skemmtun af förinni).

11.

Strong masculines, fourth class: In. I, 2, 4.

Strong feminines, third class: In. I, 3, 3.

Reflexive and possessive pronouns: S. IV, 2, 4.

Compound words: S. IX. Numerals: In. V, 2, 2.

Æfing: Fjölskyldan og frændfólkið.

Faðir minn heitir Jón Guðmundsson, og móðir mín Guðrún Sigurðardóttir. Við erum þrjú systkinin, systir mín Sigríður (Jónsdóttir), bróðir minn Sigurður (Jónsson) og ég, Guðmundur (Jónsson). Systir mín er gift manni, sem heitir Magnús Ólafsson; hann er þess vegna mágur minn og tengdasonur foreldra minna. Sigurður bróðir minn á Margréti Ólafsdóttur, systur Magnúsar; hún er því mágkona mín og tengdadóttir foreldra minna: faðir minn er tengdafaðir hennar, og móðir mín er tengdamóðir hennar. Konan mín heitir Kristín Ólafsdóttir; hún er systir Margrétar; við bræðurnir eigum þá sína systurina hvor og erum svilar.

Ég og faðir minn erum feðgar, ég og móðir mín mæðgin. Systir mín og móðir mín eru mæðgur, systir mín og faðir minn eru feðgin. Systir föður míns er föðursystir mín, bróðir föður míns föðurbróðir minn. Á sama hátt á ég móðursystur og móðurbróður. Sjálfur er ég bróðursonur föðurbróður míns og föðursystur, systursonur móðurbróður míns og móðursystur. En systir mín er bróðurdóttir eða systurdóttir þeirra. Svo á ég afa og ömmur: föðurafa og föðurömmu, móðurafa og móðurömmu. Enn fremur langafa og langömmu, langa-langafa o.s.frv. Börn mín og bróður míns eru bræðrabörn, börn mín og systur minnar systkinabörn. Ef það eru drengir, þá eru þeir bræðra- og systkinasynir, ef það eru stúlkur, þá eru bræðra- og systkinadætur. Börn systra eru á sama hátt systrabörn, -synir eða -dætur.

Af öllu því fólki, sem nú var talið, er fjölskyldan sjálf: faðir og móðir, afi og amma, sonur og dóttir, bróðir og systir. Allt hitt fólkið er kallað skyldfólk eða frændfólk, karlmennirnir frændur, kvenfólkið frændkonur eða frænkur. Tengdafólk er fólk, sem maður tengist með mægðum: mágar, mágkonur, tengdafaðir og tengdamóðir. Enn fremur má nefna stjúp móður, -föður, -dóttur og -son.

amma wf.1 grandmother.
 afi wm.1 grandfather.
 bróðir stm.4 brother.
 bróðurdóttir stf.3 niece.
 bróðursonur stm.3 nephew.
 bræðrabörn, -synir, -dætur first
 cousins.
 dóttir stf.3 daughter.
 eiga pret.pres.v. own; be married to.
 enn fremur adv. furthermore.
 faðir stm.4 father.
 feðgar wm.1.pl. father and son.
 feðgin stn.pl. father and daughter.
 fjölskylda wf.1 family.
 foreldrar wm.1.pl. parents.
 frændfólk stn. relatives.
 frændi wm.2 cousin, relative.
 frændkona wf.1 cousin, relative.
 frænka wf.1 cousin, relative.
 föður- paternal, -afi, -amma, -bróðir
 uncle, -systir aunt.
 giftur, gift married to.
 Guðmundur, -ar stm.1, but in patro-
 nymic: Guðmundsson, -dóttir.
 Guðrún stf.1&2 Gudrun.
 háttur stm.3 mode, manner, way;
 á sama h. in the same way.
 heita stv.7 be called; ég heiti my
 name is; sem heitir whose name is.
 Jón stm.1 John; patr. Jónsson,
 -dóttir.
 karlmaður stm.4 man, oppos. woman.
 kona wf.1 wife.
 Kristín stf.1 Christine.
 kvenfólk stn. women (folks).
 langafi great-grandfather.
 langamma great-grandmother.
 langa-langafi great-great-grand-
 father.
 líf stn. life; á lífi alive.
 maður stm.4 man; one.
 Magnús stm.1 Magnus; patr. Magn-
 ús (s) son, -dóttir.
 mágkona wf.1 sister-in-law.
 mágur stm.1 brother-in-law.
 Margrét stf.1 Margaret.
 móðir stf.3 mother.
 móður- maternal; -afi, -amma, -bróðir
 uncle, -systir aunt.

Translate into Icelandic:

Is your family big? Yes, I have a big family: my parents, five

mæðgin stn.pl. mother and son.
 mæðgur wf.1.pl. mother and daughter.
 mægð stf.2 usually in pl. -ir rela-
 tionship by marriage.
 mægjast, mægðist, mægzt vv.2
 middle voice: become related by
 marriage.
 nefna, nefndi, nefndur vv.2 name,
 mention; má nefna may be men-
 tioned: after impersonal mega an
 active infinitive must be trans-
 lated by the passive. See Imper-
 sonal Verbs in the Syntax.
 o. s. frv. = og svo framvegis and so
 on.
 Ólafur stm.1 Olaf, patr. Ólafsson,
 -dóttir.
 sannarlega adv. certainly.
 Sigríður stf.1 (Hildur) Sigrid.
 Sigurður stm.1 Sigurd, patr. Sigurðs-
 son, Sigurðardóttir.
 sjálfur, sjálf, sjálft dem.pron. self,
 my-(your-, him-, her-, it-)self.
 skyldfólk stn. relatives.
 sonur stm.3 son; as a part of patr.
 always -son.
 stjúp- step-, -faðir, -móðir, -dóttir,
 -sonur.
 stjúpa wf.1 stepmother.
 stjúpfi wf.1 stepfather.
 svili wf.1 a man married to another
 man's wife's sister.
 svo (enumerating) then.
 systir stf.3 sister.
 systkin stn.pl. brother and sister.
 systkinabörn, -synir, -dætur first
 cousins.
 systrabörn, -synir, -dætur first cousins.
 telja, taldi, talinn vv.1 enumerate.
 tengdafaðir, -móðir, -dóttir, -sonur
 father, mother, daughter, son-in-
 law.
 tengdafólk stn. people related by
 marriage, in-laws.
 tengjast, tengdist, tengzt vv.2 middle
 voice: become related by marriage.
 þess vegna adv. therefore.
 þrjú, þrjár, þrjú num. three.
 því adv. therefore.

(fimm) brothers, and six (sex) sisters. My grand-parents (afi minn og amma) are also still living (á lífi). What is your name, please (hvað heitið þér, með leyfi)? My name is (ég heiti) Guðmundur, and I am the son of John (og er Jónsson). Have (eigið) you any (nokkra) uncles living? Yes. I have two (tvo) paternal [uncles] and two maternal uncles. Have you also aunts? Yes, I have (á) one (eina) maternal aunt. But have you any (nokkrar) nieces? I have one niece who is the daughter of my brother, and another who is the daughter of my sister (Ég á eina bróðurdóttur og eina systurdóttur). You certainly (sannarlega) have many relatives.

12.

The present indicative of weak verbs, second, third, and fourth class: In. VII, 4, 1 and 2. Personal endings:

Class 2 and 3: Sg. 1 -i,2 -i-r,3 -i-r

Pl. 1 -um,2 -ið,3 -a.

4 : Sg. 1 -a,2 -a-r,3 -a-r

The meaning of the present tense: S. VI, 2, 1.


Indefinite pronouns: allur, annar, nokkur, neinn; In. VI, 6; S. IV, 6.

Æfing.

Heyrið þér, fréttið þér nokkuð nýtt? Nei, það er lítið um það. Hvernig líkar yður lífið? Ágætlega. Hvað segir Morgunblaðið um stríðið? Og svo sem ekki neitt; þeir tapa eins og fyrri daginn. Hvað segja veðurfregnirnar? Þær þegja um veðrið. Hvernig er það annars? Hann rignir eða suddar núna, en líklega stytta hann upp með hádeginu. Kannske skánar veðrið nú á morgun; það veitir ekki af því, ef Ferðafélagið hugsar til að fara í fjallgöngu. O jæja, ég kalla þetta nú ekki slæmt veður. Það má vel ganga á fjöll í því, ef maður klæðir sig vel og passar að hafa allt í lagi. Já, nú skal ég segja yður, hvað við gerum. Við sendum þá Björn og Ólaf í búðir í dag. Björn kaupir olíuföt og bakpoka, Ólafur útvegar nesti. Ekki dugir (dugar) annað en að vera vel nestaður. Við hitum okkur kaffi og borðum á fjallinu. Við mælum okkur allir mót á bílastöðinni. Ég síma þangað og panta bíl. Björn mætir okkur þar, en Ólafur og hinir, sem ætla með okkur, hitta okkur rétt fyrir utan bæinn. Þér skrifið þeim í dag um þetta. Já. Allt í lagi; þá hittumst við á morgun; ég er strax farinn að hlakka til. Allir hlakka til að fara á fjöll. Hverjir ætla að fara? Ég ætla, þú ætlar, þér ætlið, Björn ætlar, við ætlum allir.

TEXTS I

- á prep. with acc. onto, into.
ágætlega adv. fine (from *ágæt-ur*).
annars anyway.
bakpoki wm.1 knapsack.
borða, -aði, -aður vv.4 eat.
búð stf.2 shop.
duga, -ði, -að vv.3 avail, help, do.
en conj. than; *ekki annað en* nothing else than (but).
fara stv.6 (1) go, climb, travel; (2) with inf. begin (S. VI, 5).
Ferðafélagið stn. with art. 'The Tourist Society.'
fjallganga wf.1 mountain climbing, *fara í f-göngu* go climb the mountains.
frétt stf.2 news.
frétta, frétti, frétt vv.2 hear (news).
fyrir utan prep. with acc. outside of.
fyrri adj. former; *eins og f. daginn* as usual.
hádegis stn. (*kvæði*) noon, midday.
heyra, -ði, -ður vv.2 hear, listen.
hita, -aði, -aður vv.4 heat, make (by boiling).
hitta, hitti, hittur vv.2 hit, meet; *hittast* middle voice, meet each other.
hlakka, -aði, -að vv.4 *h. til e-s* look forward to something.
hugsa, -aði, -aður vv.4 think; *h. til* think of.
í dag today.
kaffi stn. (*kvæði*) coffee.
kalla, -aði, -aður vv.4 with double acc. call, consider.
kannske adv. perhaps.
kaupa, keypti, keyptur vv.2 (irreg.) buy. Cf. In. VII, 3, 3, 5.
klæða, klæddi, klæddur vv.2 cloth, dress; *k. sig* dress oneself.
lag stn. order; *allt í lagi* everything in order, O. K.
líka, -aði, -að vv.4 please; logical subj. in dat.; cf. S. I, 3, 1, 2b.
litið um e-ð little of something; *það er l. u. það* not much, not at all.
með prep. with dat. with; *m. hádeginu* toward noon, at noon.
mega S. VI, 13, 5; *það má ganga* it is possible to go.
Morgunblaðið stn. with art. 'The Morning Paper.'
- mót* stn. meeting; *mæla sér m.* appoint a meeting place.
mæla, mælti, mæltur vv.2 speak, appoint.
mæta, mætti, mættur vv.2 meet (e-m).
nesta, -aði, -aður vv.4 provide with food.
nesti stn. (*kvæði*) provisions.
nú adv. really; now.
núna adv. now.
nýr, ný, nýtt adj. new.
og (1) and, (2) oh.
o jæja interj. well; sure; why yes, but.
olíuföt stn.pl. coats of oil skin.
panta, -aði, -aður vv.4 order.
passa, -aði, -aður vv.4 take care.
rétt adv. just.
rigna, -ði, -t vv.2 rain; *hann rignir* it rains. Cf. S. VI, 14, 3.
segja, sagði, sagður vv.3 say, tell.
senda, sendi, sendur vv.2 send.
síma, -aði, -að vv.4 telephone.
sjálfsgagt adv. surely.
skána, -aði, -aður vv.4 get better (weaker than *batna*).
skrifa, -aði, -aður vv.4 write; *s. e-m* w. to somebody.
strax adv. at once.
stríð stn. war.
stytta, stytta, styttur vv.2 shorten; *s. upp* cease to rain.
stöð stf.1 station, = *bílastöð* taxicab station (stand, company).
sudda, -aði, -að vv.4 drizzle; *hann s.* it drizzles.
svo sem (sosum) adv. just about.
tapa, -aði, -aður vv.4 lose (e-u).
til prep. with gen. to.
um prep. with acc. about.
útvega, -aði, -að vv.4 procure.
veðurfregn stf.2 weather forecast, weather news.
veita, veitti, veittur vv.2 grant, afford; *ekki v. af því* one has use for it, one could use it, there is nothing to spare.
viðskiftavinur stn.3 customer.
þangað adv. thither, there.
þegja, þagði, þagað vv.3 be silent.
ætla, -aði, -aður vv.4 intend; *æ. að*



ÆFINGAR

fara intend to go. Verbs of motion, like this, are often dropped after

ætla, which then means: intend to go: *ég ætla út* I am going out.

Translate into Icelandic:

What is the news (*hvað er að fréttu*, or *hvað er (segið þér) í fréttum*)? Everything (*allt*) fine (*gott*). What does the 'Morning Paper' say? Oh, it says nothing. How is the weather? Bad as always? No, it is fine, sunshine and heat (*híti*). Are you not going to (*tí*) Hafnarfjörður today? Yes (*jú*), I was going there (intended to go). Is anybody (*nokkur*) going with you? Yes, Björn is going with me. Do you intend to go in a car? Yes, I was just ordering one from the (automobile) 'station' (*stöð*). The 'station' will surely send it (*sendir . . . sjálfsagt*) at once. This 'station' is careful (takes good (*vel*) care) not to lose customers (*viðskiftavinum*). Well (*jæja*), I have to go, you write me tomorrow. Goodbye (*verið þér sælir*).

13.

The present, preterite, and perfect indicative of weak verbs, first class *telja*: In. VII, 3, 2.

Present endings: Sg. 1 —, 2 *-ur*, 3 *-ur*; Pl. 1 *-jum*, 2 *-ið*, 3 *-a*.

Comparison of adjectives, *-ari*, *-astur*; *-ri*, *-stur*: In. III, 4.

The comparative is always weak (second class), the superlative strong or weak.

Æfing. Pingvellir.

Á Íslandi eru margir merkir staðir, en Pingvellir eru merkastir. Pingvellir eru hinn forni Alþingisstaður Íslendinga, en Alþingi er elzta þing í Norðurláfu. Þeir, sem völdu staðinn, hafa haft gott vit á náttúrufegurð, því Pingvellir eru fegurri og tilkomumeiri en flestir aðrir staðir á landinu. Af vestri bakka Almannagjár er hið fegursta útsýni austur yfir vellina og suður um Pingvallavatn. Eystri gjárþakkinn er að vísu miklu lægri, en þaðan er hljóðbært um alla vellina. Hér telja menn hið forna Lögberg hafa verið; þar sagði lögsögumaður upp lögin, og þaðan fluttu menn ræður og erindi, meðan þingheimur þakti brekkuna og vellina fyrir neðan. Þeir, sem þingið settu, hafa því eigi aðeins kunnað að meta fegurð staðarins, heldur einnig hina hentugu staðhætti. Þeir ruddu líka, að sögn, Óxará farveg niður í Almannagjá; þar fellur hún enn í fögrum fossi. Hins vegar hafa nútímamenn rutt og lagt veg þann, sem nú liggur ofan í gjána, yfir ána og ofan á vellina. Sjálfir vellirnir eru ekki mjög víðir. Þeir eru rétt austan við Almannagjá;

sunnan þeirra er Þingvallavatn, en að austan er hraun. Á heitum sumardegi hylur blámóða landið svo langt sem augað eygir. Úti við sjóndeildarhringinn eru blá fjöll, í norðri Ármannsfell og Skjaldbreiður.

Á Þingvöllum er nú prestssetur og gistihús; gistihúsið (Valhöll) selur gestum fæði og annan greiða við sanngjörnu verði.

á stf.1 river.
 að prep. with dat. at.
 að prep. with dat. according to; a. visu to be sure, a. sögn according to what is said.
 að austan adv. to the east.
 af prep. with dat. of; from.
 Almannagjá stf.2 'Gorge of the Commons.'
 Alþingi stn. (kvæði) the old national convention of the Icelanders.
 Alþingisstaður stn.3 the place of the national convention.
 Ármannsfell stn. 'Fell of Ármann,' a mountain.
 auga wn. eye; svo langt sem augað eygir as far as eye can see.
 austan við prep. with acc. east of, to the east of.
 austur yfir prep. with acc. east across, east over.
 bakki wm.1 bank, brink.
 (blá)móða wf.1 (blue) mist.
 brekka wf.1 slope.
 brá, bráar, brýr stf.3 bridge.
 eigi adv. = ekki not; e. aðeins . . . heldur einnig not only . . . but also.
 einnig adv. also.
 en conj. than.
 enn adv. still, yet.
 erindi stn. (kvæði) address, speech.
 eygja, eygði, eygt vv.2 (be able to) see.
 eystri, austastur adj. (austur) eastern, more easterly, most easterly.
 fagur, fegurri, fegurstur adj. beautiful, fair.
 falla, féll, féllum, fallinn stv.7 fall.
 farvegur stn.3 (river) bed.
 fegurð stf.2 beauty.
 flytja, flutti, fluttur vv.1 move; deliver (a speech).
 forn, forn, forn adj. ancient, old.

foss stn.1 waterfall.
 fyrir neðan adv. down below.
 fæði stn. (kvæði) food.
 gamall, eldri, elstur adj. old.
 gistihús stn. hotel, inn.
 gjá, gjár, gjár stf.3 chasm, gorge.
 gjárbakki wm.1 bank, brink of a gorge.
 greiði wm.1 favor, good turn, service.
 heldur conj. but.
 hentugur, -ugri, -ugastur adj. practical, handy.
 hins vegar adv. on the other hand.
 hljóðbær, -ari, -astur adj. carrying sound; h-t er sound is easily carried.
 hylja, huldi, hulinn vv.1 cover.
 Íslendingur stn.1 Icelander.
 kunna, kann, kunni, kunnað pres. v. know how to, with inf.
 lágur, lægri, lægstur adj. low.
 leggja, lagði, lagður vv.1 lay, lay out.
 liggja, lá, lágum, leginn stv.5 lie; lead.
 lög stn.pl. law (s).
 Lögberg stn. 'Law Rock.'
 lögsögumaður stn.4 law-speaker; see segja.
 margur, fleiri, flestur adj. many, more, most.
 meðan conj. while.
 merkur, merkari, merkastur adj. important, significant.
 meta, mat, máttum, metinn stv.5 value, esteem.
 miklu lægri much lower. S. III, 4, 5.
 náttúrufegurð stf.2 beauty of nature.
 niður í prep. with acc. down into.
 norður stn. north; í norðri in the north, to the north.
 Norðurálfa wf.1 Europe.
 nútímamenn stn.4 modern men.

ofan á, -i preps. with acc. down onto, into.
 prestssetur stn. (hreiður) parsonage.
 ryðja, ruddi, ruddur vv.1 clear (a road), excavate (a river bed).
 ræða wf.1 speech.
 saga wf.1 history.
 sanngjarn, -gjarnari, -gjarnastur adj. fair (price).
 segja, sagði, sagður vv.3 say; s. upp lög recite, proclaim the laws; this was the duty of the old law-speaker (lögsögumaður).
 selja, seldi, seldur vv.1 sell.
 setja, setti, settur vv.1 set, establish.
 sjóndeildarhringur stn.2 horizon.
 Skjaldbreiður stn. 'Broad Shield,' a mountain.
 staðhættur stn.3 usually in pl. qualities of a place.
 staður stn.3 place.
 suður um prep. with acc. south across, over.
 sumardagur stn.1 summer day.
 sunnan prep. with gen. (to the) south of.
 sögn stf.2 (gjöf) story, (hear)say.
 telja, taldi, talinn vv.1 count; consider. S. VI, 11, 4.
 tilkomumikill, -meiri, -mestur adj. grand, impressive.
 um prep. with acc. over across.
 Valhöll stf.2 'Valhall,' the hall of Odin; name of a hotel.
 vatn stn. water; lake.
 vegur stn.3 way, road.
 velja, valdi, valinn vv.1 select.
 verð stn. price.
 vestri, vestastur adj. (vestur) western; more westerly, most westerly.
 við prep. (1) with acc. at: austan við east of; úti við out near; (2) with dat. against, for: við góðu verði for a good-price.
 víður, víðari, víðastur adj. wide.
 vís, vísari, vísastur adj. wise, certain; að visu according to what is certain, to be sure.
 vit stn. intelligence; hafa v. á e-u be a judge of something.
 völlum stn.3 plain, field.
 yfir prep. with acc. over, across.
 þekja, þakti, þaktur, þakinn vv.1 cover, thatch.
 þing stn. meeting, convention of the people, thing; congress, parliament.
 Þingheimur stn.1 assembly, the people participating in a þing.
 Þingvallavatn stn. 'Lake of Thingvellir.'
 Þingvellir stn.3 pl. 'Plains of the Thing.'
 Övará stf.1 'Axe River.'

Translate into Icelandic:

Have you ever been at (á with dat.) Þingvellir? It is a most beautiful (hinn fegursti) place. It is also a most important place in the history (í sögu) of the country (landsins). There the Icelanders established the Alþingi more than 1000 years ago (fyrir meira en þúsund árum). The lawspeaker proclaimed the law from the Law Rock, while the people covered the slope and the plains below. Alþingi is considered the oldest national assembly (þing) in Europe; it is much older than the British (brezka) Parliament (þingið). It has therefore been called (kallað) the grandmother of parliaments (amma þinganna).

14.

Normal present endings of strong verbs and weak verbs of the first class: Sg. 1 —, 2 -ur, 3 -ur; Pl. 1 -um, 2 -ið, 3 -a.

Preterite present verb *vita*: In. VII, 5, 1.

Indefinite pronouns *annar, enginn, hver, nokkur*: In. VI, 6, 2(b), (c), and (g), and S. IV, 6, 3, 8, 11, 16.

Numerals: In. V, 1, 2 and 3, 7.

Æfing. Hvað er framorðið?

Hvað er framorðið? Hvað er klukkan? Klukkan er eitt (tvö, þrjú, fjögur, fimm, o. s. frv.). Klukkan er farin að ganga tvö; hún er langt gengin tvö; hún er kortér gengin (til) tvö. Klukkan er eitt; hún er tíu mínútur yfir eitt (= tíu mínútur gengin tvö); hún er fimmtán mínútur yfir eitt (= kortér yfir eitt = kortér gengin tvö); hún er tuttugu og fimm mínútur yfir eitt (= hana vantar fimm mínútur í hálf tvö). Klukkan er rétt hálf tvö. Hún er fimm mínútur yfir hálf tvö; hana vantar kortér í tvö. Á klukkum og úrum er hvít skifa með svörtum tölustöfum; þau hafa líka vis^(ir)a; litli vísirinn bendir á stundirnar, langi vísirinn á mínúturnar. Á flestum klukkum og úrum, jafnvel armbandsúrum, er líka sekúnduvísir.

Í gamla daga, þegar hvorki voru til úr né klukkur, urðu menn að fara eftir sólinni; þegar hún var í hádegisstað eða hásuðri, vissu menn, að klukkan var tólf; þá var, með öðrum orðum, hádegi. Í þá daga var deginum skift í átta eyktir; svaraði hver eykt til þriggja stunda nú. Næsta eykt eftir hádegi var nón, klukkan þrjú, þá miðaftan, eða miður aftan, klukkan sex, þá náttmál, klukkan níu, miðnætti, klukkan tólf að nóttu, þá ótta, klukkan þrjú, þá rismál, klukkan sex, og loks dagmál, klukkan níu að morgni. Öll þessi heiti, nema ótta, og kannske rismál og náttmál, eru enn algeng í sveitum á Íslandi.

Þegar menn vissu ekki nákvæmlega, hvað tímanum leið, urðu menn að gízka á: það er nokkru (skömmu, rétt) fyrir (eftir) hádegi. Það er komið fram undir hádegi, það er komið yfir hádegi. Það stendur á hádegi, sögðu þeir, sem voru vissir í sinni sök. Aðrir sögðu: það var um hádegisbilið, um hádegisleytið.

Menn skifta oft deginum í fyrir og eftir hádegi (f. h., e. h.); morgunn heitir fyrir hádegi, eftirmiðdagur eftir hádegi, en kvöld eftir klukkan sex. Ég svaf vel í nótt, fór á fætur snemma í morgun, át morgunverð klukkan níu, (miðdagsmat) um hádegi. Ég fór í heimsókn síðdegis og drakk (miðaftanskaffi) hjá kunningja mínum. Ég ætla að borða kvöldmat klukkan sex til sjö, en í kvöld ætla ég í leikhúsið. Svo vonast ég til að sofa vel í nótt.

að conj. that.
að morgni in the morning.
aftan(n) stm.1 (himinn) evening.

algengur, -geng, -gengt adj. common.
armband stn. bracelet.
armbandsúr stn. wrist watch.

benda, benti, bent vv.2 b. á point to, show.

borða, -aði, -aður vv.4 eat, have a meal.

dagmál stn.pl. nine in the morning.

dálítið adv. a little.

drekka, drekkur, drakk, drukkum, drukkinn stv.3 drink.

eftir prep. with acc. after.

eftirmiðdagur stm.1 afternoon (pronounced *ettirmiðdagur*); the word is common in towns, but not as good as *eftir hádegi, seinni hluti dags*.

éta, étur, át, átum, étinn stv.5 eat.
eykt stf.2 a period of three hours, the old Latin *hora*.

fara á fætur get up; f. í rámið go to bed.

fara eftir e-u go according to something, follow something.

fram adv. forth; f. undir prep. with acc. up to; f. yfir prep. with acc. over, past (a certain time).

framorðið adj.n. advanced (of time); hvað er f. what time is it.

fyrir prep. with acc. before (of time).
ganga, gengur, gekk, gengum, genginn stv.7 (of clocks) go, run; klukkan er farin að ganga tvö it is past one o'clock; langt gengin tvö near two. Cf. S. VI, 5.

gízka, -aði, -að vv.4 guess (á e-ð) something.

hádegi stn. (kvæði) noon.

hádegisbil stn. =

hádegisleyti stn. about noon.

hádegisstaður stm.3 the place where the sun is at noon; south.

hálf- half; hálf tvö 1:30 or 1½. Likewise: hálf þrjú 2:30, fjögur 3:30.

Note the indeclinable neuter!

hásuður stn. (hreiður) due south.
heimsókn stf.2 visit; fara í h. to visit.

heiti stn. name, term.

hvorki . . . né neither . . . nor.

í prep. with acc (of time) í gamla daga in the old days, of old; í morgun this morning; í dag today; í kvöld tonight; í nótt tonight, last night.

klukka wf.1 clock; k-an þrjú three o'clock.

koma, kemur, kom, komum, kominn stv.4 come; (of time) pass, advance það er komið fram undir hádegi it is almost noon.

kortér stn. quarter of an hour.

kunningi wm.1 acquaintance.

kvöld stn. evening.

kvöldmat (verður) stm.3 supper.
leikhús stn. theater; í l-ið to the th.

liða, liður, leið, liðum, liðinn stv.1 pass (of time); hvað liður tímanum? what time is it?

loks adv. finally.

miðaftan(n) stm.1 or stn. four to six o'clock.

miðaftanskaffi stn. afternoon coffee; commonly in the towns called *eftirmiðdagskaffi* (not so good).

miðdagsmat stv.3 lunch (at twelve to one), dinner.

miðdagur stm.1 dinner (at six) (pronounced *miðdagur*).

miðnætti stn. (kvæði) twelve at night, midnight.

miður, mið, mitt adj. (acc. *miðjan*) mid-.

miður adv.comparative: less; því m. unfortunately.

minúta wf.1 minute.

morgunmat (verður) stm.3 breakfast.

nákvæmlega adv. exactly.

náttmál stn.pl. nine in the evening.
nema conj. except.

nón stn. three in the afternoon. This was the original time for noon, even in England, where noon was later advanced three hours to accommodate hungry monks.

nótt stf.3 night, að n-u at n.

næstur, næst, næst adj. next, nearest.
orð stn. word; með öðrum orðum in other words.

óttu wf.1 three o'clock in the morning.
rétt adv. just, exactly.

rismál stn.pl. six in the morning; time to rise.

sekúnda wf.1 second.

sekúnduvísir stm.1 secondhand.

siðdegis adv. in the afternoon.
skammur, skömm, skammt adj. short, neuter used as noun: a short while. Concerning the dative, see S. I, 3, 2, 5.
skífa wf.1 dial, face.
skifta, skifti, skiftur vv.2 divide (*e-u* i *e-ð* sth into sth).
sofa, sefur, svaf, sváfum, soft stv.4 sleep; *fara að* s. go to sleep.
sól stf.2 sun.
standa, stendur, stóð, stóðum, staðinn stv.6 stand; impers. be exactly.
svara, -aði, -að vv.4 answer; *s. til* correspond to.
sök stf.2 matter, thing; cf. *viss* below.
tala, -aði, -aður vv.4 speak (*um* about).
tölustafur stm.2 cipher, numeral.
um prep. with acc. about, circa.
úr stn. watch.

vanta, -aði, -að vv.4 impers.v. with double acc.: lack; *hana vantar kortér í tvö* it is quarter of (to) two.
vasaúr stn. pocket watch.
vera til exist.
verða stv.3 must, have to.
vísir stm.1 (*læknir*) hand (on a clock).
viss, viss, viss adj. certain; *vera v. í sinni sök* be certain (positive) about something.
vita, veit, vitum, vissi, vitað pret. pres.v. know.
vona, -aði, -að vv.1 hope; *vonast* (middle voice) til hope, expect.
yfir prep. with acc. over, past.
þá adv. then . . . then (in enumerating things).
ætla, -aði, -aður vv.4 be going to, intend to.

Translate into Icelandic:

What time is it? what o'clock is it? It is one, two, etc. o'clock. It is five minutes past twelve; it is quarter past two; it is twenty minutes past three; it is half past four; it is quarter of five; it is five o'clock. Do you have a wrist watch? No, I have only a pocket watch (*vasaúr*). When did you rise this morning? I rose at seven o'clock. And when did you have (*borðuðuð þér*) breakfast? I had breakfast at nine, lunch at twelve, afternoon coffee at four, and I am going to have supper at six or seven. Tonight I shall go (am going) early to bed (*fara . . . í rúmið*), read a little (*lesa dálítið*) and go to sleep. But I am going to the theater with my mother and sister; they live (*búa*) in the country (*uppi í sveit*), but they came for a visit (*í heimsókn*) today.

15.

Strong verbs with unchanged vowels in the present: *i, í, e, ei*.

Verbs of the first (*i*), third (*e, í*), fourth and fifth (*e, í*), and the seventh (*ei*) classes: In. VII, 2; VII, 4, 2.

Normal endings: Sg. 1 —, 2 -ur, 3 -ur; Pl. 1 -um, 2 -ið, -a.

The meaning of the present tense: S. VI, 2, 1.

Indefinite pronouns (*annar, neinn, nokkur*): S, IV, 6.

Æfing. Samtal.

Björn er í Menntaskólanum, Anna systir hans í Kvennaskólanum. Í dag verður Björn átján ára, svo þetta er afmælið hans. Þau

systkinin eru að tala saman. B.: Hvað gefur þú mér í afmælisgjöf? A.: Ég gef þér ekki neitt! B.: Þú getur nú ekki verið þekkt fyrir það, fyrst þabbi og mamma gefa mér úr, og Siggri bróðir gefur mér skáldsögu. A.: Til hvers er það, þú lítur aldrei í bók. B.: Lítt ég aldrei í bók! Ég, sem les frá morgni til kvölds. A.: Já, en þú lest aldrei annað en kennslubækurnar. B.: Víst les ég aðrar bækur, ég les þær á kvöldin í rúminu, meðan þú sefur. A.: Og svo geturðu aldrei komizt á fætur á morgnana!

B.: Jæja, tíminn líður; eigum við ekki að hætta þessu rífrildi? Ég verð að fara upp á (bóka)safn. A.: Ef þú biður mig vel. B.: Auðvitað bið ég þig vel, og heyrðu mig, geturðu gefið mér að drekka? A.: Hvað drekkur þú, mjólk eða vatn? B.: Ef þú finnur mjólk í búrinu, þá drekk ég hana heldur. A.: Gerðu svo vel. En nú mátt þú til með að koma með mér í leikhúsið í kvöld, og ef þú situr of lengi uppi á safni, þá sit ég heima. B.: Af hverju ætlar þú í leikhúsið í kvöld? A.: Til að sjá hann Harald leika, hann leikur bara í kvöld. B.: Jæja, þú biður þá eftir mér. A.: Já, og ég skal meira að segja hafa afmælisgjöfina til handa þér í kvöld, ef þú kemur með mér. B.: Vertu bless(uð)! A.: (Sæll og bless(aður)!

á prep. with acc. (1) onto, into; *upp á safn* up to the library; (2) at a certain time, in: *á kvöldin, morgnana* in the evening, morning; (3) with dat. *á safni* in the library.
afmæli stn. (*kvæði*) birthday, anniversary (pronounced *ammæli*).
afmælisgjöf stf.2 birthday present.
átján num. eighteen.
auðvitað adv. of course (literally: easily known).
biða, biður, beið, biðum, beið stv.1 wait; *b. eftir* wait for.
biðja, biður, bið, biðum, beiðinn stv. 5 ask, pray, request. Cf. In. VII, 4, 2, (b) 2.
blessaður, blessuð, blessað pp. of *blessa* vv.4 bless. Used in greetings between friends, also abbreviated: *bless; komdu bless(aður)* hello, how do you do; *vertu b.* goodbye.
bók stf.3 book.
(bóka)safn stn. library.
búr stn. pantry.
drekka, drekkur, drakk, drukkum, drukkinn stv.3 drink.
eða conj. or.
eftir prep. with dat. after; for.
finna, finnur, fann, fundum, fundinn stv.3 find.
fótur stm.4 foot; *komast á fætur* get up.
frá prep. with dat. from.
fyrir prep. with acc. for.
fyrst conj. since.
gefa, gefur, gaf, gáfum, gefinn stv.5 give (*e-m e-ð* sbdy sth).
gera, gerði, gerður vv.2 do; *gerðu svo vel* literally: do so well (as to); please.
geta, getur, gat, gátum, getað stv.5 be able to. Takes a past. part.
hafa til (tilbúinn) have ready.
handa prep. with dat. for.
hann Haraldur cf. S. IV, 1, 4.
heldur adv. rather, preferably.
heyrðu mig listen!
hætta, hætti, hættur vv.2 cease.
í prep. with acc. (1) *í bók* into a book; (2) *í gjöf* as a gift.

jæja interj. well.
kennslubók stf.3 textbook.
komast middle voice of *koma*; get.
kvennaskóli wm.1 school for girls;
 high school for girls.
leika, leikur, lék, lékum, leikinn stv.
 7 play, act.
lesa, les, las, lásam, lesinn stv.5 read;
 second person *lest*; cf. In. VII, 4,
 2(a), 2b.
liða, liður, leið, liðum, liðinn stv.1
 pass (of time).
lita, lítur, leit, litum, litinn stv.1
 look.
menntaskóli wm.1 gymnasium, college.
mega til (með) must, have to.
mikill, -il, -ið; meiri, mestur adj.
 great; more, most; *meira að segja*
 even, believe it or not.
mjólk stf.3 milk.
nemandi wm.2 student, pupil.
nú adv. referring to the whole sent-
 ence, marking a transition: now,
 really, you cannot do that.

Translate into Icelandic:

Who is Björn? He is a student (*nemandi*) in the Gymnasium. And who is Anna? His sister and a student in the High School for Girls. What are they doing? Speaking [together] about (*um*) the birthday present, which Anna is to (*á að*) give Björn. Is she giving him anything (translate: does she give . . . *nokkuð*)? Not yet. Are his parents giving him anything (= do his parents give . . .)? Yes, they are giving (= they give) him a watch. Are you (*þú, þér*) giving (= do you give) him anything? No, nothing at all (*alls ekkert*). Björn is thirsty, he asks his sister for (*um*) a drink (*að drekka*). What does he drink? Milk. What do you drink? Water. We, too, ask for a glass of (*glas af*) water. If you (*þú, þér*) ask Anna for a glass of water, she will give (*þá gefur hún*) it to you. No, I shall wait (= I wait) no longer (*ekki lengur*).

16.

Numerals. Cardinals. In. V, 1 and 2.

Dative of difference: S. I, 3, 2, 5.

Genitive of measure or description: S. I, 4, 2.

Passive of verbs: present and preterite: S. VI, 1, 3; VI, 8.

Æfing. Tímatal.

Eitt dægur er tólf klukkutímar, tvö dægur eru einn sólarhringur

eða tuttugu og fjórir tímar. Stundum er dagur notaður í sömu merkingu og sólarhringur. Ein vika er sjö dagar; vikudagarnir heita sunnudagur, mánudagur, þriðjudagur, miðvikudagur, fimmtudagur, föstudagur, laugardagur. Ef þriðjudagur er í dag, þá var mánudagur í gær, sunnudagur í fyrradag, laugardagur daginn fyrir í fyrradag, en á morgun er miðvikudagur og fimmtudagur hinn daginn. Ég svaf yfir mig í morgun, í dag ætla ég að kaupa mér vekjaralukku til þess að vekja mig á réttum tíma á morgun (með morgninum).

Tólf mánuðir eru í einu ári, þeir heita janúar, febrúar, marz, apríl, maí, júní, júlí, ágúst, september, október, nóvember, desember. Hvað ert þú gamall? Ég er fjórutíu og fimm ára. Hvenær ertu fæddur? Niunda júní 1897. Hvenær varstu fermdur? Þegar ég var fjórtán ára. Og hvenær giftist þú? Tuttugasta og sjötta ágúst 1935. Hvað eru börnin gömul? Bjössu er fjöggra og Sigga tveggja ára.

Árstíðirnar eru vetur, sumar, vor og haust. En Íslendingar skifta líka árinu í tvö misseri: vetur og sumar, og er sumardagurinn fyrsti allmikill hátíðisdagur á Íslandi, hann ber jafnan upp á fimmtudag. Sumarið er tuttugu og sex vikur og endar á miðvikudegi. Vetur byrjar næsta laugardag. Verða þá milli sumars og vetrar nokkrir dagar, sem nefndir eru veturnætur. Sumarmál eru kallaðir dagarnir milli vetrar og sumars á vorin. Frá miðjum vetri hér um bil eru taldir þrjú mánuðir þrítugnættir til sumars, þeir heita þorri, góa og einmánuður. Harpa heitir fyrsti mánuður í sumri. Um allt þetta má lesa í íslenska almanakinu.

Íslenska tímatalið er einkum notað í sveitum. Bændur rýja kannske ærnar í tíundu viku sumars og fara að slá, þegar tólf vikur eru af (sumri). Það fer eftir tíðarfari. Það er og gamall siður í sveitum að telja aldur dýra og jafnvel manna í nóttum og vetrum fremur en í dögum og árum.

af adv. or prep. with dat. off, passed of.

af því að conj. because.

ágúst m.indecl. August.

aldur stn.1 (*akur*) age.

allmikill, -il, -ið adj. rather im-
portant.

almanak stn. calender.

apríl m. indecl. April.

árstíð stf.2 season.

auðvitað adv. of course.

bað stn. bath.

bera, ber, bar bárum, borinn stv.4

bear; *b. upp á* coincide with
(impers. with two acc.).

byrja, -aði, -aður vv.4 begin.

daginn fyrir the day before.

desember m.indecl. December.

dægur stn. (*hreiður*) twelve hours,
night or day.

einkum adv. especially.

einmánuður stn.3 March-April, last
month of winter.

eins adv. alike.

enda, -aði, -aður vv.4 end.

fara eftir go according to.

fasta wf.1 fast.
febrúar m.indecl. February.
ferma, fermði, fermdur wv.2 confirm (a child).
fimmtudagur stm.1 Thursday.
fremur en rather than.
fyrradagur stm.1 day before yesterday; *i f-g* the day . . .
fæða, fæddi, fæddur wv.2 bear (a child), feed, bring up.
föstudagur stm.1 Friday.
gifta, gifti, giftur wv.2 marry (transitive: a father marries his daughter, a parson marries the couple), *giftast* marry (take a husband or wife).
góa wf.1 February-March, last but one month before summer.
harpa wf.1 April-May, first month in summer.
hátið stf.2 festival, feastday.
hátiðisdagur stm.1 the same.
haust stn, autumn, fall.
hérumbíl, hér um bíl adv. about, ca.
hinn daginn the day after tomorrow.
i prep. with acc. *i dag* today, etc.
jafnan adv. always.
janúar m.indecl. January.
júlí m.indecl. July.
júní m.indecl. June.
kaupa, keypti, keyptur wv.2 (irreg.) buy; *k. sér* buy (for oneself).
klukkutími wm.1 hour = *stund*.
laug stf.1 bath.
laugardagur stm.1 Saturday.
maí m.indecl. May.
mál stn. language.
mánudagur stm.1 Monday.
mánuður stm.3 month.
marz m.indecl. March.
með prep. with dat. *með morgninum* first thing in the morning.
merking stf.1 significance, meaning.
miður, mið, mitt adj. mid-, in the middle of.
miðvikudagur stm.1 Wednesday.
misseri stn. (*kvæði*) half-year, semester.
nafn stn. name.

nota, -aði, -aður wv.4 use.
nóvember m.indecl. November.
og adv. also.
og conj. samur . . . og same as.
október m.indecl. October.
réttur, rétt, rétt adj. right, correct.
ríjja, rjú, ráði, ráinn wv.1 shear (the sheep).
samur, söm, samt adj. pronoun of identity: same. S. IV, 3, 5.
september m.indecl. September.
siður stm.3 custom.
skrifa, -aði, -að wv.4 write.
slá, slær, sló, slógum, sleginn stv.8 strike; mow (grass).
sofa yfir sig oversleep.
sólarhringur stm.2 day and night, twenty-four hours.
stafur stm.2 letter.
stundum adv. sometimes.
sumar stn. summer; *i s-ri* of the s.
sumardagur stm.1 summer day; *s-inn fyrsti* the first day of summer. Cf. S. II, 7.
sumarmál stn.pl. a few days before the first day of summer.
sunnudagur stm.1 Sunday.
telja, taldi, talinn wv.1 count (*i in*).
tiðarfar stn. weather conditions.
tímatal stn. chronology.
tími wm.1 hour; time, *á réttum t-a* at the right t.
vekja, vakti, vakinn wv.1 awaken.
veklaraklukka wf.1 alarm clock.
verða þá then there will be.
vetur stm.4 winter.
veturnætur a few days before the first day of winter.
vika wf.1 week.
vikudagur stm.1 weekday.
vikulok stn. end of the week.
vor stn. spring; *á vorin* in spring.
þorri wm.1 January-February, the first month after midwinter.
þriðjudagur stm.1 Tuesday.
þrítugnættur, -nætt, -nætt adj. having thirty nights.
ær stf.3 ewe.

Translate into Icelandic:

In Icelandic (*á íslensku*) the names of days and months are not

written (*skrifuð*) with capitals (= big letters *stórum stöfum*) as in English. The names of the months are otherwise (*annars*) the same, but the names of the days are to some extent (*að nokkru leyti*) different (*ólik*). Sunday and Monday are alike (*eins*) in both languages (*mál-unum* with the definite article). Tuesday is called the third day, of the week of course (*auðvitað*). Wednesday is so called (*kallaður það*), because (*af því að*) it is in the middle (*i miðri*) of the week. Friday is fast (*föstu*) day, because then people were not allowed (*fólki var ekki leyft*) to eat meat. Saturday was called the day of bathing, because people took their baths (*fólk þótt það eða laug*) at the end of the week (*i vikulokin*).

17.

Strong verbs with i-shifted vowels in the present singular: *a-e-ö, á-æ, o-e, jó-ý, jú-ý, au-ey, ja-e-jö* (Pr. 5, 2).

Verbs of the second (*jó, jú-ý*), third (*ja-e-jö*), sixth (*a-e-ö*), and seventh (*a-e-ö, á-æ, au-ey*) classes. In. VII, 2; VII, 4, 2.


Normal endings: Sg. 1 —, 2 -ur, 3 -ur; Pl. 1 -um, 2 -ið, 3 -a.

Æfing. Sjóferð.

Peir Siggí og Nonni ætla að róa á sjó. Nonni á lítinn bát, sem stendur niðri í fjöru. Þar standa líka margir aðrir bátar. Nonni býður Sigga að fara með sér á sjóinn; “ég ræð ekki við bátinn einn,” segir hann. Siggí tekur boðinu með þökkum; þeir ganga niður að bátunum; Nonni fer að líta eftir árunum, en Siggí gáir til veðurs. “Hvað heldur þú um veðrið?” segir Nonni. “Það verður gott, held ég,” segir Siggí, “hann dregur nú samt upp bliku í suðrinu.” “Við höldum þá af stað,” segir Nonni. Svo taka þeir skorðurnar undan bátnum og skjóta honum á flot. Siggí hleypur fyrst upp í bátinn, Nonni stekkur á eftir honum. Nú flýtur báturinn, drengirnir setja sig niður á þóftunum, taka til ára og róa út á sjó. Peir róa fram hjá æðarkollum; þær eru spakar og fljúga ekki upp; þær fljóta eins og korkar á öldunum. Drengirnir láta þær eiga sig. Einn máfur flýgur eftir bátnum; þeir láta hann líka vera. Nú koma þeir út á miðið, hætta að róa og renna færum í sjó. Þeim gengur vel, þeir draga þorsk og ýsu. Nonni dregur líka eina spröku, þá er báturinn hlaðinn. “Nú drögum við ekki meira,” segir hann, “heldur höldum í land.” Svo róa þeir í land og skifta milli sín fiskinum. Hvor um sig heldur á stórri fiskkippu í hendinni, þegar þeir ganga heim neðan úr fjörunni.

TEXTS I

- á eftir* adv. and prep. with dat. after.
af prep. with dat. from; *af stað* away, from the place.
alda wf.1 wave.
ár stf.1 oar.
bjóða, *býður*, *baud*, *buðum*, *boðinn* stv.2 offer (*e-m e-ð* sbdy sth.).
blíka wf.1 a cover of clouds.
boð stn. offer.
draga, *dregur*, *dró*, *drógum*, *dreginn* stv.6 draw; *hann dregur upp blíku* the sky is becoming overcast; *d. fisk* pull up fish.
eftir prep. with dat. after.
ég . . . einn I . . . alone.
eiga sig only after *láta*, which see.
fara, *fer*, *fór*, *fórum*, *farinn* stv.6 (1) go; (2) with infinitive: begin.
fiska, *-aði*, *-að* vv.4 to fish.
fiskkipa wf.1 a bunch (mess) of fish.
fiskur stm.1 fish.
fjara wf.1 shore, beach, ebb.
fjóta, *fjótur*, *flaut*, *flutum*, *flotinn* stv.2 float.
fjúga, *fjúgur*, *flaug*, *flugum*, *floginn* stv.2 fly.
flot stn. floating; *á flot* afloat.
What ideas do foreigners have about Iceland? Most people (*flestir*) know naturally (*náttúrlega*) very little about it, but from its name they draw (*af nafninu draga þeir*) the (*þá*) wrong conclusion (*ályktun*) that it is an arctic country. They think that it is covered with snow and ice, and quite a few (*þó nokkrir*) have the mistaken (*þá röngu*) idea that it is inhabited by Eskimos. Do you believe these stories? I have never believed them, though I have often heard them. It is, however, obvious what is (*hver sé*) the reason for them (*ástæðan fyrir þeim* or *orsök þeirra*). Greenland is inhabited by Eskimos, and Greenland is very near to Iceland. But although it is not far between the countries, there has (*hafa*) for centuries (*svo öldum skiftir*) been no (*ekki . . . neinar*) intercourse (*samgöngur*) between them. The Eskimos have never come to Iceland, though Greenland was settled (*væri numið*) by Icelanders in the tenth century.

25.

Imperative with the second person pronoun attached (cf. Pr. 4, 4) is common in written and spoken language, but not used in elevated style (Bible etc.): In VII, 4, 6; S. VI, 10.

Endings: Sg. 2 none in all verbs except: third class weak *-(i)* and fourth class weak always *-a*. Pl. 1 *-um*, 2 *-ið*.

Æfing. Heilræði Benjamíns Franklins.

Sparneytni: Borðaðu aldrei svo mikið, að starf þitt verði þér erfiðara á eftir, og drekktu aldrei svo mikið áfengi, að þú verðir kenndur. Þagmælska: Segðu aðeins það, sem þú eða aðrir hafa gagn af, en hafðu ekki orð á því, sem er einiskis vert, eða öðrum til skaða. Reglusemi: Láttu hvert verk hafa sinn tíma og hvern hlut sinn stað. Ákvörðun: Einsettu þér að gera það, sem skyldan krefur, og framkvæmdu nákvæmlega það, sem þú hefur einsett þér. Sparsemi: Neitaðu þér um útgjöld, sem hvorki verða þér né öðrum að sönnu gagni. Eyddu engu til ónýtis. Iðjusemi: Eyddu aldrei tímanum til ónýtis, vertu sívinnandi að því, sem þér og öðrum er til gagns. Hreinskilni: Vertu ráðvandur og hreinn í huga og talaðu samkvæmt því. Réttlæti: Gerðu það ekki öðrum, sem þú vilt ekki, að þér sé gert. Dæmdu ekki aðra hart. Jafnlyndi: Vertu ekki reiðigjarn né hefningjarn. Stilltu þig, þegar þér virðist aðrir gera á hluta þinn. Temdu þér glaðlyndi og jafnaðargeð. Vertu stilltur í mótgangi. Hreinlæti: Forðastu óhreinindi á líkama þínum, á fötum þínum, á heimili þínu. Auðmýkt: Reyndu að líkjast Jesú.

In the above (1) eliminate the attached second person pronoun (*borða, seg, etc.*), (2) substitute the second person plural pronoun or the honorific plural (*borðið þið, þér . . . starf ykkar, yðar, etc.*), (3) substitute the first person plural pronoun (hortative: *borðum . . . starf okkar, etc.*).

<i>á eftir</i> adv. afterwards.	<i>glaðlyndi</i> stn. cheerfulness, sunny disposition.
<i>af</i> prep. with dat. from, by.	<i>hart</i> adj.n. used as adv. harshly.
<i>áfengi</i> stn. intoxicating drinks.	<i>hefnigjarn, -gjörn, -gjarnt</i> adj. revengeful.
<i>ákvörðun</i> stf.2 resolution.	<i>heilræði</i> stn. wholesome advice, wise counsel.
<i>auðmýkt</i> stf.2 humility.	<i>heimili</i> stn. home.
<i>dæma, dæmdi, dæmdur</i> vv.2 judge.	<i>hluti</i> wm.1 part, lot; <i>gera á h-a e-s</i> wrong one.
<i>einsetja, -setti, -sett</i> vv.1 e. sér determine (for oneself).	<i>hlutur</i> stm.3 thing.
<i>erfiður, -ið, -itt</i> adj. difficult.	<i>hreinlæti</i> stn. cleanliness.
<i>eyða, eyddi, eyddur</i> vv.2 spend (<i>e-u</i>).	<i>hreinn, hreinni, hreinastur</i> adj. clean.
<i>fara með</i> read, say (a prayer).	<i>hreinskilni</i> wf.2 sincerity, candor.
<i>forða, -aði, -að</i> vv.4 save; <i>forðast</i> middle voice: avoid.	<i>iðjusemi</i> wf.2 industry.
<i>framkvæma, -kvæmdi, -kvæmdur</i> vv.2 carry out.	<i>jafnaðargeð</i> stn. even temper.
<i>gagn</i> stn. gain, advantage; <i>hafa g. af</i> gain by; <i>vera til g-s</i> be advantageous.	<i>jafnlyndi</i> stn. equanimity, even temper.
<i>gera, gerði, gerður</i> vv.2 do; <i>g. e-m e-ð</i> do something to somebody.	<i>Jesús, Jesú</i> stm. pers. name.
	<i>kenndur</i> adj. (slightly) tipsy.

krefja, krafði, krafður vv.1 demand.
kunna e-ð know something.
líkami wm.1 body.
líkjast, líktist, líkzt vv.2 be similar to (e-m).
mótgangur stm.1 adversity.
nákvæmlega adv. exactly.
neita, -aði, -að vv.4 n. e-m um e-ð deny somebody something.
óhreinindi stn.pl. dirt.
ónífi stn. a useless thing; *til ós* in vain, for no purpose.
orð stn. word; *hafa o. á e-u* mention something.
ráðvandur, -vönd, -vant adj. honest.
reglusemi wf.2 orderliness, regularity.
reiðgjarn, -gjörn, -gjarnt adj. hot-tempered, irascible.
réttilæti stn. justice.
reyna, reyndi, reyndur vv.2 try.
samkvæmt adj.n. with dat. according to.
sannur, sönn, satt adj. true.
sí-vinnandi pres.part. continually working.
skaði wm.1 detriment, harm.
skylda wf.1 duty.
sparneytni wf.2 frugality.
sparsemi wf.2 thrift, economy.
starf stn. work.
stilla, stillti, stilltur vv.2 calm; s. *sig* calm, control oneself.
stilltur, stillt, stillt adj. calm, quiet.
temja, tamdi, taminn vv.1 tame; t.

Translate into Icelandic:

Even Icelanders know (*kunna*) the wise counsels of Benjamin Franklin. Do you (*þú, þér* etc.) know them? If not, read them and learn them. Here are some of them: Do not eat too much; do not drink intoxicating liquors; do not say anything that may (*kanna*) harm (*að skaða e-n* or *að verða e-m til skaða*) anybody; let every task have its appointed hour (*sína ákveðnu stund*), and if you have determined to do something, carry it out. Do not spend too much; be honest; don't judge others; be calm and clean in body and spirit (*á sál og líkama*).

Do you (*þú, þér*), perhaps, know the Lord's Prayer (*faðirvorið*) in Icelandic? If not, learn it and say it (*fara með e-ð*) every evening. It is like this (*svona*):

Faðir vor, þú sem ert á himnum; helgist þitt nafn; til komi

þitt ríki; verði þinn vilji, svo á jörðu, sem á himnum; gef oss í dag vort daglegt brauð; og fyrirgef oss vorar skuldir, svo sem vér og fyrirgefum vorum skuldunautum; og eigi leið þú oss í freistni, heldur frelsa oss frá illu; því að þitt er ríkið, mátturinn og dýrðin að eilífu. Amen.

Note the interchange of imperative and present subjunctive in the Lord's Prayer.

26.

Preterite subjunctive endings: In. VII, 4, 5. Sg. 1 -i, 2 -ir, 3 -i; Pl. 1 -um, 2 -uð, 3 -u (-i).

Preterite subjunctive of *vera, hafa* (S. VI, 1, 2), the preterite present verbs (In. VII, 5, 1 and S. VI, 13), and other verbs.

Use of subjunctive in main sentences of suggestion, polite opinion, and question (S. VI, 9, 2, 2); in imaginary conditions (S. VI, 9, 3, 2), and in subordinate clauses (*að*-clauses etc. S. VI, 9, 4, 1).

Æfing. Ráðagerðir á sunnudag.

Anna: Hvað eigum við að gera í dag? Björn: Já, hvað ættum við að gera? Ef veðrið væri skárri, þá mundi ég leggja til, að við gengjum inn fyrir bæ og færum í laugarnar. A.: Já, það væri fyrirtak, en ég er hrædd um, að veðrið fari ekki batnandi. B.: Hvað gætum við þá gert? Ættum við að fara í Sundhöllina? A.: Það væri ekki svo afleitt, ef hún væri ekki alltof full af fólki. B.: Ætli börnin úr barnaskólanum séu þar í dag? A.: Það tel ég víst. B.: Hvað annað getum við gert? A.: Hvernig væri að fara í kirkju? B.: Hver messar? A.: Séra Bjarni. B.: Það væri nú svo sem ekkert á móti því að hlusta á séra Bjarna, en, eins og þú veizt, þá leiðist mér að fara í kirkju. A.: Við kynnum að geta farið á bíó. B.: Hvað ætli sé á bíó? A.: Það er mynd með Grétu Garbo. B.: Veiztu, hvaða mynd það er? A.: Nei, en ég hitti hana Stínu frænku í gær, og hún sagði mér, að myndin væri mjög skemmtileg, og að við skyldum fyrir alla muni ekki missa af henni. B.: Ég vildi (að) við gætum heldur farið út að labba; það er drepani að sitja inni á skrifstofu alla daga; og hvaða gagn er þá að því, þó maður fari á bíó og sitji þar? A.: Nei, nú man ég, að ég hitti Hrafnagilshjónin á götu í gær—hver hefði trúað því, að þau væru í bænum?—og þau vildu endilega, að við kæmum til þeirra sem fyrst. B.: Hjónin frá Hrafnagili! Hvað skyldu þau annars ætla sér að verða lengi í bænum? A.: Það veit ég ekki, en ætli okkur sé ekki best að nota daginn til að fara til þeirra? B.: Jú, það skulum við einmitt gera.

á móti *e-u* against sth.
að prep. with dat. in.
afleitur, *-leit*, *-leitit* adj. out of the question, impossible; *ekki svo a.* not so bad, quite good (litotes).
alltof adv. (all) too.
annar, önnur, annað indef. pron. *annað* else; *annars* adv. really.
barnaskóli wm.1 primary school, elementary school.
batna, *-aði*, *-aður* vv.4 get better, improve; *fara b-andi* be improving.
drepa, *drepur*, *drap*, *drápum*, *drepinn* stv.5 kill; *d-andi* intolerable.
einmitt adv. just.
endilega adv. by all means.
fara í laugar go into the swimming pool; *í kirkju* to church; *á bíó* to the movies.
fullur, *fullri*, *fullstur* adj. full; *f. af e-u* full of something.
fyrirtak stn. an excellent thing.
gagn stn. advantage, help; *það er g. að e-u* there is help in something; something helps, avails.
ganga go; walk.
gata wf.1 street.
Gréta, *-u* wf.1 pet name for *Margrét*.
hitta, *hitti*, *hitt* vv.2 meet.
hlusta, *-aði*, *-að* vv.4 listen (*á* to).
Hrafnagils-hjónin stn.pl. with art. the couple from *Hrafnagil* (a farm).
hræddur, *hrædd*, *hrætt* adj. afraid; *vera h. um* be afraid, fear that.
hvað annað what else.

Translate into Icelandic:

What do you (*þú*, *þér*) want to do today? Do you think (that) we ought to go out or stay at home? I would go out, if I knew when I could be back (*verið kominn aftur*). You ought to be able to be back before noon. Perhaps you had better (*kannske væri best fyrir þig (yður)*, *að*) stay at home and read the new book (that) you got yesterday. I wonder whether that is a good book. It should be; it is by (*eftir* with acc.) a well-known author (*höfund*). No, I think I would rather (*vildi heldur*) go out for a walk (*fara út að labba*). Where should I go? You could go out of the town until you come to the hot springs swimming pool. That would be

fine; I wonder whether anybody might be swimming there (*að synða þar*). Yes, somebody told me that the children were swimming there. Well, maybe I better go (*kannske ég fari heldur*) to the Swimming Hall. Yes, I think you could do that.

27.

The middle voice: In. VII, 4, 11; S. VI, 7.

Indirect speech: S. VI, 9, 5.

Æfing. Fagnaðarfundur.

Þau systkinin, Anna og Björn, höfðu ekki sézt um langan tíma. Anna var nýgift kona í Reykjavík, en Björn hafði verið utanlands við nám. Það varð því heldur en ekki fagnaðarfundur með þeim, þegar þau fundust niðri við skip. Það lá við, að þau færust á mis í þrönginni, sem myndast hafði á hafnarbakkanum, en þegar þau loksins hittust, þá heilsuðust þau með kossi. Anna sagði, að sér hefði leiðzt svo mikið, að ekkert hefði frétt af honum í langan tíma; hún sagðist alltaf hafa verið að búast við bréfi frá honum. Hún sagðist jafnvel hafa verið farin að óttast, að hann hefði kannske veikt snögglega, eða slysa; bísllys eru ekki lengi að vilja til nú á dögum. Björn kvaðst hafa verið að ferðast síðustu mánuðina, og hann þóttist ekki hafa komið til að skrifa—annars höfðu þau systkinin alltaf skrifast á. Hann sagðist hafa verið að vonast eftir því, að hann kæmist heim, áður en Anna giftist, en því miður hefði hann orðið of seinn. Nú skyldu þau flýta sér að komast heim til hennar, því hann væri að sálast úr forvitni að sjá nýja húsið hennar og vita, hvernig sér litist á það. Þetta reyndist vera nýttízkúhús með stórum, spegilskyggðum gluggum og einföldum stálhúsgögnum. Björn gat ekki nóg samlega dáðst að því öllu saman. Hann sagðist varla tíma að setjast í stólana eða leggjast í legubekkinn, allt væri svo fínt og fágáð. En Anna hélt, að það væri ekki of gott handa honum, enda fyndist sér hér allt fullt af ryki, hvernig sem hún hamaðist við að þurrka það af. Hann skyldi nú bara láta fara vel um sig, því nú ætlaði hún að skjótast fram í eldhús að hita þeim kaffi.

af prep. with dat. from; adv. off.

bísllys stn. automobile accident.

bráðlega adv. shortly, soon.

bréf stn. letter.

búa, *býr*, *bjó*, *þjuggum*, *búinn* stv.7 prepare; *búast við* expect (literally: prepare oneself for).

dá, *dáði*, *dáður* vv.3 admire; *dást að e-u* admire sth (midv.intr.).

dagur stn.1 nú á dögum nowadays.
einfaldur, *-föld*, *-falt* adj. simple.

enda conj. and . . . indeed.

fága, *-aði*, *-aður* vv.4 polish, cleanse.
fagnaðarfundur stn.3 happy meeting, happy reunion.

fara stv.6 go; *farast á mis* midv. recipr.: pass each other without meeting; *farast* intr. perish.
ferðast, -aðist, -ast wv.4 midv. only: travel.
finn, *fín*, *fínt*; *finni*, *finastur* adj. fine.
finna, *finnur*, *fann*, *fundum*, *fundinn* stv.3 find; *finnast* midv. recipr.: find each other, meet; *e-m finnast e-ð* it seems to somebody, somebody thinks, feels.
flýta, *flýtti*, *flýtt* wv.2 hasten, speed up, *f. sér* hasten, make haste.
forvitni wf.2 curiosity.
fram í out into.
frétta, *frétti*, *frétt* wv.2 hear (by asking); *fréttast* midv. pass. or intr.: be heard, be rumored.
gifta, *gifti*, *giftur* wv.2 marry; *giftast* midv. pass. or intr.: be married, marry.
hafnarbakki wm.1 quay.
hamast, -aðist, -ast wv.4 midv. only: *hamast við e-ð* work like a fury at something.
handa prep. with dat. for.
heilsa, -aði, -að wv.4 greet; *heilsast* midv. recipr. greet each other.
heldur en ekki rather than not (litotes = very great (ly)).
hita, -aði, -að wv.4 heat; *h. kaffi* make coffee.
hitta, *hitti*, *hittur* wv.2 hit, meet; *hittast* midv. recipr. meet each other (= *finnast*).
hvernig sem however much.
í prep. with acc. *í langan tíma* for a long time (= *um l. t.*).
koma stv.4 come; *komast* midv. intr. get (to a place); *k-ast til* find time to, get around to do sth.
koss stn.1 kiss.
kveða, *kveður*, *kvað*, *kvaðum*, *kveðinn* stv.5 say; *kveðast* midv. refl. followed by indirect speech with infinitive and nominative: *hann kvaðst vera latur* he said he was lazy.
láta fara vel um sig make oneself comfortable.
leggja, *lagði*, *lagður* wv.1 lay; midv.

refl.: *leggjast* 'lay oneself,' lie down.
leiðast, *leiðdist*, *leiðst* wv.2. midv. only: be bored, be sorry.
liggja, *liggur*, *lá*, *lágum*, *leginn* stv.5 lie; *það liggur við*, *að . . .* it almost happens that . . . , someone barely escapes doing something.
líta, *litur*, *leit*, *litum*, *litið* stv.1 look; *líta á* look at; *e-m lít á e-ð* midv. intr. sbody thinks well of sth.
loksins adv. finally.
með prep. with dat. with; between.
mynda, -aði, -aður wv.4 form (trans.); *myndast* midv. intr.: form, take shape.
nám stn. study.
nógsamlega adv. enough.
ný- prefix newly, recently.
nýgiftur, -gift, -gift adj. newly wed, recently married.
nýttískuhaus stn. house after the newest fashion, modernistic house.
óttast, -aðist, -ast wv.4 midv. fear.
reyna, *reynði*, *reyndur* wv.2 try; *reynast* midv. intr. prove (to be).
ryk stn. dust.
sálast, -aðist, -ast wv.4 die; pp. *sálaður* dead.
segja, *sagði*, *sagður* wv.3 say; *segjast* midv. refl. followed by indirect speech (cf. *kveðast*) say that. . .
setja, *setti*, *settur* wv.1 set; *setjast* midv. refl. set, seat oneself, sit down, take a seat.
siðastur, -ust, -ast adj. last.
sjá, *sér*, *sá*, *sáum*, *séður* stv.5 see; *sjást* midv. recipr. see each other; pass. be seen.
skjóta, *skjöttur*, *skaut*, *skutum*, *skotinn* stv.2 shoot; *skjótast* midv. intr. dart, run.
skrifa, -aði, -aður wv.4 write; *skrifast á* midv. recipr. write to each other.
slysa, -aði, -að wv.4 make one have an accident (*slys* stn.); *slyst* midv. pass. or intr. have an accident.
snögglega adv. suddenly.
spegilskyggður, -skyggð, -skyggð adj. polished like a mirror.
stálhúsgögn stn. pl. steel furniture.

tíma, *tímdi*, *tímt* wv.2 *tíma að gera e-ð* make oneself do something (with negation only).
um prep. with acc. *um tíma* for a time (while).
úr prep. with dat. *sálast úr forvitni* die from curiosity.
utanlands adv. abroad.
varla adv. hardly.
veikja, *veikti*, *veiktur* wv.2 weaken; *veikjast* midv. intr.: get sick, be taken ill.
við prep. with acc. at, occupied with; *við nám* studying.
vilja til happen.
vita hvernig find out how.
vonu, -aði, -að wv.4 hope; *vonast eftir e-u* midv. intr.: hope for sth.
þröng stf.2 crowd.
þykja, *þótti*, *þótt* wv.2 impers. *mér þykir* it seems to me, I think; *þykjast* midv. intr.: say, give as one's opinion, pretend.

Translate into Icelandic:

Do you ever write to your sister? Yes, we (brother and sister) have always written to each other. What did she write the last time, any news? Yes, she wrote that she had married a well-to-do (*efnuðum*) merchant in Reykjavík, and that they had bought (themselves) a new house. She was, of course, very happy over (*mjög ánægð yfir því að*) being married, and having the house, but she was so sorry never to be able to see us. She said she could never forget (*gleymt*) when we all met for the last time (*í síðasta sinn*) in Reykjavík. But she said that she was expecting our sister from the country to visit her shortly (*bráðlega*). She said that she had heard that she (the sister) had been taken ill, but fortunately (*til allrar hamingju*) it proved to be wrong. Well, if you write back to your sister, please (*þlessaður* = blessed), give her my regards (*heilsaðu henni frá mér*). Tell her also that I would have (*hefði*) written her long ago, if I had had anything to write about.

28.

Compound words: S. IX (Appendix).

Interrelationship of indefinite and reflexive (possessive) pronouns. S. IV, 2 and 6.

Æfing. Gömlu bæirnir.


Gömlu íslenzku bæirnir voru mjög ólíkir nýju bæjunum, sem byggðir eru eftir fyrirmyndum úr kaupstöðunum. Gömlu bæirnir voru byggðir úr torfi og grjóti með þykkum veggjum eins og virki. Orsökina til þess, að menn byggðu svo, var fyrst og fremst tímurskortur. Vegna skorts á timbri var heldur ekki byggt eitt stórt hús og hólfað í sundur með skilrúmunum úr timbri, heldur var hvert herbergi byggt út af fyrir sig sem sérstakt hús, enda var það kallað hús, og allur bærin varð samsafn af mörgum húsum. Þetta gaf bæjunum svip. Húsin, sem ætluð voru til íbúðar og geymslu, voru

byggð saman og kölluð heimahús, eða bæjarhús. Fjósið handa kún-um var og oft byggt með bæjarhúsunum, enda var oftast innangengt í það. Kom það sér vel fyrir mjaltakonur á vetrum. Hin gripahúsin voru byggð á við og dreif um túnið og kölluð útihús; það voru fjárhús (ærhús, sauðhús, lambhús og hrútakofi) og hesthús. Oftast voru líka skemma og smiðja taldar með útihúsum, því þó að þær væru byggðar með bæjarhúsunum, eða í bæjarþorpinu, eins og það var kallað, þá var venjulega ekki innangengt í þær, heldur voru dyr á hvorri um sig.

Bæjarhúsin voru annaðhvort byggð í röð meðfram hlaðinu, og sneru þá stöfnum fram á hlaðið, eða þau voru byggð sitt hvoru megin við löng göng, sem lágu inn úr bæjardyrum. Þrjú voru þau hús, sem enginn bær mátti án vera: baðstofa, eldhús og búr. Í búrinu var geymdur matur. Í eldhúsinu var eldað í opnu eldstæði, sem kallað var hlóðir, en reykinn lagði upp um stromp í þakinu. Baðstofan var bæði svefn- og setustofa; þar sátu menn á rúmum sínum, sem stóðu í röðum meðfram veggjunum, og unnu tóvinnu. Karlmenn kembdu ull í kömbum, konur spunnu á rokk. Baðstofan var venjulega þiljuð í hólf og gólf og með skarsúð að þaki. En utan á skarsúðinni var þykkt torfbak, eins og á öllum öðrum húsum á bœnum. Þegar vel var byggt, var ekki kalt í bæjum þessum á veturna, því þeir héldu vel á hita. En í rigningatíð eða rigningsveitum, var erfitt að verja þá leka.

á prep. with dat. in (certain respect), of, skortur á timbri lack of timber; á vetrum in winter.
að prep. with dat. for, as a.
aðal- prefix chief, main.
án adv. without.
baðstofa wf.1 lit. 'bathroom,' a combined bed- and sitting room in old Icelandic farmsteads.
byggja, byggði, byggður vv.2 build.
bæjardyr stf.3.pl. doorway, entrance hall of a farmstead.
bæjarhús stn. a 'house' or room in the farmstead group of houses; pl. the main group of houses on a farmstead.
bæjarþorp stn. the main group of houses on a farmstead (=bæjarhús pl.).
dreif stf.1 scattering; see við.
eftir prep. with dat. according to.
elda, -aði, -aður vv.4 cook.
eldstæði stn. fireplace.

eldur stn.1 fire.
enda conj. . . . also indeed . . . ; e. var það it was also (indeed); and that is why it was.
erfiður, -ið, -itt adj. difficult.
fjárhús stn. sheep shed, barn.
fjós stn. cattle stable, cow stable.
fyrirmynd stf.2 pattern, model.
fyrst og fremst first and foremost, above all.
gæmsla wf.1 storeroom, storage.
gólf stn. floor; í hólf og gólf 'walls and floor alike.'
gripahús stn.pl. houses, sheds, barns, stables for the animals (gripir).
griót stn.coll. stones, rocks.
göng stn.pl. corridor, passage.
halda á e-u keep something; h. e-u úti keep something out.
heimahús stn.pl. = bæjarhús, lit. 'home houses.'
heldur ekki not either.
hesthús stn. stable, horse shed.



GÖMUL BAÐSTOFA.

[Karlinn er að kamba í kömbum, konan að spinna á rokk.]

- hlað* stn. a place, partly paved, in front of a farmhouse.
hlóðir stf.2.pl. fireplace.
hljandi stn.pl. warmth, coziness.
hólf stn. compartment.
hólfa, -aði, -aður vv.4 divide into compartments.
hrútakofi wm.1 ram shed.
hrátur stm.1 wether, ram.
hvor um sig each.
íbúð stf.2 habitation.
innangengt adj.n. having a passage from within; connected by a passage with the *bæjarhús*.
kambar stm.1.pl. cards.
kemba, *kembdi*, *kembdur* vv.2 comb; card, *kemba ull í kömbum* card wool in cards.
kofi wm.1 hut, shed.
koma sér vel come in handy.
lambhús stn. lamb shed.
leggja lay, *e-ð* (acc.) *leggur upp* something is carried up (impersonal transitive).
leki wm.1 leak.
lígga lead.
meðfram prep. with dat. along.
mjaltakona wf.1 milkmaid.
mjaltir stf.2 milking time.
ólikur adj. unlike.
opinn, -in, -ið adj. open.
orsök stf.2 cause, reason; o. *til e-s* reason why.
reykur stm.2 smoke.
rigningasveit stf.2 rainy district.
rigningatið stf.2 rainy spell.
rokkur stm.1 spinning wheel.
röð stf.2 row.
samsafn stn. collection, group.
sauðhús stn. sheep barn, shed.
sauður stm.3 sheep; especially a castrated ram.
sem conj. as.
sérstakur, -stök, -stakt adj. separate.
sitt hvoru megin við each on one side of, on both sides of.
skarsúð stf.2 clincher roof.
skemma wf.1 a storeroom.
skírum stn. partition.
skortur stm.1 lack (á of).
smíðja wf.1 smithy, forge.
snúa, *snýr*, *eneri*, *snúinn ri-verb* (In VII, 5, 2) turn (e-u) in a certain direction.
spinna, *spinnur*, *spann*, *spunnum*, *spunninn* stv.3 spin; *spinna á rokk* spin on a spinning wheel.
strompur stm.1 chimney pot, sky-light.
sundur adv. *☉sunder = í sundur*.
svefn stm.1 sleep.
svipur stm.2 characteristic appearance.
til prep. with gen. for.
timbur stn. (*hreiður*) timber, wood.
timburskortur stm.1 lack of timber.
torf stn. green turf, sod.
torfbak stn. roof thatched with sod.
tóvinna wf.1 wool home industry.
tún stn. cultivated field near the houses, homefield.
úr prep. with dat. from, of.
út af fyrir sig by oneself, apart, separated from others.
utan á on the outside of.
útihús stn. outhouse, a house far from the central group on the farm.
verja, *varði*, *varinn* vv.1 defend; v. *e-n e-u* guard something against something.
við only in the phrase: *á við og dreif* scattered.
vinna, *vinnur*, *vann*, *unnum*, *unninn* stv.3 work (at).
virki stn. fortress.
virkisveggur stm.2 fortress wall.
ým(i)s, *ým(i)s*, *ýmist* adj. different, several.
þak stn. roof; *að þaki* as a roof, for a roof.
þilja, -aði, -aður vv.4 line (with wooden boards).
þorp stn. town, village.
ærhús stn. shed for the ewes.
ætla til intend for.

Translate into Icelandic:

Did you ever see an old Icelandic farmstead? Yes, they are

very different from the modern (*nýju*) ones (*bæjunum*). The modern farmhouses are built of (*úr*) timber or concrete like the houses in the towns (*kaupstöðunum*). But the old farmhouses were built of sod and stones with thick walls. Do you know why they were so built? There were several (*ýmsar*) reasons (*ástæður*); lack of timber was one, the coziness of the houses (*hlýindin í húsunum*) another. Thick walls and thick sod roofs keep out (*halda úti*) the cold, and, if they are well built, even the rain, especially in winter. Do you know what were the main (*aðal*-) rooms or houses on an old Icelandic farmstead? The so-called 'bathroom' was the chief (*aðal*-) house, next to that (*þar næst*) was the kitchen and the pantry. A storeroom and a forge were also often (found) on a farmstead.

29.

Impersonal verbs: S. VI, 14. Middle voice: S. VI, 7.

Accusative with Infinitive: S. VI, 11, 4.

Passive voice: S. VI, 8.

Æfing. Draugagangurinn á Nesi.

Hefurðu heyrt söguna um draugaganginn á Nesi? Ekki það? Ja, ég vil ekki ábyrgjast, að hún sé sönn, en hún er höfð eftir greindu fólki og ólygnu. Gamli Jón í Nesi var efnakarl, menn töldu hann efnadri en hann léti í veðri vaka, og héldu, að hann geymði peninga í kistuhandraða frammi á skemmulofti. Og eftir að karl dó, þóttust menn fara að verða varir við draugagang á loftinu og í stofunni. Það var gengið upp stigann, og inn eftir loftinu, sumir sögðu, að það væri sezt á kistuna, en aðrir, að hún væri opnuð. Síðan var hringlað í einhverju, sem menn álitu vera peningana. Stundum heyrðist mönnum skellt hleranum á uppgöngunni, en þegar að var komið, sást ekkert, og hlerinn var kræktur aftur. Þó sagði karl einn, sem menn héldu vera skyggnan, að sér hefði einu sinni sýnzt voða standa við stofuhurðina; kvaðst hann hafa hastað á hana, og hefði hún þá liðið upp stigann og horfið. Karl hafði átt að sofa í stofunni, en honum varð svo bilt við þetta, að hann bað heimafólkið blessað að lofa sér að sofa inni í baðstofu hjá því. Meðan björt var nótt, bar lítið á draugaganginum, en hann jók um allan helming, þegar fór að dimma af nótt. Eitt haust voru tveir menn nætursakir í Nesi. Þeir þóttu miklir á lofti, enda þóttust þeir ekki uppnæmir fyrir smámunum, og létust ekki trúá því, að þeir gætu ekki sofið í náðum í stofunni. Þeim var fylgt til rúms í stofuna, og segir ekki af þeim, fyrr en næsta morgun. Þá sögðu þeir sínar farir ekki

sléttar. Þeim hafði ekki komið dúr á auga fyrir ólátunum á loftinu. Tvisvar höfðu þeir farið upp á loftið, og í bæði skiftin sló öllu í dúnalogn. En þeir voru ekki fyrr komnir í rúmið en ólætin hófust á ný, og héldust þau, þar til komið var fram undir morgun. Söru þeir og sárt við lögðu, að þeir skyldu aldrei sofa í þeirri stofu framar. Loks var það ráð tekið að brenna kistuna. Eftir það tókst með öllu af draugagangurinn í Nesi.

á prep. with dat. on, in, at; of.

ábyrgjast, -byrgdist, -byrgst vv.2 midv. only: guarantee.

aldrei framar nevermore.

álíta, -lítur, -leit, -lítum, -lítinn stv.1 consider, think (á. e-n vera e-ð acc. with inf.).

allur helmingur full half; um a-n h-g by a full half; more than twice as much; með öllu altogether, for good.

auka, eykur, jók, jukum, aukinn stv.7 increase; impers.: hann (acc.) eykur it increases; but more commonly midv.: hann eykst it increases.

bera, ber, bar, bárum, borinn stv.4 bear; impers.: það ber á e-u something is noticeable, puts in appearance.

biðja, biður, bað, báðum, beðinn stv.5 ask, pray; b. e-n blessaðan, að ask somebody, please, to. . .

bilt adj.n. only in the phrase: verða b. við (e-ð) be startled (amazed) at (something).

bjartur, björt, bjart adj. bright, light. blessaður, -uð, -að; -aðri, -aðastur adj. blessed. Blessaður, gerðu þetta! lit. 'blessed (fellow), do this,' be a good boy and do this, = please, do this. Acc. with inf.: ég bað hann blessaðan að gera þetta I asked him, please, to do this.

brenna, brenndi, brenndur vv.2 burn (transitive).

deyja, deyri, dó, dóum, dáinn stv.6 die. dimma, dimmdi, -aði, dimmt, -að vv. 2 or 4 impers.: það dimmir it gets dark; það dimmir af nótt the nights get longer.

draugagangur stv.1 lit. walking of ghosts, visitation of ghosts.

draugasaga wf.1 ghost story.

draugur stv.1 ghost, spook.

dúnalogn stn. dead calm (quiet).

dúr stv.1 nap; e-m kemur ekki d. á auga one does not sleep a wink. efnadur, -uð, -að; -aðri, -aðastur adj. well-to-do.

efnakarl stv.1 an old man of means. efni stn.pl. means.

ekki það (?) not so (?), no (?).

fram hjá adv. by; f. undir up to. frammi adv. away from the center of bæjarhús; out.

fylgja e-m til rúms show sbdy to his bed.

fyrr adv. sooner; ekki fyrr . . . en no sooner . . . than.

greindur, greind, greint adj. intelligent.

hafa e-ð eftir e-m repeat (quote) something after somebody; hafði átt was supposed to have.

halda, heldur, hélt, hældum, haldinn stv.7 hold; think (with að-clause: that . . .), consider, think (with acc. and inf.: h. e-n vera e-ð); haldast keep on.

hasta, -aði, -að vv.4 h. á e-n rebuke one (to silence).

hefja, hefur, hóf, hófum, hafinn stv. 6 heave; begin; hefjast midv.intr. begin.

heimafólk stn. people of the household.

helmingur stv.1 half; um allan helming by a full half; by leaps and bounds.

heyrja, heyrði, heyrður vv.2 hear; heyrast midv. mér heyrast e-ð (að . . .) I think I hear something (that . . .).

hleri wm.1 trap door.

hringla, -aði, -aður vv.4 jingle, rattle.

hverfa, hverfur, hvarf, hvarfum, horf-
inn stv.3 disappear.
ja interj. well.
kista wf.1 chest.
kistuhandráði wm.1 locker.
koma að get, come to (a place).
krækja, krækki, kræktur vv.2 hook,
clasp (aftur) (a door).
láta, lætur, lét, létum, látinn stv.7
let; látast midv. pretend, say.
leggja, lagði, lagður vv.1 lay;
sverja og sárt við leggja swear,
invoking heavy (sore) penalties
for oneself if the oath be not true.
líða, líður, leið, líðum, líðinn stv.1
glide.
lofa, -aði, -aður vv.4 allow (e-m e-ð).
loft stn. loft; skemmu- storage room
loft; air, vera mikill á l-i be con-
ceited, give oneself airs.
myrkfælinn, -in, -ið adj. afraid of
the darkness.
náð stf.2 grace (drottins n. grace of
God); pl. náðir peace.
Nes stn. Ness.
nætursakir stf.2 pl. over night; vera
n. stay over night.
ólyginn, -in, -ið; -lygnari, -astur adj.
truthful.
ólæti (gen. -láta) stn. noise, racket.
óvanalegur adj. unusual, uncommon.
peningur stn.1 money, coin; pl.
money.
ráð stn. plan, decision; taka r. decide.
saga wf.1 story, tale, saga (um
about).
sár, sár, sárt adj. sore, wounded.
segja vv.3 impers.: segir ekki af
honum nothing is said about him,
told about him, heard about him;
ég vil ekki segja I would not say.
sjá stv.5 see; sjást midv. pass. be seen.
skella, skelli, skelli vv.2 slam (e-u)
(a door).
skemmuloft stn. storeroom loft.

Translate into Icelandic:

Did you know that there were ghosts in Iceland? No, I did not know that. Well, there are ghost stories, at any rate (að minnsta kosti), and they are quite common, but I would not say (ég vil ekki segja) that people believed them generally (yfirleitt). But it is not uncommon (óvanalegt) for people to think (that) (að menn

haldi að) they hear or see something in the old farmhouses. They think they hear (heyrist) somebody walking, or they think they see (sýnist) a spirit gliding by (fram hjá). They are afraid of the darkness (hræddir við myrkerið or myrkfælnir), especially when the nights begin to get longer. But they are very fond of the ghost stories, nevertheless (samt sem áður).

30.

Impersonal verbs and other verbs with the logical subject in dative or accusative, the logical object in nominative or other cases. See S. I, 2, 1, 3; I, 3, 1, 2b; VI, 14, 5.

Genitive not used where the English would expect it: S. I, 4, 1.

Use of definite article instead of a genitive: S. II, 6.

Æfing. Veikindi, kvillar og sóttir.

Mér hefur sjaldan orðið misdægurt um dagana. Ég hef aldrei fengið landfarssóttir, eins og t. d. barnaveiki, kighósta, mislinga, hettusótt, eða skarlatssótt. Ég hef aldrei veikt af lungnabólgu og hvorki látið skera úr mér hálskirtla né botnlanga. Ég hef aldrei verið skorinn upp. En ég hef stundum orðið lasinn af kvefi, innflúenzu, eða hálsbólgu, og ég hef átt vanda fyrir höfuðverk með uppköstum.

Höfuðverkurinn byrjar oft með því, að mig fer að verkja í ennið, eða gagnaungun, eða hnakkann. Svo fæ ég velgju og loks kasta ég upp. Eftir það batnar mér venjulega fljótt. Meðan á þessu stendur, missi ég alla matarlyst. Mér býður (velgir) við öllu, nema súrri (skyr)blöndu. Hana drekk ég, þegar mig þyrstir.

Þegar ég var strákur, fékk ég stundum hlustarverk í eyrun, aftur á móti varð mér aldrei illt í augunum, nema hvað mig sveið í þau, ef reykur komst að þeim. Þess vegna hef ég aldrei getað þolað (liðið) tóbaksreyk. Tannpínu (-verk) fékk ég aldrei, enda hefur aldrei verið dregin úr mér tönn. Blóðnasir fékk ég oft (mér blæddu oft nasir) í gamla daga.

Manni varð sjaldan illt í maganum, nema maður ofæti sig á einhverju góðgæti eins og berjaskyrri eða nýjum sviðum. Þá gat maður fengið magaverk og kveisu. Stundum fékk maður brjóstsviða af kaffi og steiktu brauði.

Hita fæ ég ekki, nema með innflúenzu eða vöndu kvefi. Tak í brjóst og bak hef ég aldrei fengið, enda fylgir það bara lungnabólgu. En mig hefur oft tekið í axlirnar, lærin, eða kálfana af mikilli áreynslu, það er kölluð harðsperra. Stundum hef ég fengið verk í hrygginn; það hefur kannske verið gigt.

Oft hefur maður nú meitt sig lítils háttar. Ég geng enn með ör á öllum fingrum eftir skurði og ígerðir. Einu sinni marði ég mig á hægri þumalfingri. Ég átti lengi í því, og næglina rak fram af fingrinum. Ég hef viðbeinsbrotnað, en hvorki fót- né handleggsbrotnað.

Manni var oft kalt á fótum, þegar maður stóð í blautu heila daga. Á veturnum frusu sokkar og skór að fótunum, svo að maður fann ekki til tanna á sér, en aldrei kól mig samt. Fæturnir voru fyrst svo dofnaðir, að maður fann ekkert til, en þegar fór að færast yllur í þá, þá fór maður að klæja og sviða í tærnar. Einu sinni vatzt fóturinn á mér um ökklaðið, hann bólgaði strax og sárnaði, svo að ég gat ekki stigið í hann. Mig verkjaði í ökklað vikutíma, en svo var það búð.

aftur á móti on the other hand.
áreynsla wf.1 exertion.

aakir pl. of *öal*.

bak stn. back (= *hryggur*).

barnaveiki wf.2 diphtheria.

batna, -aði, -að wf.4 impers.: *mér*

batnar I get better, I get well;

pers.: *mér batnar e-ð* (nom.) I

get over something, I get well.

berjaskyr stn. Icelandic curds with berries.

bjóða, *býður*, *baud*, *buðum*, *boðinn* stv.2 offer; impers.: *mér býður* við *e-u* I am nauseated at, I abhor something.

blanda wf.1 whey; a drink mixed from sour whey or *skyr* and water.

blautur, *blaut*, *blautt* adj. wet; í *blautu* in wet socks (clothes).

blóðnasir stf.3.pl. bleeding nose, nose-bleed.

blæða, *blæddi*, *blætt* vv.2 bleed; impers.: *mér blæðir* I am bleeding.

bólga wf.1 inflammation.

bólga, -aði, -aður vv.4 be (get) inflamed.

botnlangabólga wf.1 appendicitis.

botnlangi wm.1 appendix.

brjóst stn. breast.

brjóstsviði wm.1 heartburn.

dagur stn.1 day; *um dagana* in my life.

dofi wm.1 numbness.

dofinn, -in, -ið adj. numb.

dofna, -aði, -aður vv.4 become numb (dead, of limbs).

draga, *dragur*, *dró*, *drógum*, *draginn* stv.6 drag, pull; *draga tönn* (*úr e-m*) pull (somebody's) tooth.

eiga pret.pres.v. own, have; *eiga vanda fyrir e-u* be liable to get something (a sickness), be prone to something; *eiga lengi í e-u* be sick with something (suffering from something) for a long time.

enni stn. forehead.

eyra wn. ear.

finna stv.3 find; *finna til* feel something, be hurt; *finna til fótanna* (*á sér*) feel one's feet; *finna til kúlða* feel the cold.

fljóttur, *fljót*, *fljótt* adj. quick; *fljótt* adv. quickly.

fótbrotna, -aði, -að wf.4 break a leg. *frískur*, *frísk*, *frískt* adj. well; *ekki frískur* unwell.

færa, *færði*, *færður* vv.2 move (trans.) *færast í* midv.intr. move into, enter.

gagnauga wn. temple.

ganga stv.7 go; *ganga að* be the matter with, *hvað gengur að þér?* what is the matter with you? *ganga með* *ér* have a scar.

gigt stf.2 rheumatism, arthritis.

góðgæti stn. (coll.) things good to eat, goodies.

háls stn.1 neck; throat (= *kok*).

hálsbólga wf.1 tonsillitis, inflammation of the throat.

hálskirtill stn.1 tonsil.

handleggsbrotna, -aði, -að wf.4 break an arm.

handleggur stn.2 arm (= *armur*).

harðsperra wf.1 or pl. -ur aching or stiffness in limbs and muscles.

hettusótt stf.2 mumps.

hiti wm.1 fever; *fá hita* get a fever, *hafa hita* have a fever.

hlust stf.2 passage of the ear.

hlustarverkur stn.2 earache.

hnakki wm.1 back of the head.

hryggur stn.2 back, spine.

höfuðverkur stn.2 headache.

ígerð stf.2 boil, abscess.

illur, *ill*, *illt*; *verri*, *verstur* adj. bad,

ill; *mér er illt* I am sick; *mér*

verður illt I will get sick, I am

getting sick.

innflúenxa wf.1 influenza (*flúenxa*=flu).

kala, *kelur* or *kell*, *kól*, *kólum*, *kallinn* stv.6 *mig kelur* (*kell*) impers.: I freeze, I am freezing, I become frostbitten.

kaldur, *köld*, *kalt* adj. cold; *mér er kalt* I am cold; *mér er kalt á höndum*, *fótum*, etc. my hands, feet, etc. are cold, I have cold hands, feet.

kálfi wm.1 calf of the leg.

kasta, -aði, -að wf.4 throw; *kasta upp* throw up, vomit.

kíghósti (*kík-*) wm.1 whooping cough.

kirtill stn.1 (*himinn*) gland.

kok stn. throat, pharynx.

klæja, -aði, -að wf.4 itch; *mig klæjar* I itch; *mig klæjar lófann* (acc.) the palm of my hand itches; *mig klæjar á tånunum* (í tærnar) my toes itch.

kvæf stn. cold; *fá kvæf* catch cold.

kveisa wf.1 bellyache.

kvilli wm.1 ailment, malady.

landfarssótt stf.2 epidemic.

lasinn, -in, -ið, *lasnari*, *lasnastur* adj. sick, ill, not well, indisposed.

láta skera have operated.

liða, *liður*, *leið*, *liðum*, *liðinn* stv.1 suffer, stand; *liða frá* pass away.

litils háttar a little, a bit.

lunga wn. lung.

lungnabólga wf.1 (pronounced *lúna*)

pneumonia.

lyst stf.2 appetite = *matarlyst*.

lær (*læri*) stn. thigh.

magaverkur stn.2 stomach ache.

magi wm.1 stomach.

matarlyst stf.2 appetite.

meiða, *meiddi*, *meiddur* vv.2 hurt;

meiða sig hurt oneself.

merja, *marði*, *marinn* vv.1 crush;

merja sig crush a part of one's

anatomy; *m. sig á fingri*, *fæti*,

etc. crush a finger, a foot, etc.

misdagurt adj.n. only in: *verða aldrei*

misdagurt 'never have a day

different from another,' never get

sick.

mislingar stn.1.pl. measles.

nasir pl. of *nös*; *mér blæða nasir*

my nose bleeds.

nef stn. nose.

nema hvað except that.

nögl stf.3 nail.

nös stf.2 nostril.

oféta, *-étur*, *-át*, *-átum*, *-étinn* stv.5

eat too much; *oféta sig* overeat

(oneself); o. s. á over-indulge in.

reka, *rekur*, *rak*, *rakum*, *rekin* stv.5

drive; impers.trans.: *e-ð rekur*

something is driven, *nöglina rekur*

fram the nail 'is driven forth,'

the nail falls away.

sár stn. wound.

sárna, -aði, -að wf.4 get sore, get

tender.

skarlatssótt stf.2 scarlet fever.

skera, *sker*, *skar*, *skárum*, *skorinn*

stv.4 cut; *skera upp* operate up-

on; *skera úr* cut away.

skór stn.1 shoe.

skurður stn.3 cut; operation.

skyr stn. Icelandic curds.

skyrblanda wf.1 sour curds mixed

with water.

sokkur stn.1 sock, stocking.

sótt stf.2 sickness, malady.

standa stv.6 stand; *standa í blautu*

keep the wet clothes (socks) on;

meðan stendur á e-u while some-

thing lasts.

steikja, *steikti*, *steiktur* vv.2 roast,

cook in (deep) fat; *steikt brauð*

bread cooked in fat.

stíga, *stígur*, *steig*, *stígum*, *stíginn*

TEXTS I

st.v.1 step; <i>stíga í fótinn</i> step on the (= one's own) foot; <i>stíga á fótinn</i> step on somebody else's foot.	<i>velgja</i> w.f.1 nausea; <i>fá velgju</i> get nauseated; <i>hafa velgju</i> be, feel nauseated.
<i>strax</i> adv. at once.	<i>velgja, velgdi, velgt</i> w.v.2 impers.: <i>mig velgir við e-u</i> I am nauseated at something.
<i>súr, súr, súrt</i> adj. sour; pickled.	<i>verkja, -aði, -að</i> w.v.4 impers.: <i>mig verkjar (í fótinn, etc.)</i> I have a pain (in the foot, etc.).
<i>svið</i> stn.pl. head and feet of sheep (cattle) singed over a fire before cooking.	<i>verkur</i> stm.2 pain.
<i>sviða, sviður, sveið, sviðum, sviðinn</i> stv.1 singe, burn; impers.: <i>mig sviður</i> I have a burning sensation in (í fótinn, augað, acc. the foot, the eye).	<i>viðbein</i> stn. collarbone.
<i>sviði</i> w.m.1 burning sensation.	<i>viðbeinsbrotna, -aði, -að</i> w.v.4 break the collarbone.
<i>tá</i> stf.3 toe.	<i>vikutími</i> w.m.1 week's time.
<i>tak</i> stn. piercing, stabbing pain.	<i>vinda, vindur, vatt, undum, undinn</i> stv.3 twist, turn; <i>vindast</i> get twisted; <i>vindast um ökklaun</i> turn one's ankle.
<i>taka</i> stv.6 take; <i>mig tekur í bakið</i> , etc. I feel a stabbing pain in my back, etc.	<i>ylur</i> stm.2 warmth.
<i>tannpína (-verkur)</i> w.f.1 (stm.2) toothache.	<i>þola, þoldi, þolað</i> w.v.3 suffer, stand (= líða).
<i>tóbaksreykur</i> stm.2 tobacco smoke.	<i>þumalflugur</i> stm.4 thumb.
<i>upptöst</i> stn.pl. vomiting.	<i>þumall</i> stm.1 thumb; thumb of a mitten or glove.
<i>vandi</i> w.m.1 custom, habit; <i>eiga vanda fyrir e-u</i> get something (a sickness) habitually, be prone to (get) something.	<i>þyrsta, þyrsti, þyrst</i> w.v.2 impers.: <i>mig þyrstir</i> I am (I am getting) thirsty.
<i>veiki</i> w.f.2 sickness, malady.	<i>þyrstur, þyrst, þyrst</i> adj. thirsty; <i>ég er þyrstur</i> I am thirsty.
<i>veikindi</i> stn.pl. sickness.	<i>öklalaður</i> stm.3 (the joint of) the ankle.
<i>veikja, veikti, veiktur</i> w.v.2 weaken (trans.); <i>veikjast (af)</i> midv.intr. get sick, ill (with).	<i>ökklí</i> w.m.1 ankle.
<i>veikur, veik, veikt</i> adj. sick, ill.	<i>ör</i> stn. scar.
	<i>öxl</i> stf.2 shoulder.

Translate into Icelandic:

Are you sick? Are you ill? No, I am only a little indisposed. What is the matter with you (*hvað gengur að þér, yður*)? I have a slight headache, and I feel (*hef*) a bit (*svolítla*) nauseated (*velgju*). I hope it will pass (over) (*að það líði frá*). Do you think (*heldur þú, haldið þér*) that you have a fever? I feel as if I have a fever (*mér finnst ég hafa . . .*). I feel that I have (*ég finn, að ég hef*) a fever. You ought to (*ættir að*) go to bed at once. You should not have (*þú hefðir ekki átt, þér hefðuð ekki átt*) stayed up (*að vera á fótum*) so late. You should have taken better care (*fara betur með*) of yourself. Where do you think (*hvar finnst þér, yður*) the headache is (*vera*)? In the forehead above the right eye. Well, I am sure that you will get better (*þér, yður batnar*), if you go to bed and sleep well. Yes, tomorrow I shall be well (*frískur*). Well, let us (*við skulum*) hope so (*það*). Good night.

TEXTS II.

DAGLEGT LÍF OG DAGLEGT TAL.

31. Kveðjur. Að heilsast og kveðjast.

Fyrir hádegi og jafnvel fram undir kvöld má alltaf bjóða góðan dag: "Góðan daginn"; (svar) "Góðan dag(inn)." Þegar líður á daginn, er boðið "gott kvöld" á sama hátt, og þegar menn skiljast að kvöldi, "góða nótt." Menn heilsast með "góðan daginn," "gott kvöld," en kveðjast með "góða nótt."

Komumaður getur kastað á mann kveðju, en venjulegra er að heilsa með handabandi. Ef menn þúast, segir hann þá: "Komdu sæll (sæl)," "Sæll (sæl) vertu," "Sæll (sæl)." Við fleiri en einn mann: "Komið þið sælir," "Sælir verið þið," "Sælir." Við fleiri en eina konu: "Komið þið sælar," "Sælar verið þið," "Sælar," og við menn og konur: "Komið þið sæl," "Sæl verið þið," "Sæl," eða: "Sælt verið fólkið." Ef menn þérast er sagt: "Komið þér sælir," "Sælir verið þér," "Sælir."

Maður, sem er að fara, getur líka kastað á mann kveðju, eða kvatt með handabandi; hann segir, ef menn þúast: "Vertu sæll (sæl)"; við fleiri menn: "Verið þið sælir," við konur: "Verið þið sælar," og við menn og konur: "Verið þið sæl." Ef menn þérast, þá er sagt: "Verið þér sælir (sælar)."

Kunningjar segja oft "Sæli(r) nú," þegar þeir finnast, en "Vertu bless(aður)," eða "Blessi þig," þegar þeir skilja.

Ef menn hafa verið saman fyrir skömmu, þá þakka menn fyrir síðast: "Þakka þér (yður) fyrir síðast," (svar) "Já, það er nú sjálfþakkað," eða bara "Sjálfþakkað." Annars t. d.: "Langt er nú síðan við höfum sézt." "Hvernig líður þér (yður)?" eða "Hvernig sæki ég að þér (yður)?" (Svar) "Vel, en hvernig líður þér (yður)?" "Hvað er í fréttum (að fréttu)?" (Svar) "Allt gott," "Allt bærilegt," eða "Og svosem ekki neitt." Að heimsókn lokinni kveður maður, þakkar fyrir góðgerðirnar eða skemmtunina, og biður að heilsa konunni, ef hún er ekki viðstödd.

32. Kynning. Að kynna fólk.

Áður fyrr var alsíða að spyrja menn að heiti: "Hvað heitið þér (með leyfi)?" eða: "Hvað heitir maðurinn?" "Ég heiti Jón Stefánsson." Þessi siður mun enn tíðkast í sveitum. En í bæjum munu kynningar vera venjulegri. "Viltu gera svo vel að kynna

mig prófessor Valtý Guðmundssyni? (. . . frá Önnu Jónsdóttur?).” “Þekkt þú ekki?” “Hafið þú sézt?” “(Þetta er) Gunnar Stefánsson, stúdent—prófessor Valtýr Guðmundsson (frá Anna Jónsdóttir).” G. S.: “Komið þér sælir (sælar).” V. G.: “Sælir.” Kynni menn sig sjálfir, heilsa menn fyrst og segja svo nafn sitt: “Komið þér sælir—(ég heiti) Gunnar Stefánsson,” eða öfugt.

Vestur-Íslendingar segja eins og Ameríkumenn: “Það gleður mig að kynnast þér,” og þegar þeir kveðja: “Mér þykir vænt um að hafa hitt þig,” eða: “Það gleður mig að hafa mætt þér.” Á Íslandi er þetta aldrei sagt við ókunnuga, nema þegar hugur fylgir máli. Að segja það við hvern sem er, mundi verða talin hrænsni.

33. Íslenzk mannanöfn.

Íslendingar hafa skírnarnöfn, föðurnöfn, ættarnöfn, gælunöfn og viðurnefni. Öll þessi nöfn eru líka notuð á ensku, nema föðurnöfnin. En af því að föðurnafnið fer á eftir skírnarnafninu, þá álykta flestir útlendingar, að það sé eftirnafn mannsins (eða konunnar), og sé eins notað og hin venjulegu erlendu eftirnöfn. En svo er ekki. Föðurnafnið er ekki eiginlega heiti, heldur segir það til, hvers sonur (eða dóttir) maðurinn (eða konan) er. Ef spurt er “Hvað heitið þér?” þá er svarið: “Ég heiti Jón.” En ef spurt er: “Hvers son eruð þér?” er svarið: “Ég er Guðmundsson.” En svarið við fyrri spurningunni getur líka verið í einu lagi: “Ég heiti Jón (og er) Guðmundsson.” Í ávarpi og umtali má nota bæði skírnar- og föðurnafnið, en venjulega er skírnarnafnið eitt notað. Hins vegar er ómögulegt að nota föðurnafnið eitt—nema það sé orðið að ættarnafni.

Ættarnöfn eru notuð af allmörgum á svipaðan hátt eins og í ensku, en á síðustu áratugum hefur það verið á móti lögum að taka upp ný ættarnöfn. Til dæmis um ættarnöfnin má nefna: Jón Thoroddsen, Einar H. Kvaran, Vilhjálmur Þ. Gíslason (föðurnafn gert að ættarnafni).

Gælunöfn á börnum og unglingum eru mjög algeng eins og í ensku. Dæmi: Siggi, Bjössi, Óli, Mundi, Nonni af Sigurður, Björn, Ólafur, Jón. Stúlkur: Sigga, Gunna, Rúna, Rænka af Sigríður, Guðrún, Sigrún, Ragnheiður eða Ragnhildur. Önnur yngri gælunöfn, ekki ótíð í Reykjavík, eru tæpitungunöfn eins og Dídí, Lóló, o. s. frv. Ekki verður af þeim ráðið, hvað barnið heitir, því þau eru sjaldnast dregin af skírnarnafninu.

Viðurnefni eða auknefni gefa skólapihtar hver öðrum og gárungar náunganum. Oft eru þau alveg meinlaus, eins og þegar tveir Sigurðar til aðgreiningar eru kallaðir Siggi grái og Siggi svarti

eftir háralit. En stundum eru þau gefin af illfýsi og eru þá síður en svo meinlaus. Viðurnefni eru auðvitað aldrei notuð, nema í kunningjahóp, eða meðal óvina mannsins, sem ber það.

Algengustu mannanöfn 1910.

Karlmannsnöfn: Jón, Guðmundur, Sigurður, Ólafur, Magnús, Kristján, Einar, Bjarni, Jóhann, Björn, Gísli, Árni, Stefán, Þorsteinn, Helgi, Guðjón, Halldór, Kristinn, Páll, Jóhannes, Pétur, Þórður, Sveinn, Gunnar, Jónas, Ágúst, Sigurjón.

Kvenmannsnöfn: Guðrún, Sigríður, Kristín, Margrét, Ingibjörg, Anna, Helga, Jóhanna, Guðbjörg, Jónína, María, Guðný, Halldóra, Guðríður, Steinunn, Elín, Þórunn, Guðlaug, Ólöf, Sigurbjörg, Valgerður, Þuríður, Hólfríður, Ragnheiður, Þorbjörg, Kristjana, Elísabet, Þóra, Björg, Solveig, Katrín.

34. Heimsókn. Að heimsækja fólk.

Heimsóknartími. Ef maður á erindi við einhvern, sem maður þekkir ekki, mun réttast að skrifa honum bréf eða hringja hann upp í síma og spyrja, hvenær maður megi heimsækja hann. Til kunningja sinna getur maður farið um miðaftansleytið. Að ákveðnum tíma hringir maður dyrabjöllunni eða ber (bankar) að dyrum. Stúlka kemur út.

Góðan daginn. Er húsbóndinn (frúin, húsfreyja) heima? Væri hægt að fá að tala við Steindór Sigurðsson? Ég skal vita, hvort hann er viðlátinn, en ég er hrædd um, að hann hafi skroppið út í bæ. Já, hann var nýfarinn út í bæ, en frúin er heima. Ég á nú eiginlega ekkert erindi við hana, en hvenær haldið þér, að væri best að hitta Steindór? Ég held hann komi rétt strax, kannske þér vilduð koma inn og biða eftir honum. Þakk fyrir, ég held það væri réttast. Gerið þér svo vel. Komið þér sælar frá, (ég heiti) Steingrímur Jónsson. Sælir; gerið þér svo vel og fáið yður sæti. Má bjóða yður vindil? Nei þakk, ég reyki ekki. En kaffisopa? Takk, en það er nú annars hreinasti óparfi, og ég er svo hræddur um, að þér hafið of mikið fyrir mér. Alls ekki, við erum með kaffi á könnunni. Gerið þér svo vel. Takk. Þér borðið ekki neitt; hvað má ég rétta yður? kleinur, pönnukökur? Takk, ekki meira. Ég er hrædd um, að kaffið sé ekki nógu sterkt. Jú, þetta er fyrirtakskaffi, og pönnukökurnar eru ágætar. Nú er Steindór að koma. Það var ágætt. . . þakk fyrir kaffið (þakkar með handabandi). Fyrirgefið þér (verði yður að góðu). Komið þér sælir. Sælir; hvað get ég gert fyrir yður. Mig langaði til að spyrja yður (leita ráða yðar) um dálítið, sem ég hef verið að hugsa um. Það er velkomið. . . . Jája, þakka

yður nú fyrir upplýsingarnar, og verið þér sælir. Ég bið að heilsa konunni yðar með þakklæti fyrir góðgerðirnar.

35. Talið þér íslenzku?

Talið þér íslenzku? Það er nú lítið; ég get dálítið (rétt aðeins) fleytt (bjargað) mér. Nú, mér heyrir þér tala nógu vel. Fyrirgefið þér, en ég skil ekki vel, hvað þér segið; nei, þér þurfið ekki að tala hærra, en þér talið of hratt fyrir mig. Viljið þér gera svo vel að tala hægara? . . . já, þetta er betra; nú skil ég yður miklu betur. Hvað lengi hafið þér verið að læra íslenzku? Ekki nema tvo mánuði. Og hvað er langt síðan þér komuð til Íslands? Aðeins ein vika. Þér verðið þá víst ekki lengi að komast upp á að læra að tala og skilja málið. Þér ættuð að koma yður fyrir uppi í sveit, því þar kunna færri ensku, og þar verðið þér að tala málið allan tímann. Já, hér í Reykjavík eru því miður svo margir, sem skilja og tala ensku, að maður fær sjaldan tækifæri til að nota íslenzku.

Hvernig á að bera þetta orð fram? Þakka yður fyrir. Segir maður hann, hún, eða það um orðið 'höfn'? Maður segir hún höfnin. Og hvernig beygist sögnin 'að liggja'? Liggja, ligg, lá, lágum, leginn. Það er alveg furða, hvað þér berið rétt fram og hvað þér talið málfræðislega rétt.

Hvað heitir þetta (bendir á hlutinn)? Þetta heitir (nú) úr. Hvað er þetta kallað? Þetta er kallað úr. Hvernig lesið þér þetta? Hvað þýðir þetta? Ég finn það ekki í orðabókinni. Það er ekki von, það er ekki í orðabókinni.

36. Bréf.


Kunningjabréf.

Smáragötu 12, Reykjavík
12. júní 1937

Kæri vinur!

Ég má ekki láta skipið fara svo, að ég skrifi þér ekki línu. Við komum til Reykjavíkur í gær eftir þriggja daga skemmtilega sjóferð frá Edinborg. Við vorum stálheppin með veður, og jóklarnir stóðu hvítir í sólskininu, þegar við komum í landsýn. Og þú hefur bara átt að sjá Vestmannaeyjar: gulmórauðir klettarnir risu þverhniptir úr grængolandi sjónum, krýndir dökkgrænum grastóm, þar sem hvítar, lagðisíðar kindur virtust hanga eins og flugur á vegg. Og svo fuglarnir í bjarginu! Þvílíkt líf og þvílík læti!

Morguninn eftir komum við til Reykjavíkur. Jón og kona hans voru niðri á bryggju að taka á móti mér, þau tóku mér eins og ég væri sonur þeirra. Ég fæ að vera hjá þeim, meðan ég er í Reykjavík.



VESTMANNAEYJAR.

DAGLEGT LÍF

Ég bý í litlu gaslherbergi með útsýni yfir garðinn og Tjörnina. Á morgun fer ég að hitta prófessorana og spyrja þá, hvaða tíma ég ætti að taka hjá þeim næsta vetur. Jón segir mér, að mér sé bezt að koma mér í sumarfrí austur í sveitir, annaðhvort hjá einhverjum presti eða hjá sýslumanninum á Efra-Hvoli; hann kvað vera með afbrigðum gestrisinn. Það verður haldið hálfsmánaðar námskeið í íslenzku seinna í sumar austur á Laugarvatni; prófessor Alexander kvað ætla að halda fyrirlestra um íslenska málfræði, prófessor Nordal um Snorra Sturluson og doktor Einar Ólafur Sveinsson um Sturlungu. Þú getur því nærri, að ég muni reyna að komast þangað.

Skipið er að fara, og ég verð að slá botn í þetta rugl. Ég bið að heilsa foreldrum þínum og Siguu systur þinni.

Með beztu kveðjum,

þinn einlægur

S. S.

Bréf til ókunnugs manns.

Smáragötu 12, Reykjavík
12. júní 1937.

Herra prófessor Sigurður Nordal,
Háskóla Íslands,
Reykjavík.

Heiðraði herra:

Mér hefur verið ráðlagt að hitta yður og tala við yður um nám mitt hér á Íslandi bæði í sumar og næsta vetur. Ég er með meðmælabréf frá manni, sem þér þekkið, vestan hafs. Vilduð þér gera svo vel að láta mig vita, hvenær ég megi koma og tala við yður.

Virðingarfyllst,

S. S.

Upphöf á bréfum: Kæri vinur, góði vinur, kæri herra, heiðraði herra, nafnið eitt (í verzlunarbréfum).

Endir á bréfum: Með beztu kveðjum, þinn einlægur; kærar kveðjur, þinn einlægur; innilegar hamingjuóskir og beztu kveðjur, yðar einlægur; með vinsemd, yðar einlægur; með vinsemd og virðingu; virðingarfyllst.

Í verzlunarbréfum er ekki notað annað ávarp en nafn mannsins (firmans) og utanáskrift: Herra Jón Gíslason, Bankastræti 9, Reykjavík.

Utanáskrift (heimilisfang) á bréfum: Herra Jón Jónsson, Þorvaldsstöðum, Breiðdal, Suður-Múlasýslu.

37. Göturarnar í Reykjavík og helztu byggingar.

Flestar götur í Reykjavík eru malbikaðar, nokkrar eru steyptar og enn aðrar eru gerðar úr eintómri mól; þær verða forugar í rigningatið, og þeim hættir við sandfoki í þurrkum. Meðfram götunum eru gangstéttir og göturennur (göturæsi).

Nöfn á götum (götunöfn) enda á -gata, -stígur, -stræti og -vegur. Örfá enda á -sund, og ein gata, sem liggur hringinn í kring um bæinn, er kölluð Hringbraut. Nokkur ný götunöfn enda á -tún, -melur og -holt.

Miðbærinn er elzti hluti Reykjavíkur. Hann nær norðan frá höfn suður að Tjörn, austan frá Lækjargötu og vestur að Aðalstræti. Elzta gatan í Miðbænum er Austurstræti milli Aðalstrætis og Lækjargötu.


Ein af aðalgötum Vesturbæjarins, og elzt þeirra, er Vesturgata. Vestan Tjarnar liggur Suðurgata suður á Mela. Laugavegur og Hverfisgata eru helztar götur í Austurbænum; af götum, sem liggja í suður og suðaustur, má nefna Laufásveg og Skólavörðustíg.

Elztu opinberar byggingar í Reykjavík munu vera Menntaskólinn, Dómkirkjan og Alþingishúsið, allar í Miðbænum. Við Hverfisgötu er Safnahúsið, með Landsbókasafninu og Þjóðminjasafninu, og Þjóðleikhúsið. Í Vesturbænum gnæfir kaþólska Kristskirkjan við loft, en á Skólavörðuholtinu stendur hið einkennilega hús Einars Jónssonar myndhöggvara, Hnithjörg. Háskólinn nýi stendur suður á Melum, en Landsspítalinn sunnan við Austurbæinn. Sundhöllin er í Austurbænum við Barónsstíg.

Myndastytta Ingólfs Arnarsonar, fyrsta landnámsmanns á Íslandi og fyrsta búanda í Reykjavík, stendur á Arnarhóli; stytta Jóns Sigurðssonar, mesta stjórnámálmanns sem landið hefur átt, stendur á Austurvelli fram undan Alþingishúsinu. Styttur af Kristjáni konungi IX og Hannesi Hafstein ráðherra standa á blettinum fyrir framan Stjórnarráðshúsið. Litlu sunnar við Lækjargötu er líkan af Jónasi skáldi Hallgrímssyni. Allar þessar styttur eru eftir Einar Jónsson myndhöggvara. Styttu af Albert Thorvaldsen, hinum fræga dansk-íslenska myndhöggvara, eftir sjálfan hann, stendur í Hljóm-skálagarðinum, en líkan af Leifi heppna, gefið landinu á 1000 ára afmæli Alþingis 1930 af stjórn Bandaríkjanna, stendur uppi á Skólavörðuholtinu.

38. Umferð í Reykjavík.

Í Reykjavík geta menn hjólað (farið á hjóli, hjólhesti, reiðhjóli), farið í strætisvagni, eða leigt sér bíl. Öll umferð er vinstra megin á götunni.



INGÓLFUR ARNARSON.

Strætisvagnar Reykjavíkur ganga víða um bæinn og út úr honum. Farniðar eru ódýrir. Viðkomustaðir (áfangastaðir, stoppstaðir) eru merktir með skiltum, er bera áletrunina S. V. R., hvíta á svörtum grunni. Bílstjóri kallar upp nafn áfangastaðarins: "Sundhöllin"; farþegi, sem ætlar út, svarar: "Já."

Leigubílar bera nafn bifreiðastöðvarinnar (skammstafað eða fullu nafni) á miða, sem límdur er á framglugga bílsins (t. d. B. S. R. = Bifreiðastöð Reykjavíkur, Litla Bílastöðin, Steindór, o. s. frv.). Ekki er hægt að taka leigubíla á götunni; menn verða að síma á stöðina og panta þá.

Bifreiðastöðvarnar (bílastöðvarnar) leigja bíla með bílstjóra, sjaldan án þeirra, og þá dýrara. Bílaviðgerðastofur (bílaverkstæði) gera við bíla og reidhjól, skifta um olíu og smyrja þá. Benzínstöðvar selja benzín og olíu, en skifta hvorki um olíu né smyrja bíla.

39. Að spyrjast til vegar.

Fyrirgefið þér, ég er hræddur um, að ég sé villtur, gætuð þér vísað mér á rétta leið (sagt mér til vegar)? Hvert ætlið þér? Ég ætlaði ofan á Pósthús, en ég veit ekki einu sinni, hvað gatan heitir, sem við erum (staddir) á. Þetta er Lækjargata, og þér getið gengið beint áfram (beint af augum) þar til þér komið að næsta götuhorni. Þar beygið (snúið) þér til vinstri inn í Austurstræti, gangið svo þar til þér komið að næstu þvergötu; það er Pósthússtræti, og þar beygið þér til hægri fyrir hornið, þaðan er örskammt að dyrum Pósthússins. Þakka yður fyrir. Ekkert að þakka.

Heyrðu drengur minn, hvað er skemmsta leið inn í Laugar? Það er skemmst að fara Laugavegin. Og hvað ætli það sé lengi gengið? Það er röskur hálf tímagangur. En er það ekki vandratsað? Nei, það er ómögulegt að villast, ekki er annað en að halda sér alltaf við Laugavegin. Heldur þú, að þú mættir vera að fylgja mér þangað? Nei, ég hef því miður ekki tíma til þess.

Hvar er Háskólinn? Hann er suður á Melum, yður er bezt að fara Suðurgötu til að komast þangað. En hvar er Símostöðin? Hún er niðri í Miðbæ, rétt vestan við Austurvöll; ef þér vitið, hvar Alþingishúsið er, þá hljótið þér að finna hana.

40. Tóbak.

Hvað má bjóða yður, sígarettur (vindlinga) eða vindil? Þakka yður fyrir, ég reyki venjulega pípu; mér verður ekki gott af sígarettum, og vindla reyki ég mjög sjaldan, helst þegar mér eru boðnir þeir. Mér finnst vindlar venjulega of sterkir. Yður væri nú óhætt að reykja þessa vindla, því þeir eru mildir.

Ég er alveg að verða tóbakslaus (búinn, uppiskroppa með tóbak); hvar getur maður fengið tóbak keypt? Í hvaða tóbaksbúð sem er; þær selja reyktóbak í pökkum og dósnum, vindla af öllum tegundum, og svo auðvitað sigarettur, bæði amerískar, enskar, egypzkar og tyrkneskar.

Hafið þér eldspýtu? Það dó í pípunni minni. Já, gerið þér svo vel. Hérna er líka öskubakki, ef þér viljið slá úr pípunni öskuna.

Tóbaksverzlanið hafa líka munntóbak og neftóbak, því hér eru allmargir karlar, sem annaðhvort taka upp í sig (tyggja tóbak) eða taka (það) í nefið. Þér ættuð að sjá tóbaksbarkana (ponturnar) hjá þeim sumum, körlunum, þeir (þær) eru oft hreinustu listaverk. Fást þeir (þær) í tóbaksbúðunum? Nei en þar getið þér fengið pípur, vindlahylki, munnstykki, eldspýtur o. m. fl.

Reykingar eru bannaðar í strætisvögnunum og víðar vegna ólofts og eldhættu.

41. Á rakarastofunni. Hjá rakara eða hárskera.

Ég þarf að láta klippa mig; er nokkur rakarastofa hér í grenndinni? Já, það er rakari á næsta götuhorni. Góðan daginn. Gæti ég fengið mig klipptan? Já, ég er rétt að segja búinn að raka þennan mann (viðskiftavin), og þér eruð næstur. Gerið þér svo vel og fáið yður sæti á meðan; þarna eru blöð, Vikan og Fálkin. . . . Hvernig viljið þér hafa það? Þér getið snöggklippt mig á hliðunum og hnakkanum og stýft dálítið ofan af höfðinu. Hvar á eg að skifta hárinu, hægra megin? Nei, ég skifti því ekki, heldur greiði það beint aftur. Viljið þér fá höfuðbað (hárvott)? Ekki núna, þakk fyrir. En viljið þér ekki fá hárvatn (hársprítus, feiti) í hárið, það er nokkuð óþægt? Þér getið bara vætt það í vatni. Kannske ég láti raka mig um leið. Það er velkomið. Þér verðið að passa að raka ekki af mér efrivararskeggið. Þessi hnífur er sár, hafið þér ekki annan betri? Viljið þér fá andlitsnudd? Nei þakk, þetta er nóg. Hvað skulda ég? Klippingin (stýfingin) kostar tvær krónur sjötíu og fimm (aura) og raksturinn sjötíu (aura); það verða þrjár fjörutíu og fimm alls.* Þakk. Sælir.

Á hárgreiðslustofu.

Konur síma á hárgreiðslustofuna og panta hárvott og greiðslu eða liðun (lagningu) á hárinu. Hárgreiðslustúlkurnar þvo hárið, greiða það, liða það eða leggja það. Þær lita hár og augabrúnir og þær snyrta hendurnar (handsnyrting).

* Due to the inflation caused by the war, these and other prices mentioned in the book may be considered quite imaginary.

42. Í gistihúsinu (Á hótelinu).

Getið þér vísað mér á gott gistihús? Já, Hótel Borg er bezta gistihúsið í bænum. Úr því að þér hafið farangur með yður, er bezt fyrir yður að taka bíl þangað, þó það sé ekki langt. Þarna er dyravörðurinn; hann tekur við dótinu yðar og vísar yður á afgreiðsluna. Dyravörðurinn tekur handtöskurnar og fær (hótel)þjónana til að hjálpa sér með koffortin (fatakoffortið). Við afgreiðsluborðið. Góðan daginn. Gæti ég fengið herbergi hér með heitu og köldu vatni, helzt á móti suðri? Já, það eru herbergi laus bæði á þriðju og fjórðu hæð; þjónn, farðu upp með manninum og sýndu honum herbergin númer 110 og 220; hérna eru lykarnir. Hvað kosta þau? Annað kostar tuttugu en hitt þrjátíu krónur á dag. Mér þykir það nokkuð dýrt; en það er bezt, að ég líti á herbergin. Mér lízt ekki vel á þetta herbergi, það er of stórt handa mér, og ég er hræddur um, að það sé ónæðissamt; hér er talsverður hávaði af götunni; viljið þér gera svo vel að sýna mér hitt herbergið? Já, það er betra; hér er enginn hávaði (kyrrt og gott); auk þess er það ódýrara; hitt var of dýrt. Viljið þér gera svo vel og láta vekja mig klukkan átta á morgun, og haldið þér (að þér) vilduð láta bursta skóna mína? Já, þér skuluð bara láta þá út fyrir herbergisdýrnar, áður en þér farið að sofa. Getið þér látið mig hafa ábreiðu í viðbót? Ég er hræddur um, að mér verði kalt í nótt. Hafið þér nú allt, sem þér þurfið? Hér er vatnskanna, og í baðherberginu er sápa og handklæði. Viljið þér láta færa yður kaffi (morgunkaffi) upp í herbergið, eða ætlið þér að koma ofan að borða? Það er bezt ég komi ofan.

Gestir gefa þjónum og stúlkum á gistihúsum og matsöluhúsum 10% af reikningnum í drykkjupeninga.

43. Reikningur. Að reikna.

Að leggja saman heitir samlagning. Ef ég legg saman tvo og tvo, fæ ég út fjóra (verður útkoman eða summan fjórir): $2 + 2 = 4$, tveir og tveir eru fjórir.

Að draga frá heitir frádráttur. Ef ég dreg tvo frá fjórum, fæ ég út tvo (verður útkoman eða afgangurinn tveir): $4 - 2 = 2$, tveir frá fjórum eru tveir.

Að margfalda heitir margföldun. Ef þú margfaldar fimm með tveimur, færð þú út (kemur út) tíu: $5 \cdot 2 = 10$, tvisvar fimm eru tíu, eða fimm sinnum tveir eru tíu. Allir verða að kunna litlu margföldunartöfluna, hún byrjar svona: einu sinni tveir eru tveir; tvisvar tveir eru fjórir; þrisvar tveir eru sex; fjórum sinnum tveir eru átta; og hún endar á: níu sinnum níu eru áttatíu og einn; níu sinnum tíu eru níutíu.

Að deila heitir deiling. Ef maður deilir tveim í tólf, fær maður út (verður útkoman) sex: $12 : 2 = 6$, tólf deilt með tveimur er sex, eða tvo í tólf hefur maður sex sinnum.

Ef deiling gengur ekki upp, þá er afgangurinn brot. Ef tveim er deilt í þrjá, þá er útkoman $1\frac{1}{2}$, einn og einn hálfur. Brotin heita: $\frac{1}{2}$ (einn) hálfur, $\frac{1}{3}$ einn þriðji, $\frac{2}{3}$ tveir þriðju, $\frac{1}{4}$ einn fjórði, $\frac{1}{5}$ einn fimmti, o. s. frv.

Talan, sem er fyrir ofan brotstrikið, heitir teljari, en sú fyrir neðan er kölluð nefnari.

Þegar nefnarinn er tíu, hundrað, þúsund, o. s. frv., verður brotið tugabrot. Almennum brotum má breyta í tugabrot. Þannig er $\frac{1}{2} = 0,5$, núll komma fimm; $\frac{1}{3} = 0,33$, núll komma þrjátíu og þrjár (þrjár þrjár); $\frac{1}{4} = 0,25$, núll komma tuttugu og fimm (tveir fimm) o. s. frv. Íslensk mynt, mál og vog eru öll í tugabrotum, og léttir það mjög reikning og viðskifti.

Í daglegu tali er $1\frac{1}{2}$ ekki einn og einn hálfur, heldur hálfur annar. Á sama hátt: $2\frac{1}{2}$, hálfur þriðji, $3\frac{1}{2}$, hálfur fjórði, o. s. frv. En $1\frac{1}{3}$ er ávallt einn og einn þriðji.

44. Íslenskir peningar, mál og vog.

Ein króna er hundrað aurar. Algengustu myntir eru: einseyringur, tveggjaeyringur, fimmeyringur, tíeyringur, tuttugu-og-fimm-eyringur, króna og tveggja króna peningur. Af seðlum (bankaseðlum) eru þessir venjulegastir: fimm króna seðill, tíu króna seðill, fimmtíu króna seðill og hundrað króna seðill. Krónur og aurar úr kopar eða nikkell er oft kölluð skiftimynt, smápeningar, eða bara smátt. "Getið þér skift krónu í smátt?" "Ég hef, því miður, ekki svo mikið í smáu." Gengið er skráð í bönkunum og birt í blöðunum.

Bæði mál og vog eru eftir metrakerfinu, sem innleitt var á Íslandi 1912. Áður var mælt í þumlungum, fetum, álnum, föðmum og (dönskum) mílum. Lögur var mældur í pelum, mörkum og pottum, en þyngd í pundum, fjórðungum og vættum. Ein alin var tuttugu og fjórir þumlungar eða tvö fet; þrjár álnir voru í faðmi. Ein míla var 24000 fet. Í potti voru fjórir pelar, en tvær merkur í potti. Einn fjórðungur var tíu pund, en átta eða tíu fjórðungar voru í vætt.

Nú er eining lengdarmálsins metri. Hann skiftist í desímetra (0,1), sentímetra (0,01) og millímetra (0,001); en desímetri mun sjaldan hafður í daglegu tali. Tíu metrar eru í dekametra, 100 í hektómetra, en hvorugt þessara nafna er notað í daglegu tali. Hins vegar er kílómetri (1000 m.) mjög algengur. Dönsk míla er rúmur 7,5 km. eða um 4,12 enskar míllur.

Lögur er nú mældur í lítrum. Önnur mál eru lítt eða ekki notuð í daglegu tali. Einn lítri er nálægt því að vera sama sem pottur (=1,06 quart).

Þyngd er mæld í grömmum, en þau eru helst notuð á pósthúsinu, í lyfjafraði og í matreiðslubókum. Þungavara er mæld í kílóum (kílógrömmum = 1000 gr.). Eitt kíló er hér um bil sama og tvö pund (=2,20 amerísk pund).

45. Póstur.

Ég þarf að láta bréf í póstin. Hvar er pósthúsið? Niðri í bæ. Eru nokkrir póstkassar hér nálægt, sem ég gæti stungið bréfinu í? Já, en er þetta almennt bréf? Já, en ég er hræddur um, að það sé tvöfalt, og ég hef ekki nóg í frímerkjum til að borga undir það. Hvað er burðargjald fyrir almenn bréf? Tuttugu og fimm aurar innanlands undir einfalt bréf, fimmtíu aurar undir tvöfalt. Hvað er burðargjald til útlanda? Fjörutíu og fimm aurar undir einfalt, níutíu aurar undir tvöfalt bréf. En hvað kostar undir bréfspjald? Tuttugu aura innanlands, tuttugu og fimm aura til útlanda. Jæja, ég verð víst að kaupa mér frímerki.

Sendið þér peninga í bréfinu? Nei, en ég lagði innan í það ávísun. Þá er réttara að setja bréfið í ábyrgð (skrásetja það). Hvað kostar ábyrgð á bréf? Fjörutíu aura auk burðargjalds, hvort sem er til útlanda eða innanlands. Ég vil ekki senda peninga í ábyrgðarbréfi; er ekki hægt að senda póstaðvísun hvert sem er? Jú, innanlands er það hægt, en ég veit ekki, hvort hægt er að senda þær til Englands eða til Ameríku. Þér verðið að spyrja mennina á pósthúsinu (póstþjónana) um það.

Er pósturinn kominn? Ég átti von á bréfi (sendingu, böggli) með honum. Þér verðið að bíða, þangað til pósturinn er borinn út. Nei, það er ekki til neins, bréfið bíður mín á pósthúsinu; ég lét skrifa mér *poste restante*, Reykjavík. Nú—ef svo er, þá verðið þér að sækja það sjálfur. Ég átti líka von á böggli, ætli bögglaafgreiðslan sé á sama stað og bréfaafgreiðslan? Spyrjið þér um það á pósthúsinu.

Nú fór verr en skyldi (Nú er illt í efni), ég er að verða of seinn að koma bréfunum í póstin. Skipið fer í fyrramálið, og ég held, að það sé búið að loka pósthúsinu. Farið þér bara með bréfin og setjið þau í póstkassann á pósthúsinu.

Er hægt að leigja sér pósthólf hér á pósthúsinu? Já, en spyrjið þér pósthjónana um það.

Hvernig er með póstin upp til sveita? Þar eru bæði póstaafgreiðslur og bréfhirðingar. Það er ekki hægt að afgreiða póstaðvísanir og póströfur á bréfhirðingunum.

46. Sími.

Get ég fengið lánaðan síma hér? Já, gerið þér svo vel. Vitið þér númerið? Nei. Hérna er símaskráin. Ætlið þér að hringja (síma) til einhvers hérna í bænum? Já. Funduð þér númerið? Já. Jæja, hérna er síminn; þér veljið númerið á honum.

Halló, er þetta Jón Helgason? Já, hver er þetta? Komist þér sælir—þetta er John Smith. Já, komist þér nú sælir. Hvað get ég gert fyrir yður? Hvað var það? Vilduð þér tala við mig? Hvern ætluðuð þér að ná í? Ha, ég heyrir ekki. Hvað segið þér? Talið þér svolítið hærra, sambandið er svo slæmt.

Purfið þér að síma út á land? Þá veljið þér töluna 02 (núll tvo) á símanum (símatækinu), en miðstöðvarstúlka svarar. Halló, halló. Má ég fá Landssímann (Landssímastöðina, langflúna)? Landssíminn! Get ég fengið að tala við Akureyri? Getið þér náð í Akureyri fyrir mig? Ég skal reyna. Akureyri er á tali; á ég að hringja yður upp seinna, þegar Akureyri er laus? Hvaða númer hafið þér? Ég var að spyrja eftir símanúmerinu yðar. Það er 1224, tólf tuttugu og fjórir. Þakka yður fyrir.

Sjálfvirkur sími er aðeins í Reykjavík og Hafnarfirði. Annars staðar hringja menn á miðstöð og biðja um númerið. Halló, má ég fá 124, hundrað tuttugu og fjóra?

Ef þér viljið senda símskeyti (skeyti), farið þér á Landssímastöðina og skrifið skeytið á símskeytaform (eyðublað), sem þeir hafa þar. Ef þér viljið það síður, getið þér hringt á stöðina og beðið þá að taka skeytið og senda yður reikning fyrir því.

Skeyti til útlanda eru send af Ritsímastöðinni. Verð fer eftir því, hvað mörg orð skeytið er.

47. Matsöluhús. Kaffihús.

Í Reykjavík er allmikið af litlum matsöluhúsum, er taka fasta gesti í fæði fyrir visst gjald um mánuðinn, en selja ekki einstakar máltíðir. Á stærri matsöluhúsum og hótelum geta menn keypt fæði yfir mánuðinn, eða til skemmri tíma, og auk þess einstakar máltíðir. Sum af þessum matsöluhúsum kalla sig kaffihús, af því að þau hafa einkum á boðstólum miðaftanskaffi (eftirmiðdagskaffi eða -te) fyrir gesti sína. Miðaftanskaffi (-te) er oftast drukkið frá 3—4, en oft sitja menn lengi yfir því, reykja og rabba saman eða hlusta á úttarpið eða hljómlaika (músík) hljómsveitarinnar, ef hún er nokkur. Á kvöldin fæst líka kaffi, te súkkulaði og kökur á kaffihúsum; fara menn þangað inn, þegar menn koma af kvikmyndahúsum (bíónum) eða leikhúsinu. Kaffihúsin koma þannig að nokkru í stað amerískra 'drugstores,' þar sem hægt er að skreppa inn, á

hvaða tíma dags sem er, að fá sér hressingu, að nokkru leyti svara þau til 'næturklúbba.' Á sumum þeirra er dans eftir kl. 9, en þeim er öllum lokað kl. 11½ á kvöldin.

Venjulegur matmálstími á matsöluhúsum er:

morgunverður (morgunkaffi)	kl. 8-9
miðdagsmatur	kl. 12-1
miðaftanskaffi (eftirmiðdagskaffi)	kl. 3-4
kvöldmatur	kl. 7-8

Við hátíðleg tækifæri (í veizlum, boðum) er miðdegisverður etinn kl. 6-7, og er sú máltíð oft nefnd miðdagur (middagur).

48. Á matsöluhúsi.

Morgunverður (-matur). Þjónn, ungfrú, fröken! Heyrið þér; get ég fengið að borða? Já, gerið þér svo vel; hérna er autt borð—nei, ekki þarna; þetta borð er upptekið (pantað). Hvað má bjóða yður? Má ég sjá matseðilinn? Gerið þér svo vel—nei, fyrirgefið þér; við höfum víst engan matseðil. Hvað hafið þið þá að borða? Við höfum hafragraut og mjólk (út á), te og smurt brauð með marmelaði, eða sultutau; þér getið líka fengið kaffi eða mjólk í staðinn fyrir te; svo höfum við egg, linsöðin, harðsoðin, eða steikt. Hafið þér steikt egg og svínsflesk? Nei, því miður; við höfum ekkert flesk núna. Látið þér mig hafa tvö steikt egg, te og brauð með marmelaði—en hvaða brauð hafið þið? Við höfum venjulegt brauð (rúgbrauð), normalbrauð, súrbrauð og franskbrauð. Hafið þér ekki hveitibrauð? Jú, súrbrauð og franskbrauð eru hveitibrauð. Látið þér mig fá þrjár sneiðar af hvoru, og mér þætti vænt um, ef þér vilduð rista (glóðarsteikja) brauðið fyrir mig. Ég skal sjá til þess. Bíðið þér við; ég sé, að þið hafið sykur og rjóma þarna á borðinu, en gæti ég fengið sneið af sítrónu með teinu? Já, það getið þér fengið. Annar gestur: Heyrið þér ungfrú; gætuð þér útvegað mér glas af mjólk, smurt rúgbrauð með rúllupylsu, tvær sneiðar, og smurt flatbrauð með mysuosti? Við höfum ekkert flatbrauð. Jæja, þá tvær sneiðar til af rúgbrauði með mysuosti.

Þegar gesturinn er búinn að borða, kallar hann á þjóninn eða ungfrúna: Þjónn, viljið þér láta mig fá reikninginn? Gerið þér svo vel. Takk, getið þér skift tíu króna seðli í smátt? Ég skal sjá til. Þakka yður fyrir, þér getið tekið afganginn (í drykkju-peninga, þjórfe, það er minnst 10% af upphæð reikningsins). Verið þér sælir. Sælir.

Miðdegisverður. Ungfrú! Gæti ég fengið miðdagsmat hér? Já, gerið þér svo vel. Hvað hafið þið í dag? Við höfum sætsúpu á

undan, fisk og kartöflur með bræddu smjöri, og kaffi á eftir. Við höfum hrísgrjónavelling með kanel og sykri og mjólk út á, lambasteik (rifjasteik) með brúnuðum kartöflum, og ávexti eða kaffi á eftir.

Súpan er fyrsti réttur, fiskurinn eða kjötið með grænmeti aðalrétturinn (aðalmaturinn), en kaffið, ávextirnir (eða skyr) eftirréttur (eftirmatur).

49. Íslenzkur matur.

Á Íslandi eru kjöt og fiskur algengustu fæðutegundirnar. Af kjöti er sauðakjöt algengast. Það er líka kallað kindakjöt, og, ef það er af lömbum, lambakjöt eða dilkakjöt. Næst því gengur nautakjöt, þar næst hrossakjöt og svínakjöt (flesk, svínslæri), sem til skamms tíma a. m. k. hefur verið heldur sjaldgæft. Hænsnakjöt er ekki almennt, í stað þess má stundum fá rjúpur, sem þykja hátíðamatur. Kjöt er étið nýtt, fryst, saltað og reykt eða hangið. Hangikjöt (sauðarlæri) er uppáhaldsmatur Íslendinga.

Fiskur. Algengustu fisktegundirnar eru þorskur, ýsa og heilagfiski (flyðra, spraka, lúða, lúra, koli), en auk þess má fá síld og ufsa, lax og silung (urriða, bleikju, murtu). Fiskur er étinn nýr, frystur, saltaður (saltfiskur), hertur (harðfiskur), reyktur og niðursoðinn. Niðursoðin síld (kryddsíld, gaffalbitar) er herramannsmatur. Harðfiskur og smjör er þjóðréttur Íslendinga.

Grænmeti. Algengast grænmeti eru kartöflur og rófur. Auk þess má fá: næpur, guhrætur, rauðrófur, hreðkur (radísur), hvítkál, blómkál, rauðkál, grænkál, spínat og salat. Rabarbari er algengur, en tómatar, gúrkur, melónur og jafnvel vínber vaxa í gróðurhúsum við laugahita.

Súpur, grautar og vellingar. Súpur eða grautar eru oft étin á undan (eða eftir) aðalmatnum. Hafragrautar með mjólk er venjulegur morgunmatur (áður bankabyggsgrautur). Til miðdagsmatar eru ýmsir mjólkurgrautar algengir: hrísgrjónagrautur, hrísmjólsgrautur, rjómagrautur, þ. e. þykkur hrísgrjónavellingur með rúsinum, kanel og sykri út á, sem er algengur jólamatur um öll Norðurlönd. Ennfremur áfasúpa og smjörgrautur. Sætsúpa úr kirsiberja- eða hindberjasaft, bláberjasúpa og rabarbarasúpa. Rauðgrautur, rabarbaragrautur, eplagrautur og sveskjugrautur. Kjötsúpa er oft borðuð með nýju eða söltu kjöti, súrsæt fiskisúpa með nýjum fiski (einkum hrognkelsum), baunir með feitu saltkjöti (saltkjöt og baunir).

Mjólkurmatur. Mest af nýmjólkinni er gerilsneytt og selt í mjólkurbúðum. Annars er mjólkinn skilin í rjóma og undanrennu. Úr rjómanum er búið til smjör, úr undanrennunni (stundum líka úr

nýmjólkinni) mjólkurostur af ýmsum gerðum eða skyr. Þegar ostur er tekinn úr mjólkinni, verður eftir mysa; úr henni er búinn til mysuostur. Áfir verða eftir, þegar smjör er tekið úr rjómanum. Skyr er hvergi notað nema á Íslandi og í Frakklandi, það er uppáhaldsréttur Íslendinga, þeir éta það nýtt með sykri eða berjum og rjóma út á.

Ávextir. Algengust íslenzk ber eru: krækiber, bláber, aðalbláber; hrútaber eru sjaldgæfari, en jarðarber sjaldgæfust. Algengustu innftuttir ávextir eru: epli, appelsínur (glóaldin), perur, bananar og sítrónur. Þurrkaðir ávextir: rúsinur, sveskjur, gráfíkjur (fíkjur), döðlur, kúrenur, epli. Niðursoðnir ávextir: ananas (granaldin), perur, ferskjur, apríkósur, jarðarber. Á krepputímum hafa Íslendingar orðið að banna innflutning á ávöxtum.

Brauð: rúgbrauð, seytt (hverabrauð) og óseytt (venjulegt brauð), sigtibrauð, normalbrauð, súrbrauð, franskbrauð. Í sveitum var siður að baka brauð undir potti (pottbrauð) eða á glóð; glóðarbakaða brauðið var ósýrt og bakað í þunnum kringlóttum kókum, sem kallaðar voru flatkókur, eða flatbrauð. Það er bezt heitt eða volgt með smjöri. Hart brauð: kex, kringlur, tvíbökur; sænskt hrökkbrauð.

Kökur. Jólakaka, sódakaka, pönnukökur, lummur og kleinur eru mjög vinsælar kökur (kaffibrauð) um allt land. Algeng í bæjunum eru vinarbrauð, snúðar, bollur og sykurkringlur. Smákökur eða kaffibrauð: gyðingakökur, piparkökur, hálfmánar. Ennþá finni eru rjómakökur og tertur (rjómaterta).

50. Bankar, búðir, verzlanir.

Árið 1939 voru í Reykjavík þrjár bankar (Landsbankinn, Útvegsbankinn, og Búnaðarbankinn), 70 heildsölur og 543 smásölur. Heildsöluverzlanirnar selja í heildsölu, smásöluverzlanirnar í smásölu.

Af þessum búðum eru engar 5 og 10 senta búðir, en til er þó ein verzlun, sem líkist þeim: hið svo nefnda Nora-magasin. Engin stór vörudeildahús (department stores) á amerískan mælikvarða eru þar heldur, en margar stærri verzlanir, ekki sízt vefnaðarvöruverzlanir (Haraldur Árnason, Vöruhúsið, o. fl.), eru að vaxa í þá átt og hafa undirdeildir með óskyldum vörutegundum. Amerískar lyfjabúðir (drugstores) eru alveg óþekktar, því íslenzkar lyfjabúðir (apótek) selja aðeins lyf (meðul) og hreinlætis- eða snyrtivörur. Miklu minna kveður að verzlunum með útibúum (chain stores) heldur en í Ameríku (A & P Stores, American Stores), en þó eru þær til í Reykjavík (t. d. Silli og Valdi, Kiddabúðir). Svipuð útibús-

verzlununum eru líka kaupfélögin, sem eru mjög mikill og sterkur þáttur í íslenskri verzlun, bæði í Reykjavík og einkum úti um land. Þau eru flest í Sambandi hinna íslensku samvinnufélaga (SIS), sem hefur miðstöð sína í Reykjavík. Annars eru helztu samvinnufélög í Reykjavík: Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis (KRON) og Sláturfélag Suðurlands (SS), sem selur kjöt og landbúnaðar-afurðir fyrir bændur á Suðurlandsundirlöndinu.

Einkasölur, reknar til hagsmuna fyrir ríkið, eru áfengisverzlunin, bifreiðaeinkasalan, viðtækjaverzlun ríkisins og tóbakseinkasalan.

Í litlum kaupstöðum úti um land hafa verzlanið eða kaupfélög allt, sem á annað borð er selt á staðnum í einni búð (general store). Slíkar búðir eru enn til, einkum í útjöðrum Reykjavíkur.

Af því, sem nú hefur verið sagt, er auðséð, að verzlanið í Reykjavík eru nú meira eða minna sérhæfðar, án þess þó, að þær bindi sig að öllu við eina vörutegund.

Matvöruverzlanið má einkum flokka eftir því, hvort þær verzla mestmegnis með innlendan eða útlendan mat.

Þær, sem verzla með innlendan mat, eru helzt fiskverzlanið, kjötbúðir (oft í nýlenduverzlunum) og mjólkurbúðir. Mjólkurbúðirnar selja oft brauð, og á hinn bóginn er oft seld mjólk í brauðbúðum eða bakaríum. Grænmeti er ekki selt í sérstökum búðum, heldur annaðhvort í kjötbúðunum, eða í nýlenduverzlunum.

Verzlanið, sem selja útlenda matvöru, eru kallaðar nýlenduverzlanið. Þær hafa t. d. kaffi, te, sykurl, kornvörur: hveiti, rúgmjól, hrísgrjón, haframjól, bygggrjón, maís, baunir, ertur, sagógrjón; alls konar niðursoðinn mat (dósamat): ávexti, fisk (sardínur) og kjöt. Auk þess selja þær oft innlendan mat: kjöt og grænmeti, sjaldnar fisk. Stundum selja nýlenduverzlanið líka hreinlætisvörur eins og sápu o. fl., en til eru líka búðir, sem verzla eingöngu með þær.

Sápuhúsið og Sápubúðin eru slíkar hreinlætisvörubúðir. Þær geta menn keypt sápur: handsápu og þvottasápur. Ennfremur snyrtivörur svo sem raksápu, rakvélar, rakbursta, hárgreiður; tannbursta, tannduft, tannpasta; ilmvötn, hárvötn, ilmsmyrsl, andlitsfarða, varalit o. s. frv.

Vefnaðarvöruverzlanið eru með stærstu fyrirtækjum í Reykjavík. Þær kalla sig stundum vöruhús, vefnaðarvörudeildir, eða fatabúðir. Í þeim eru seld (tilbúin) föt eða fataefni, innlend og útlend. Af innlendum fataefnum eru dúkar og efni frá Álafossi og Gefjun, tveim stærstu klæðaverksmiðjum landsins, merkust. Efni í föt getur verið vaðmál, klæði, ullardúkar, tvisttau, baðmullartau, léreft, sirzi, silki o. s. frv.



SKAUTBÚNINGUR.

Tilbúin karlmannsföt: jakkaföt (eða bara föt), smóking, kjölföt, eru sjaldgæf; menn láta sauma þau á sig. En peysur, frakkar, yfirfrakkar, regnkápur, regnfrakkar og reiðföt eru venjulega keypt tilbúin. Nærföt eru: nærskyrturnar, nærbuxur (brækur), skyrturnar (mannsetttskyrturnar) með linum eða hörðum flibba. Þar með fylgja slaufur (við kjölföt), slifsi eða hálsbindi, skyrturnappar. Enn er að nefna sokka, sokkabönd, axlabönd og belti. Hattar eru ýmist harðir eða linir, auk pípuhattanna, sem fylgja kjölfötunum. Loks eru hanzkar, fingravettlingar og belgvettlingar eða bara vettlingar. Íslenzkir ullarsokkar og ullarvettlingar eru miklu hlýrri en útlendir sokkar og vettlingar.

Kvenmannsföt eru: kjólar, útiföt (dragtir), jakkar, treyjur, blússur, peysur, pils og svuntur; kápur, regnkápur, loðkápur; kjólkragar, loðkragar, refir. Nærföt: nærskyrturnar, nærbuxur, sokkabandsbelti, undirkjólar eða millipils. Sokkar: silkisokkar, baðmullarsokkar, ullarsokkar. Hattar, húfur og hanzkar eða vettlingar.

Íslenzku búningarnir fást víst sjaldan eða aldrei í búðum, heldur eru saumaðir fyrir þá eða þær, sem vilja. Þeir eru þrenns konar og allir einkennilegir og fallegir. Fyrsti og algengasti búningurinn er upphlutur með millum, treyju, pils og svuntu. Ungar stúlkur ganga oft á upphlut. Annar algengur búningur eru peysufötin með skott-húfu, treyju, slifsi, brjóstnáli, pils og svuntu. Rosknar konur bera oft peysuföt, og fer þeim vel. Loks er skautbúningurinn. Það er sjaldséður hátíðabúningur, sem konur bera helst við fermingu eða giftingu. Hann er með hvítu skauti og hvítri slæðu. Honum fylgir skauttreyja og pils með stökkabelti úr silfri eða gulli. Stundum fylgir honum möttull.

Skóverzlanir selja skó, stígvél, gúmmískó, gúmmístígvél, reiðstígvél; brúna, gula hvíta og svarta skó; brúnan, gulan, hvítan og svartan skóaburð (skósvertu); skóhlífar og inniskó. Skóverzlanir hafa líka oft sokka. Íslenzkir skór (sauðskinnsskór) munu nú ekki sjást nema sums staðar í sveitum, þeir voru léttir og liprir, en héldu illa vatni.

Af öðrum verzlunum er helst ástæða til að nefna sportvöruverzlanir, er selja ferðaföt, tjöld, byssur, fiskistengur, veiðarfæri, sjónauka, ljósmyndavélar o. fl., sem ferðamenn og íþróttamenn mega ekki án vera. Annars má rétt nefna járnvöruverzlanir, glervöruverzlanir, timburverzlanir, húsgagnaverzlanir og bókaverzlanir, sem bæði eru margar og tiltölulega góðar í Reykjavík.

51. Að fara í búðir.

Ég þarf að fara í búðir og gera innkaup í dag; vilduð þér nú

ekki gera svo vel að koma með mér? Það er velkomið, en hvert ætlið þér? Fyrst þarf ég að fara í banka og fá dollurum (enskum pundum) skift í íslenska peninga; ég er með 100 dollara ávísun frá banka í New York. (Í bankanum) Góðan daginn. Vilduð þér gera svo vel að kaupa þessa ávísun af mér? Já, það er víst hægt. Hvað er gengið núna? Það er 6.51 kr. (fyrir dollarann), en þér verðið að borga lítils háttar afföll af ávísuninni í innheimtukostnað. Það er allt í lagi. Viljið þér fá peningana í stórum seðlum eða smáum? Látið þér mig fá fimm hundrað króna seðla, en hitt í smáu, helzt í tíu króna seðlum. Gerið þér svo vel.

Hvar fær maður sápu og rakáhöld? Við gætum reynt í Sápuhúsinu. Góðan daginn. Hvað var það fyrir yður? Má ég sjá rakvélarnar ykkar? Já, gerið þér svo vel. Hvernig eru blöðin í þessari? Þau bíta mjög vel, segja þeir, sem brúka þau. Þá held ég, að ég taki hana, en svo þarf ég líka að fá rakbursta, raksápu og handsápu. Gerið þér svo vel. Hvað kostar þetta allt? Augnablik; þetta verður alls fimmtán krónur og fjörutíu aurar (15.40 kr.). Takk. Sælur. Sælir.

Svo þarf ég endilega að kaupa mér nærföt og sokka. Þá er best að fara í Vöruhúsið eða til Haraldar (Árnasonar). Góðan daginn. Má ég fá að líta á nærfötin hjá ykkur? Það er velkomið, áttu það að vera nærföt úr ull eða bómull (baðmull)? Ég vil þau heldur úr ull. Svo þarf ég líka að fá mér skyrtur með linum flibba. Áttu þær að vera hvítar eða mislitar? Ég vil helst ljósar röndóttar skyrtur. Hvaða númer brúkið þér? Númer 16. Gerið þér svo vel. Var það nokkuð fleira? Já, hafið þið lagleg slifsi? Við höfum heilmikið úrval af slifsum, þetta hérna fer yður vel. Já. Þér ætluðuð að taka sokka líka? Já. Áttu það að vera silkisokkar eða ullarsokkar? Ullarsokkar, helst gráir. Gerið þér svo vel.

Þá á ég nú eftir að fá mér skó; hvert ætti maður að fara til þess? Ætli það sé ekki best að fara til Lárusar Lúðvígssonar? Góðan daginn. Má ég fá að líta á skó hjá yður? Augnablik. Nú skal ég strax afgreiða yður. Hvers konar skó voruð þér að hugsa um, góða skó, eða sterka gönguskó? Hafið þér brúna skó, létta og ekki of stíva? Já, hvernig passa þessir? Þeir meiða mig á tánum; þeir eru víst of þröngir. Við skulum nú sjá; yfirleðrið á þessum skóm er mýkra og þeir eru ívið breiðari. Já, ég held, að þeir séu ágætir. Hvað á ég að borga? 65.50 kr. Takk. Verið þér sælir. Sælir.

52. Hjá klæðskera.

Ég þarf nauðsynlega að fá mér föt; ætti ég að kaupa þau tilbúin

í búð eða láta klæðskera sauma þau á mig? Tilbúin föt eru auðvitað nokkuð ódýrari, en flestir láta sauma sér föt, því þau fara betur.

(Hjá klæðskeranum.) Góðan daginn. Sælir. Ég vildi gjarnan kaupa af yður föt, má ég sjá fataefnin yðar? Hvernig ætti þau að vera, blá föt úr kambgarni eða séfíoti? Nei, ég vil helst grátt efni úr alull, ekki of þykkt. Hérna hef ég ljómandi fallett grátt ullartau, hvernig lízt yður á það? Vel, held ég; hvað kostar það? Það er fjörutíu krónur metrinn. Ég held ég megi taka það. Jæja; þá er að taka mál af yður. Viljið þér hafa uppbot á buxunum? Já, og passið þér að hafa skálmirnir hvorki of víðar né of síðar. Vestið má heldur ekki vera of sítt, þetta er mátulegt. Ég vil hafa jakkann einhneptan, ég kann ekki við mig í tvíhneptum fötum. Og hann má ekki vera of þröngur um herðarnar. Viljið þér hafa ermarnar langar eða stuttar? Ekki of langar. Viljið þér hafa loku á vösunum, eða ekki? Ég kann betur við að hafa loku. Jæja, þá er allt í lagi. Hvenær geta fötin orðið tilbúin? Ekki fyrr en eftir þrjár vikur. Það er nokkuð seint. Já, en við höfum svo mikið að gera. Og hvað eiga fötin að kosta? 360 kr. Já, það er sanngjarnt verð. Verið þér nú sælir. Sælir.

53. Viðgerðir, þvottar, hreinsun.

Ef úrið yðar stanzar (hættir að ganga), þá farið þér með það til úrsmíðs. Hann hreinsar það, setur í það fjöður eða hjól, og gerir við hvað annað í því, sem kann að vera bilað.

Ef þér þurfið að láta gera við skóna yðar, þá farið þér til skósmíðs. Þér getið líka farið í skóverzlunina, sem seldi yður skóna, ef hún hefur skóverkstæði. Þeir sóla skóna, hálfsóla þá eða setja á þá hæla.

Ef þér þurfið að láta þvo þvott (nærföt, skyrtur, sokka), þá farið þér með hann í þvottahús, eða útvegið yður þvottakonnu. Og ef þér þurfið að láta hreinsa föt, þá farið þér með þau í gufuhreinsun, sem hreinsar þau og pressar, eða í efnalaug, sem hreinsar þau án þess að þvo þau upp úr vatni.

54. Skemmtanir.

Í Reykjavík er helzta skemmtun manna að fara í kvikmyndahúsin (bíóin) og í leikhúsið. Í kvikmyndahúsunum eru sýndar amerískar, enskar, franskar, þýzkar og norrænar myndir. Leikhúsið sýnir íslensk og útlend leikrit; flest þeirra eru leikin af Leikfélagi Reykjavíkur, sem hefur nokkrum góðum leikurum á að skipa. Mjög vinsælir eru skopleikirnir, sem kallaðir eru 'revýur,' þeir eru venjulega teknir beint út úr bæjarlífinu. Stundum leika mennta-

skólapiltar eða aðrir. Verð á aðgöngumiðum fer eftir því, hve mikil aðsókn er að sýningunni; það fer líka eftir því, hver sætin eru: ódýrustu sæti voru aftast niðri; önnur sæti niðri voru oft ódýrari en sæti á svölunum; en sæti í stúkum eru dýrust. Að reykja, tala eða blístra í leikhúsi eða kvikmyndahúsi þykir ósvinna.

Hljómleikar eru alltíðir. Reykjavík á vísi til hljómsveitar, hljómlistarskóla og allmarga hljómlistarmenn: organleikara, píanóleikara, fíðluleikara og söngvara. Kirkjuhljómleikar eru oft ágætir, sömuleiðis einsöngvar með píanóundirspili eða einleikur á fíðlu með undirspili. En það sem helzt einkennir sönglíf á Íslandi eru hinir ágætu karlakórar í Reykjavík og úti um land. Þeir hafa mjög þjálfaðar raddir og syngja svo hreint, að unun er á að hlýða. Hljómleikar eru nú haldnir í sal Háskólans, auk þess eru hljómleikar fastur liður á skemmtiskrá útvarpsins, sem notar bæði innlanda söngkrafta og útlendar grammófónplötur (symfóniur o. s. frv.).

Reykjavík er full af listamönnum, einkum málurum. Frægastur listamannanna mun vera myndhöggvarinn Einar Jónsson, og enginn, sem til Reykjavíkur kemur, má láta undir höfuð leggjast að heim-sækja listasafn hans í Hnitbjörgum. Af málurum, sem búa í Reykjavík, má nefna Ásgrím Jónsson, sem mun vera þeirra elztur, og Jóhannes Kjarval, sem tvímælalaust er þeirra fjölhæfastur. Málararnir hafa stundum málverkasýningar, og má telja það með beztu skemmtunum í Reykjavík. Annars eru verk þeirra vinsæl, og hús flestra betri borgara í Reykjavík eru full af málverkum. Málverkasafn ríkisins er í Alþingishúsinu.

Dansleikir eru algeng skemmtun alls staðar. Karlmennt (herrar) bjóða stúlkum (dömum) á dansleikinn (dansinn), en í danssalnum bjóða þeir þeim upp og dansa við þær. Dansar eru alþjóðlegir; menn dansa vals, tangó, foxtrott, rumbu, eða hvað þeir nú heita þessir nýju dansar.

Á vetrum fara menn á skautum og skíðum. Skíðabrekkurnar eru alllangt frá Reykjavík, menn fara þangað í bílum.

Á sumrin fara menn í ferðalög upp í sveitir, eða jafnvel upp um fjöll og firnindi. Ferðafélagið stendur oft fyrir þessum ferðum, það hefur skrifstofu í Reykjavík og auglýsir ferðir sínar í blöðunum. Menn fara með áætlunarbílum eins langt og þeir fara eða leigja sér bíla til fararinnar. Í sveitunum leigja menn sér hesta til að ríða inn í óbyggðir, eða á fjöllin, eða hvert sem bílar komast ekki. Stundum hafa menn með sér tjöld og liggja úti svo dögum skiftir. Sumir fara í sumarfrí og dvelja um tíma í alþýðuskólunum, sem reistir hafa verið víða um land og eru notaðir fyrir gistihús á sumrin. Til eru og önnur gistihús við þjóðveginn, en þau eru fremur misjöfn að gæðum. Menn geta líka stundum komið sér

fyrir á bóndabæjum eða prestsetrum til sumardvalar um lengri eða skemmri tíma.

Lax- og silungsveiðar eru ágæt skemmtun, enda hafa efnaðir Engendingar, auk landsmanna sjálfra, svo árum skiftir lagt stund á þær í beztu veiðíám landsins. Góðar laxár eru uppi í Borgarfirði og víðar um landið. Menn verða að kaupa réttinn til að veiða eða veiðileyfið af eiganda árinna. Lax og silungur er veiddur með stöng og flugu eða annari beitu. Nóg er af ánamöðkum. Við Mývatn og við Sogið er og mikil silungsveiði, en þar er líka mikið mýbit (mikill mývargur), og er bezt að búa sig út með verjur gegn því (honum).

Þeim, sem gaman hafa af fuglum, mun seint leiðast á Íslandi, því þar er geysimargt af fuglum, og fjölbreytt fuglalíf bæði til lands og sjávar. Sumt af þessum fuglum eru staðfuglar, en margt eru farfuglar. Sumir lifa við sjó eða vötn, aðrir á landi uppi. Af landfuglum ber mest á lóum, spóum, og hrossagaukum að sumrinu til; hrafninn er algengur árið um kring. Smáfuglar algengir við bæi eru máriuerlur, snjótittlingar (sólskríkjur) og steindeplar. Svanir og alls konar tegundir af öndum eru algengir á vötnum og ám; óðinshannar sjást oft á litlum lækjum eða síkjum. Við sjóinn eru ýmsar tegundir af máfum og svartfugli, skarfar og kjóar. En mest ber þó á kriunni á vorin og æðarfuglinum árið um kring. Æðarfuglinn er friðaður árið um kring, því hann er mesti nytjafugl, gefur af sér egg og dún. Mikill fjöldi íslenzkra fugla er friðaður, og Íslendingar gera lítið að því að skjóta þá, sem ófriðaðir eru, nema helzt rjúpur, sem skotnar eru á vetrum, og ýmsa sjófugla, sem annaðhvort eru skaðlegir eða eru góðir til átu. Af ránfuglum má nefna örninn, sem er sjaldgæfur, og fálkann eða valinn, sem er frægur mjög sem veiðifugl og kóngsgersemi að fornu og nýju.

55. Kirkja og hátíðir.

Íslendingar eru langflestir lúterstrúar og hafa verið það síðan um miðja sextánda öld. Kirkjan er þjóðkirkja, en fáeinir söfnuðir hafa myndað fríkirkju. Lúterskir helgisiðir koma sumum amerískum mótmælendum einkennilega fyrir sjónir. Þar á meðal er skrúði prestsins. Hann er í skósfri hempu, svartri, með hvítan pípukraga um hálsinn. Í þessum búningi stígur hann í stólinn og fremur öll prestsverk utan kirkju: skirir, gefur saman hjón (giftir) og jarðar. En undir sjálfri messunni, fyrir altarinu, ber prestur hvítt rykkilín, sem hylur alla hempuna, og yfir rykkilínið steypir hann hökli, lítilli útsaumaðri kápu, er liggur laus á öxlunum, en hylur bak og brjóst að nokkru.

Þegar hringt hefur verið til messu, gengur fólk í kirkju, en með-hjálparinn les bæn í kórðyrum. Þá er sunginn sálmur, og síðan hefst messan. Prestur stendur alskryddur fyrir altari og ávarpar söfnuðinn: "Drottinn sé með yður." Forsöngvarinn og fólkíð anzar: "Og með þínum anda." Þá tónar prestur bæn ("Látum oss biðja"), en söfnuðurinn syngur amen. Því næst tónar klerkur pistilinn ("Pistilinn skrifar postulinn Páll"). Þá er sunginn sálmur, og eftir það ávarpar prestur söfnuðinn aftur, sem í byrjun messu, og tónar síðan guðspjallið ("Guðspjallið skrifar guðspjalla-maðurinn Matteus," söfnuðurinn tekur þá undir: "Guði sé lof og dýrð fyrir hans gleðilegan boðskap"). Eftir guðspjall er enn sunginn sálmur, síðan stígur prestur í stólinn og prédikar (flytur prédikun). Á eftir prédikun les prestur bæn, en söfnuðurinn syngur sálm. Þá fer prestur fyrir altarið og tónar bæn. Að henni lokinni ávarpar hann söfnuðinn í þriðja sinn og blessar hann (seinni blessunin). Þá er útgöngusálmurinn sunginn, meðhjálpari les bæn í kórðyrum og hringir til útgöngu: guðspjónustunni er lokið. Hljóð-fallið í íslenskum kirkjusöng er hægara og hátíðlegra en í ensk-amerískum kirkjusöng.

Stórhátíðir ársins eru jól, nýjár, páskar og hvítasunna. Jólin eru þriheilög, þau byrja á jólanóttina, sem hefur á sér hina mestu helgi af öllum hátíðisdögum ársins. Jólanóttin er kvöld aðfangadags jóla. Þá kemur annar í jólam, og í gamla daga var haldið heilagt allt fram á þrettánda í jólam, eða þrettándann, sem nú er svo kallaður. Enn halda menn stundum upp á þrettándann með brennum og (álfa)dönsum. Gamlárskvöld er kvöldið fyrir nýjársgdaginn. Næsti sunnudagur fyrir páska er pálmásunnudagur, en fimmtudagurinn í páskavíkunni heitir skírdagur; næsti dagur er föstudagurinn langi. Tviheilagt er bæði á páskum og hvítasunnu, en milli þeirra er uppstigningardagurinn. Börn eru oft fermd á hvítasunnunni.

Á hátíðum er siður að óska mönnum gleðilegrar hátíðar: "Gleðileg jól!" "Þakk, ég óska þér þess sama. Þakk í sama máta." "Gleðilegt nýjár, og þakka þér fyrir gamla árið!" "Þakk, sömuleiðis; þakka þér sjálfum." Um jól og nýjár senda menn kunningjum og vinum jóla- og nýjárskort: Gleðileg jól og gott nýjár! Gleðileg jól og farsælt nýjár! Innilegar óskir um gleðileg jól og gott nýjár, frá (þínum elskandi syni) Bjössa. Á páskum og hvítasunnu: "Góðan dag og gleðilega hátíð!" "Þakk, sömuleiðis."

56. Skólar, bækur, rithöfundar.

Íslensk börn eru skólaskyld; þau fara í barnaskóla, þegar þau

eru sjö ára, og eru í honum, þar til þau eru fjórtán ára. Þá geta þau farið í miðskólana: gagnfræðaskóla og lýðskóla fyrir piltá og stúlkur og kvennaskóla fyrir stúlkur. Síðar geta þau farið í kennarskóla, verzlunarskóla, samvinnuskóla, stýrimannaskóla, vélstjórnarskóla og iðnskóla eða hússtjórnarskóla. Þau, sem vilja halda áfram námi, fara úr gagnfræðaskólunum í lærdómsdeildir menntaskólanna tveggja í Reykjavík og á Akureyri. Upp úr þeim taka þau stúdentspróf (og eru þá kölluð stúdentar), og eiga þau þá rétt á inntöku í Háskólann.

Í lægri skólum er lesið: íslenska, danska (eða sænska), enska, kristin fræði, saga, náttúrufræði, landafræði og stærðfræði. En í lærdómsdeildum menntaskólanna bætast hér við: latína, þýzka og franska, auk áframhaldandi náms í hinum námsgreinunum. Lærdómsdeild menntaskólanna er skift í tvær deildir, máladeild og stærðfræðideild.

Í Háskólanum lesa allir forspjallsvísindi (rökfræði, sálarfræði) fyrsta veturinn, en annars er skólanum skift í deildir: heimspeki-deild, er auk forspjallsvísinda kennir norrænu og íslenzku (sögu, málfræði og bókmenntir), guðfræðideild, laga- og hagfræði-deild, læknadeild og verkfræðideild, sem enn er í bernsku. Þeir, sem lokið hafa námi í þessum deildum, eru kallaðir kandidatar (cand. mag., theol., juris., med., polyt.) eða norrænufræðingar, guðfræðingar, lögfræðingar, læknar og verkfræðingar. Þeir eiga rétt til embætta í landinu. Aðeins norrænu-deildin útskrifar líka meistarara (mag. art.), en allar eldri deildirnar hafa gefið mönnum doktorspróf (dr. phil., theol., jur., med.).

Í Reykjavík er bestur bókaostur á landinu. Stærst bókasafn er Landsbókasafnið; í því eru bæði bækur og handrit; það er í Safnahúsinu; þar eru líka Þjóðskjalasafnið, Þjóðminjasafnið og Náttúrugripasafnið. Önnur bókasöfn í Reykjavík eru Alþýðubóka-safnið og Háskólabókasafnið.

Bókaútgáfa er meiri á Íslandi að tiltölu við fólksfjölda en í flestum, ef ekki öllum, öðrum löndum,¹ enda er margt af bókaúðum (-verzlunum) í Reykjavík. Þær, sem hafa gamlar bækur til sölu, eru kallaðar forn-söluur eða forn-bókaverzlanir. Hljóðfæraverzlanir verzla með hljóðfæri, hljómplötur og nótur.

Bókaútgefendur eru líka allmargir, en hér skal aðeins minnt á nokkur bókaútgáfufélög. Elzt þeirra er Hið íslenska bókmenntafélag (1816—). Það gefur meðal annars út tímaritið Skírni, sem nú er elzta tímarit á Norðurlöndum. Næstelzt er Hið íslenska þjóð-vinafélag (1869—). Það gefur út vinsælt almanak (Almanak hins

¹In 1930 one book per 12,497 persons was published in the U. S. A. In Iceland it was one book per 466 persons.

íslenska Þjóðvinafélags) og tímaritið *Andvara*. Hið íslenska fornleifafélag (1879—) og Ferðafélag Íslands (1928—) gefa út árbækur. Fornritafélag Íslands (1928—) gefur út Íslensk fornrit í prýðilegum útgáfum. Mál og menning (1938—) gefur út Tímarit Máls og menningar og aðrar bækur. Bókaútgáfa Menningarsjóðs (1940—) tók að sér útgáfu Þjóðvinafélagsins og gefur auk þess út þýðingar og aðrar bækur.

Ísland hefur alltaf átt mjög mörg skáld og rithöfundu að tiltölu við fólksfjölda. Á tölftu og þrettánda öld var Ísland miðstöð andlegrar menningar á Norðurlöndum, og enn byrjar bókmenntasaga allra þjóða á Norðurlöndum, og einkum Norðmanna, á bókmenntum Íslendinga. Eddurnar og sögurnar eru kunnar um allan hinn menntaða heim, og þeirra vegna er forníslenska kennd í nær þrjátíu háskólum í Bandaríkjunum. Skáldskapur og bókvísi dóu aldrei út á Íslandi, en hér er ekki rúm til annars en að benda á helstu núlifandi íslenska höfunda. Davíð Stefánsson mun vera vinsælastur af skáldunum. Af öðrum má nefna Jakob Thórarensen, Jón Magnússon,¹ Jóhannes úr Kötlum og Tómas Guðmundsson, sem er þeirra mestur formsnillingur. Af skáldsagnahöfundum er Guðmundur bóndi Friðjónsson á Sandi elztur.¹ Hann hefur skrifað smásögur og ljóð. Frægastur er Gunnar Gunnarsson, einn af þekktustu höfundum á Norðurlöndum. Af yngri mönnum má nefna Guðmund G. Hagalín, sem skrifar sjómanna sögur, Kristmann Guðmundsson, sem er snjall ástarsöguhöfundur, og Halldór Kiljan Laxness, sem vera mun þeirra gáfaðastur og slyngastur rithöfundur. Ekki má heldur gleyma Þórbergi Þórðarsyni, sem hefur skrifað merkilega sjálfsæfisögu.


57. Uppi í sveit.

Íslenzkir bændur búa ekki í þorpum, heldur á bæjum, hver út af fyrir sig. Það hafa þeir gert síðan á landnáms tíð, enda eru bæirnir margir svo gamlir og bera sömu nöfnin og þeir hafa í Landnámu, því íslenzkir bæir heita alltaf einhverju nafni, þvert á móti því sem tíðkast í Ameríku, þar sem bæir eru venjulega nafnlausir.

Íslenzk bæjanöfn enda oft á -staðir, -kot, -gerði, -hús, -bær, -land, -búð. Þessi nöfn gefa það í skyn, að búíð hafi verið á staðnum (sömu leiðis -ból, -bú). Önnur nöfn eru dregin af húsum, mannvirkjum, eða búskaparháttum, svo sem -naust, -tóft, -fjós, -hlaða, -skemma; -sel, -stekkur, -stöðull, -tún. Sum eru dregin af vegum: -gata, -tröð, og loks eru mörg dregin af landslagi, eins og Bakki, Hóll, Holt, Tunga, Eyri, Fell, Nes, Foss, Borg, o. fl.

Langflest eru heitin, sem enda á -staðir, og er fyrri liður þeirra

¹ Died 1944.



GAMALL BÆR.

DAGLEGT LÍF

oftast mannsnafn, t. d. Þorvaldsstaðir; það þýðir auðvitað 'staður eða bær Þorvalds.' Eintala er sjaldan notuð í þessum nöfnum, nema um kirkjustað sé að ræða. Dæmi um önnur nöfn: Múlakot, Bakka-gerði, Miðhús, Kirkjubær, Eyrarland, Kirkjuból, Nautabú, Tóarsel, Gilsárstekkur, Ártún.

En víkjum nú aftur að bændunum. Þeir hafa um langan aldur lifað, og lifa enn flestir, á kvikfjárrækt. Þeir hafa sauðfé, nautgripi og hesta og framleiða ull, kjöt og mjólk. Þessi húsdýr eru fódruð á heyi, enda eru störf sveitabóndans mest í því falin að afla heyja (að heyja) handa skepnunum að sumrinu og hirða þær að vetrinum. Á síðustu árum hafa menn tekið upp svínarækt og loðdýrabúskap (á refabúum).

Hver bóndi á venjulega víðáttumikið land (til jafnaðar um 1500 ekrur). Næst bænum er þetta land ræktað með áburði og afgirt til að verja það fyrir skepnunum. Þetta land er kallað tún; það er sama orð og *town* og þýðir eiginlega afgirtur blettur. Hey af túninu er kallað taða; það er bezta fódrið, notað handa kúm, ám og reiðhestum. Túnið sprettur fyrst og er slegið fyrst. Næst koma engjar, grasgefnir en óræktaðir hlutar af landinu. Þær eru slegnar síðar en túnið (túnasláttur og útengjasláttur). Allt annað land (úthagi) er notað fyrir beitiland, bæði sumar og vetur, ef það er nógu grösugt til þess.

Um húsaskipun á gömlu bæjunum er þegar talað.¹ Á nýju bæjunum eru húsinn annaðhvort úr timbri eða steinsteypu.

Þegar menn koma á bæi, er venjan að kasta kveðju á fólkid, ef það er úti við: "Komið þið sæl!" Þá er spurt eftir þeim, sem maður vill finna, oftast húsbónda eða húsfreyju. "Gæti ég fengið að tala við húsbóndann eða konuna (húsfreyjuna) á bænum?" Ef enginn er úti, verða menn að berja að dyrum; í gömlu bæjunum var síður að berja þrjú föst högg, því oft var langt úr bæjardyrum inn í eldhús eða baðstofu. Ef hundarnir hafa ekki verið úti og gelt að gestunum, þá koma þeir nú fram með miklum gangi, en venjulega bíta þeir ekki, þó þeir láti grimmilega, enda reynir bóndi allt hvað hann getur að þagga niður í þeim: "Skammastu þín! þegiðu hvuti! farðu í bæinn! snáfaðu burt! svei þér!" Hundar eru allmargir á bæjum, enda ómissandi til að smala fénu vor og haust.

Nú heilsast menn: gestirnir biðja um að lofa sér að vera, ef þeir koma seint að kvöldi dags. "Við erum að hugsa um að biðja yður um að lofa okkur að vera." "Það er velkomið, ef þið getið gert ykkur það að góðu. Við höfum því miður ekki nema eitt rúm handa gestum, en þið eruð fjórir; kannske geta félagar yðar sofnið

¹ Gömlu bæirnir. 28. Æfing.

úti í hlöðu. Þeir mega bara ekki reykja þar, því þeir gætu kveikt í heyinu. Gerið þið svo vel að koma inn." Bóndi fylgir nú gestunum til stofu, og ef þeir eru votir eftir ferðalagið, býður hann þeim að fara úr blautu fötunum og láta þurrka þau frammi í eldhúsi. Á meðan eru þeim lánaðir þurrir sokkar og skór. Svo færir húsfreyja gestunum kaffi og kleinur eða pönnukökur eða smákökur, eða kvöldmat, ef þeir hafa komið mjög seint. Kvöldmatur í sveitum er oft grautur (hafragrautur) og mjólk með slátri eða smurðu brauði, en gestum er oft gefið kjöt, salt eða nýtt, ef til er, kannske með kjötsúpu, rófum og kartöflum; brauð og smjör og kaffi á eftir. Nýtt kjöt og annað nýmeti er helzt til á haustin í sláturtíðinni; þá er líka nóg af nýju slátri (blóðmör og lifrarpylsu) og nýjum sviðum, en hvorttveggja er sett ofan í súrt og geymt til næstu sláturtíðar, ef vel á að vera. Fæstir útlendingar geta étið mat upp úr súru, aftur á móti þykir þeim gott að fá brauð og smjör, mjólk og nýtt skyr. Þegar gestirnir eru búnir að borða, vísar bóndi þeim til rúms. Rúm í sveitum eru oft með stráðýnu í botni og fiðurundirsæng, í þeim eru línök og (yfir)sængur úr fiðri eða dún. Koddar eru stoppaðir úr fiðri. Þeir, sem vanir eru að sofa við teppi, kjósa það heldur, nema mjög kalt sé. Að sumrinu er ágætt að sofa í hlöðum, nema heitt sé í heyinu og vott ofan á, en venjulega má skara því frá og láta vindaugað standa opið til að hafa nægt loft.

Meðan vegir voru vondir og landferðir erfiðar, voru bæirnir einu gistihúsin í sveitum. Gestrisni var mikil, fólkíð vildi allt fyrir gestina gera, enda voru þeir helzta skemmtun í einveru sveitalífsins. En síðan vegir hafa verið lagðir um landið og ár brúaðar, svo að bílar geta farið landshornanna milli, hafa bæirnir hætt að geta hýst gesti, nema þeir hafi gert sér það að atvinnu. Í stað þeirra hafa komið gistihús, sem því miður eru nokkuð misjöfn að gæðum. Aðeins í afskekktum sveitum, sem enn eru ófærar bílum, fyrir vegleysu sakir eða vatna, er hægt að búast við að hitta bæina eins og þeir voru áður, ef þar er þá ekki svo mikil fátækt, að þeir geti ekki sinnt gestum.

Í þessum sveitum er íslenzki hesturinn enn í sínu forna gildi. Hann er notaður til áburðar, reiðar og kannske til dráttar. Hann er enn aðalfararskjótinn, ef menn þurfa að fara yfir jökulárnar, sem enn belja óbrúaðar yfir sandana sunnanlands. Yfir þær ríða menn helzt á góðum vatnahestum, og ókunnugir fara þær ekki fylgdarlaus.

58. Íslenzk náttúra.

Landslag á Íslandi er allólíkt í ýmsum hlutum landsins. Á Suðurlandi eru víðáttumiklar sléttur og lágir hálsar eða holt fram

andan fjallendinu. Á Norðurlandi eru djúpir, langir og breiðir dalir inn af fjörðunum. Á Vestfjörðum er blágrýtis-hásléttan sundurgrafin af sæbröttum fjörðum, og sama er að segja um Austfirði, nema hvað þar eru fjöllin ennþá sundurtættari og tindóttari. Í Skaftafellssýslunum liggur breið láglandisræma milli fjalls og fjöru; ströndin er bein, sendin og hafnlaus, en jöklarnir gnæfa að baki og senda breiðar skriðjökuls-tungur og fjölda kolmórauðra jökulvatna beljandi fram á sandana.

Ár og lækir. Landið er ótrúlega auðugt að fljótum eða stórám, ám, þverám og lækjum—þetta eru allt rennandi vötn. Af stöðuvötnum eða vötnum eru Þingvallavatn og Mývatn stærst. Mývatn dregur nafn af mýnu (mýbitinu, mývarginum), sem þar er mjög mikið. Við Sogið, sem rennur úr Þingvallavatni, er líka mjög mikið af mýi. Bæði þessi vötn eru mikil veiðivötn. Vötn, tjarnir, pollar, pyttir eru nöfn á kyrru vatni, sem stundum getur verið staðnað. Vötnin eru stærst, pyttirnir minnstir, en oft djúpir. Lón eða hóp heita vötn, sem stíflazt hafa við sjó, oft gengur sjórinn upp í þau um ósa. Lónin eru venjulega aflöng. Síki, ræsi, keldur, kílar og lænur eru vatnsrásir í mýrum og flóum af náttúrunnar hendi, en skurðir eða grafningar eru gerðir af mannahöndum vegna áveitu eða afrennslis, t. d. meðfram vegum og brautum.

Mýrar og flóar. Rótlausir flóar, forir eða forarfloar, eins og t. d. í Ölfusinu, geta verið mjög illir yfirferðar, ef ekki ófærir mönnum og skepum. Í þeim eru oft breiðar rótlausar keldur, leirkeldur, milli grasgróinna þúfna. Stundum er rötarsvörðurinn óftinn og seigur, er þá oft hægt að ganga eða ríða yfir mýrina, þó allur jarðvegurinn dúi undir fæti: það er kallað kviksyndi; en því er sjaldan trúandi. Vatnið er venjulega heldur minna í mýrum, sem ekki eru sundurgrafnar af keldum og leirpyttum. Þær eru samt ávallt blautar, oft mosavaxnar og þýfðar, og láta undan fæti, þó hvergi sökkvi í. Dý, með ljósgulum djámosa, eru þar, sem kaldavermsl er í jörðu; venjulega er kviksyndi, stundum rótlaust, í djújum. Oft má vara sig á djújum að vetrinum, þegar mýrar og flóar eru lagðir og stálheldir. Á sumrum er oftast illfært um mýrar og flóa. Stundum eru mýrar líka góðar engjar.

Purrlendi. Stundum er þurrlendið slétt, en mjög oft er það þýft. Túnin eru þurrlend og venjulega sléttuð, því mörg tún voru upphaflega þýfð. Þúfurnar eru mjög einkennandi fyrir íslenzkt landslag. Þegar þær eru háar, og djúpar skorur milli þeirra, eru þær kallaðar kargabýfi, eða þúfnakargi. Stundum eru þúfurnar blásnar upp, og skín í svart moldarflag í hverri þúfu gegnt vindáttinni. Slétt harðvelli er oft á árbökkum; oft eru líka harðvellisbalar

og grundir undir fjallsrótum, stundum uppgróin gömul hlaup eða hraun, oft með mýrum neðan undir.

Sandar. Á Suðurlandi, í Skaftafellssýslum og á Fjöllum er allmikið af söndum. Sums staðar eru þetta foksandar, eða flugsandur, svo til dæmis á Rangárvöllum. Annars staðar eru sandarnir flatar eða lítt hallandi malarsléttur, eins og hinir frægu sandar í Skaftafellssýslunum, Skeiðarársandur og Breiðamerkursandur.

Skógar. Það, sem Íslendingar kalla skóg, er venjulega birkikjarr, sjaldan herra en í mitt lær eða mitti. Það vex á þurrlendi í holtum, ásum, sundum og hlíðarslókkum. Fjalldrapi og víðikjarr þekur víða mýrar eða móa, einkum á Norður- og Austurlandi. Mestu skógar (birki) eru annars í Borgarfirði vestra, á Vöglum í Fnjóskadal, á Hallormsstað og víðar á Fljótsdalshéraði og Bæjarstaðaskógur í Örfæum. Þetta eru skógar líka á útlendan mælikvarða. Íslendingar reyna eftir föngum að vernda skógarleifar sínar.

Hverar og laugar eru víða um land. Bezt þekktar eru laugarnar í kring um Reykjavík. Þær voru lengi notaðar til þvotta (þvottalaugarnar). Síðan var vatni veitt úr þeim í sundlaug skammt frá (sundlaugarnar). Loks var vatni úr þeim og öðrum heitum uppsprettum veitt til Reykjavíkur og notað í Sundhöllina og til þess að hita part af bænum. Nú er allur bærinn hitaður með laugavatni. Á seinni árum hafa margir héraðsskólar verið byggðir víðsvegar um landið. Þar sem völ hefur verið á, hafa þeir verið hitaðir með laugavatni. Laugavatn hefur líka víða verið notað til að hita gróðurreitir og gróðurhús. Má rækta í þeim jafnvel suðrænar plöntur og ávexti. Frægastur allra hvera á Íslandi er Geysir, og af hans nafni draga hverar víða um lönd nafn sitt. Margt er minni hvera og lauga í kring um Geysi í Haukadal. Önnur hverasvæði eru t. d. Hveragerði í Ölfusi, með Grýlu, og Hveravellir milli jökla uppi á hálendinu. Brennisteinshverir og gufuhverir eru ekki ótíðir sums staðar á landinu.

Hraun. Í nágrenni Reykjavíkur og Hafnarfjarðar er mikið af hraunum. Þau eru víða úfin og ill yfirferðar með holum og skútum eða geysistörum hraundröngum. Stundum eru þau flöt helluhraun, stundum eins og úfinn sjór, sem hefur storknað á augabragði. Oft er þurr í hraununum, en talsverður gróður getur verið í hraungjótunum.

Fjöll. Íslensk fjöll hafa ýmsan svip, en öll eru þau, eins og landið allt, mynduð af áhrifum elds, vatns og jökla, eða veðurs. Í blágrýtisfjöllum á Austfjörðum, Vestfjörðum og Norðurlandi eru blágrýtislögin gömul lög af hrauni, er hlaðizt hafa hvert ofan á annað og hafa síðan verið skorin sundur—eins og lagkaka—af



LÓMAGNÚPUR. BLÁGRÝTISFJALL.

DAGLEGT LÍF

jöklum og vatni. Þessi fjöll eru tindótt (full af tindum), með hvössum eggjum og djúpum giljum og gljúfrum, sem hafa spýtt fram úr sér stórum hlaupum ofan í dalina. Í þeim eru raðir af klettum efst, og niður úr klettunum ganga langar skriður ofan í hlíðarnar. Þessar skriður eru stórgrýttar efst, en á milli þeirra ganga lyngi vaxnir gearar, af móm eða grasi, hátt upp í fjöllin. Slik fjöll eru einna verst yfirferðar, en víða liggja þó vegir yfir þau um heiðar og skörð. Annars staðar eru fjöllin eldfjöll af ýmsu tæi eða móbergsfjöll. Sum eldfjöllin eru keilumynduð, eins og Keilir á Reykjanesi og Helgafell í Vestmannaeyjum. Önnur eru langir hryggir, eins og Hekla. Loks eru enn önnur breiðar bungur, eins og Skjaldbreiður. Móbergsfjöllin eru ekki eins stökk í sér eins og blágrýtisfjöllin, því móbergið líkist mjög steinsteypu. Fjöllin eru því oft kollótt, stundum grasi vaxin upp á koll. Ef vatn eða vindur sverfur þau, þá eru klettarnir ekki lagskiftir eins og í blágrýtisfjöllunum. Mjög fallegir klettur úr móbergi eru í Heimakletti í Vestmannaeyjum.

59. Saga Íslands.

Þegar Norðmenn fundu Ísland á síðara hluta níundu aldar, komu þeir að óbyggðu landi. Með stofnun Alþingis settu þeir á fót lýðveldi, sem stóð þar til um miðja þrettánda öld. Þá hafði um nokkur ár verið ófriður innanlands meðal höfðingja, og endaði hann með því, að landið gekk Noregskonungi á hönd 1264. Með norsku krúnunni komst landið undir dönsk yfirráð 1380. Þó varðveittu Íslendingar eigi aðeins tungu sína og bókmenntir, heldur einnig talsverða sjálfstjórn. Þannig hélt Alþingi áfram störfum sínum, í breyttum myndum að vísu, allt þar til um 1800, að það var lagt niður. En á nítjándu öldinni bárust frelsishreyfingar frá Evrópu til Íslands, og landsmenn hófu sjálfstæðisbaráttu sína undir forustu Jóns Sigurðssonar (1811-1879). Alþingi var endurreist 1845, konungur gaf landinu nýja stjórnarskrá á þúsund ára afmæli þess 1874, heimastjórn, með ráðherra búsettum í landinu, vannst 1904, og loks viðurkenndi Danmörk (og önnur ríki) sjálfstæði Íslands með sambandslögunum 1918. Samkvæmt þeim átta bæði ríkin að hafa sama konung og nokkur gagnkvæm réttindi, en Danmörk fór a. n. l. með utanríkismálin fyrir hönd Íslands. Samningurinn gildi til tuttugu og fimm ára, að þeim tíma liðnum var það ætlun Íslendinga að slíta sambandinu við Danmörku og endurreisa lýðveldi í landinu. En þá skall á heimsstríðið síðara. Þjóðverjar hertóku Danmörku, en Englendingar Ísland 1940. Næsta sumar báðu Íslendingar Bandaríkjamenn um vernd sína; þeir komu til

landsins í júlí 1941. Bæði Englendingar og Bandaríkjamenn lýstu því yfir, að þeir mundu hverfa úr landinu að stríðinu loknu, og lofuðu því, að landið fengi að halda sjálfstæði sínu.

Vorið 1944 slitu Íslendingar, eins og þeir höfðu ætlað, sambandinu við Dani. Var lýðveldið síðan stofnað og forseti kosinn með miklum hátíðahöldum í Reykjavík og á Þingvöllum 17. júní 1944.

60. Pólitík.

Fram til 1918 skiftust menn í pólitíska flokka á Íslandi um afstöðuna til Danmerkur. Hinir róttækari kröfðust sjálfstæðis og skilnaðar, hinir hægfara vildu litlar breytingar eða engar. En eftir 1918 tóku menn að skiftast í flokka um innanlandsmálin. Aukinn sjávarútvegur skapaði þorp og bæi, sem lifðu á fiskveiðum í stórum stíl (mótorbáta- og togaraútgerð), þar sem landbúnaður og smáútræði höfðu verið aðalatvinnuvegir þjóðarinnar frá landnámsstíð. Reykjavík hefur einkum vaxið ört síðan um aldamót; nú býr þar fullur þriðjungur þjóðarinnar (yfir 40 þúsund). Með þessum breytingum á atvinnuháttum sköpuðust nýjar stéttir, sem brátt fengu fulltrúa í pólitískum flokkum. Bændur sameinuðust fyrst um hagsmunir sína í kaupfélögunum og síðar í Framsóknarflokknum. Gegn þeim fylktu sér kaupmenn og útgerðarmenn ásamt efnaðri borgurum bæjanna í flokki, sem um skeið kallaði sig Íhaldsflokk, og var það að nokkru leyti réttnefni. Flokkurinn hefur annars lengst gengið undir nafninu Sjálfstæðisflokkur. En verkamenn og öreigar í bæjunum mynduðu Alþýðuflokk og börðust fyrir hugsjónum jafnaðarmanna og umbótum á sínum hag. Um 1930 mynduðu róttækari jafnaðarmenn Kommúnistaflokkinn og kölluðu þá hina hægfara félag sína sósíaldemókrata. Og 1933 stökk upp í hægra fylkingararmi sjálfstæðismanna flokkur Þjóðernissinna undir áhrifum frá Þýskalandi. En þeir fengu lítið fylgi og eru nú alveg úr sögunni.

Þótt Ísland hafi haft þingbundna konungsstjórn í orði kveðnu, þá hefur fullt lýðræði verið í landinu síðan 1918, eða jafnvel fyrr. Aldurstakmark kosningaréttar og kjörgengis hefur verið lágt (21 ár), og þátttaka í kosningum mjög almenn. Þingið hefur skipað stjórnina (þrjá til fimm menn) eftir reglum þingræðisins. Á síðustu árum fyrir stríðið var skipuð þjóðstjórn með samkomulagi stærstu flokkanna. Í reyndinni hefur flokksræðið gerzt sterkasta valdið. Í kapphlaupi flokkanna um hylli þjóðarinnar hefur geysimikið verið gert til þjóðþrifa. Vegir hafa verið lagðir, og brýr byggðar. Íslenzk skip sigla nú eigi aðeins með ströndum fram, heldur einnig milli landa. Skólar hafa verið byggðir í bæjum og í

sveitum. Flestir þeirra eru að meira eða minna leyti styrktir af ríkinu, og veita því ódýra eða ókeypis kennslu. Spítalar hafa verið byggðir, og ríkið hefur styrkt almenn sjúkrasamlög og veitt eilístryki og örorkubætur gömlu fólki og farlana. Landbúnaðurinn hefur notið styrkja um langa hríð, og ríkið hefur hlaupið undir bagga með útgerðarmönnum togaranna og tekið þátt í byggingu nýrra síldarverksmiðja. Það hefur rekið einkasölur og styrkt bókgærð í landinu. Og það hefur styrkt listamenn og rithöfunda. En á hinn bóginn hefur flokksræðið haft sína galla. Landið átti í vök að verjast fjárhagslega milli styrjaldanna. Að miklu leyti var það útlendum kreppum að kenna, að nokkru leyti óvarkári landsmanna sjálfra. Hin mikla þátttaka lýðsins í flokkapólitíkinni hefur heldur ekki verið ómenguð blessun. Síðasti flokkurinn, sem stofnaður var í landinu, hefur það því meðal annars á stefnuskrá sinni að reyna að takmarka flokksvaldið en auka þjóðveldið. Hann kallar sig Landsmálasamtök Þjóðveldismanna (1942).

Aðalvopn flokkanna eru blöðin. Helztu blöðin í Reykjavík eru: Morgunblaðið og Vísir, bæði málöggn Sjálfstæðisflokksins. Tíminn er blað Framsóknarflokksins, en Alþýðublaðið málöggn Alþýðuflokksins (sósíaldemókratanna), Þjóðviljinn er blað sósíalista (= kommúnista), en Þjóðólfur er blað Þjóðveldismanna. Mörg fleiri blöð, flest pólitísk, koma út bæði í Reykjavík og í bæjum úti um land, og er ekki ástæða til að minnast á neitt þeirra, nema Spegilinn, sem segist vera samvizka þjóðarinnar, góð og vond eftir ástæðum.

61. Dagbók. Úr Morgunblaðinu 1941.

Nætur-læknir er í nótt Úlfar Þórðarson, Sólvallagötu 18. Sími 4411. Aðra nótt Halldór Stefánsson, Ránargötu 12. Sími 2234.

Helgidagslæknir er María Hallgrímsdóttir, Grundarstíg 17. Sími 4384.

Næturvörður er í Reykjavíkur Apóteki og Lyfjabúðinni Iðunn.

“*Gyllir.*” Menn voru í gær farnir að óttast um togarann “*Gylli,*” vegna þess að ekkert hafði heyrt til hans eftir vonda veðrið nú í vikunni. En Mbl. hafði í gærkvöldi sannar fregnir af því, að ekkert hafði orðið að hjá “*Gylli*”; loftskýtataekin voru hins vegar biluð, og var það ástæðan til þess, að ekki heyrðist frá skipinu.

Fimmtugur er í dag Sigurgísl Guðnason kaupm., Tjarnargötu 38. Sigurgísl er vinsæll maður og vel látinn af þeim, sem hann þekkja, og þeir eru margir hér í bæ.

Trúlofun. Nýlega hafa opinberað trúlofun sína ungrú Alda Ágústsdóttir, Klapparstíg 13, og Rolf Holth í norska flughernum.

Hjónaefni. Nýlega hafa opinberað trúlofun sína Berta Valdimarsdóttir og Jón Pétursson bílstjóri.—Enn fremur Solveig Sigurðardóttir og Óskar Þórarinnsson, Hlíð, Vestmannaeyjum.

Tilkynning frá brezka setuliðinu: Skotæfingar fara fram á Sandskeiði og fyrir norðan það dagana 8. til 13. þ. m.

Blindravinafélagi Íslands voru nýlega færðar kr. 25,00 að gjöf frá Ó. S., til blindraheimilis þess, sem félagið hefir í hyggju að stofnsetja. Stjórn félagsins biður blaðið að færa gefandanum alúðarþakkir og einnig öllum þeim mörgu, sem með góðvild og hjálpssemi hlyna að starfsemi Blindravinafélags Íslands.

5. hefti 14. árgangs Tímarits Iðnaðarmanna er fyrir nokkru komið út. Er efni þess þetta m. a.: Sjötta Iðnþing Íslendinga, Iðnmál á Alþingi, Mál rædd á Iðnþinginu, Minningarorð um Guðmund Eiríksson húsasmíðameistara o. fl. Tímaritið er hið vandasta að öllum frágangi. Er það gefið út af Landssambandi Iðnaðarmanna, en Sveinbjörn Jónsson byggingameistari er ritstjóri þess.

Dr. Cyril Jackson flytur háskólafrirlestur í 1. kennslustofu Háskólans klukkan 8.15 í kvöld. Frirlesturinn verður um héraðið Sommerset í Englandi, sem er eitt fegursta hérað landsins. Þar eru og margar sögulegar minjar og sögustaðir. Dr. Jackson sýnir margar fallegar skuggamyndir til skýringar.

“Andy Hardy á biðilsbuxum” heitir myndin sem Gamla Bíó sýnir þessi kvöldin. Er þetta ein af hinum vinsælu framhaldsmyndum Hardy-fjölskyldunnar, þar sem Mickey Rooney leikur aðalhlutverkið. Þessi mynd er full af fjöri og græskulausu gamni.

Útvarpið í dag:

- 10.00 Morguntónleikar (plötur): Sónata í As-dúr og kvintett í g-moll eftir Mozart.
- 11.00 Messa í Dómkirkjunni (séra Friðrik Hallgrímsson).
- 12.15—13.00 Hádegisútvarp.
- 14.00 Mozart-tónleikar Tónlistarfélagins í Gamla Bíó; 150 ára dánarminning (Hljómsveit Reykjavíkur; stjórn.: dr. Urbantschitsch. Einl.: Björn Ólafsson).
- 15.30—16.30 Miðdegistónleikar (plötur): Alfa-, dverga- og nornalög.
- 18.30 Barnatími (Nemendur kennaraskólans).
- 19.25 Hljómplötur: Etudes, Op. 25 eftir Chopin.
- 20.00 Fréttir.

20.20 Einsöngur (Bjarni Bjarnason læknir): Lög eftir Skúla Halldórsson við ljóð eftir Jón Thoroddsen: a) Smalastúlkan. b) Kossaleit. c) Fjöllin blá. d) Barmahlíð. e) Sortna þú, ský. f) Stúlkan mín. g) Drykkjuvís.

20.45 Erindi: Nýjar listastefnur (Jóhann Briem listmálari).

21.10 Hljómplötur: Íslenzk lög, leikin á hljóðfæri.

21.20 Upplestur: “Rauða kýrin” smásaga eftir Theódóru Thoroddsen (Kristján Gunnarsson kennari).

21.30 Hljómplötur: Lúðra-konsert eftir Mozart.

21.50 Fréttir.

62. Auglýsingar. Úr Morgunblaðinu 1941.

Ungur reglusamur maður, sem hefir góða verzlunarmenntun og talsverða æfingu í skrifstofustörfum, óskar eftir atvinnu. Tilboð auðkennt “Skrifstofumaður” sendist Morgunblaðinu.

Ung stúlka óskar eftir vinnu við afgreiðslustörf, helzt í vefnaðarvöruverzlun. Tilboð leggist inn á afgreiðslu blaðsins fyrir 10. þ. m. merkt: “333.”

Atvinna. Tvo vana sjómenn vantar skiprúm í utanlandssiglingar. Uppl. í síma 3332 kl. 2—4.

Af sérstökum ástæðum er 5 manna *fólksbúll* í góðu lagi til sölu og sýnis í Shellportinu við Lækjargötu frá kl. 1—6 í dag.

Lán óskast. Tveir vanir bílstjórar með meira prófi óska eftir 15 til 20 þúsund kr. láni til bílkaupa. Trygging: 1. veðréttur í tveimur til þremur bílum og veð í fasteign. Háir vextir. Tilboð merkt “Traust” leggist inn á afgreiðslu Morgunblaðsins fyrir föstudag.

Ung barnlaus hjón óska eftir einu *herbergi* helzt með einhverjum húsgögnum og aðgangi að eldhúsi til áramóta. Frirfram greiðsla. Uppl. í síma 4091 kl. 1—4 e. háð.

“Herbergi.” 300 kr. fær sá, sem getur útvegað 2 reglusömum og ábyggilegum, ungum mönnum herbergi. Frirfram greiðsla. Tilboð merkt “300” leggist inn á afgreiðslu blaðsins fyrir mánudagskvöld.

“Lagarfoss” fer væntanlega vestur og norður eftir miðja næstu viku. Þeir, sem ætla að senda vörur með skipinu, tilkynni oss það í síðasta lagi fyrir þriðjudagskvöld 3. desember. Viðkomustaðir: Ísafjörður, Siglufjörður og Akureyri.

Tapað--fundid. Böggull með tveimur skóm, svörtum og brúnum, hefir tapazt. Skilist vinsamlegast á Frammesveg 17.

Kennsla. Kenni íslenzku, dönsku, ensku, þýzku og frönsku. Bjarnþór Þórðarson cand. phil., Laufásvegi 49.—Sími 4530.

Málverkasýningu opnar Finnur Jónsson í vinnustofu sinni í íþöku við Menntaskólann í dag, sunnudaginn þ. 7. des. Sýningin verður opin daglega frá 11—12 árdegis og 1—10 síðdegis. Inngangur um Menntaskólahliðið við Bókhöðustíg.

63. Fréttir. Úr Morgunblaðinu 1935-41.

Veðrið í gær: Við suðvesturströnd Íslands er lægdarmiðja, sem hefir mjög lítið færzt úr stað í dag, en virðist vera á hægri hreyfingu austur eftir. Vindur er fremur hægur SA með regni á S- og A-landi, en norðvestanlands er hæg NA-átt og úrkomulaust. N-átt mun vera til hafsins skammt fyrir vestan landið, og er útlit fyrir, að hún muni ná hingað innan skamms.

Veðurútlit í Rvík í dag: Léttir til með NV- eða N-kalda.

Háflóð er í dag kl. 5 og á morgun kl. 5.40.

Esja kom úr strandferð í gær.

Laxveiðin. Sigbjörn Ármann kaupmaður, sem skipaður hefir verið til þess að hafa lögregluftirlit með því, að ákvæðum laxveiðilaganna frá 1932 sé fylgt í Hvitá í Borgarfirði og hinum laxveiðiaanum þar, hefir beðið Morgunblaðið fyrir nokkrar athugasemdir við-víkjandi fregn, sem stóð í blaðinu, um laxveiðina í ánum. Segir hann, að nú sé nógur lax bæði í Grímsá og Þverá, og fyrir þremur dögum hafi Englendingar t. d. fengið 25 pd. lax í Langadrætti, sem er norður undir Tvidægri. Eins og stóð í blaðinu, verpti fyrir ós Grímsár; en þá fékk Sigbjörn menn til þess að grafa ósinn út og sá um verkið. Síðan hefir laxinn runnið upp í ána. Síðan rign-ingarnar byrjuðu, hefir hlaupið vöxtur í árnar í Borgarfirði, og hefir laxinn því runnið upp þær, og nóg var af honum í Hvitá, meðan þurrkatíðin var sem mest.—Sigbjörn Ármann getur þess líka, að hugmynd sín sé sú, að fá Hvitá algerlega friðaða fyrir netjalagningu, og ádráttur í öllum þverám hennar sé bannaður með lögum. Þá verði þarna bezta laxveiðasvæði í heimi, og þá þurfi ekkert að vera að hugsa um laxaklak þar, þegar rányrkjan er útilokuð.

Um Fjallabaksveg nyrðri (Landmannaleið) ráðgerir Ferðafélag Íslands 6 daga skemmtifer í næstu viku. Verður ekið að Vík í Mýrdal fyrsta daginn og gist þar um nóttina. Þriðjudagsmorgun verður haldið áfram austur yfir Mýrdalssand og að Kirkjubæjarklaustri, en viðstöður verða í Hafursey á Mýrdalssandi og við Hólmsárbrú hjá Hrínesi. Þriðja daginn verður haldið (á bifreið) frá Kirkjubæjarklaustri um Foss og Dverghamra að Fossnúp og



snúði þar vestur, að Hlíð í Skaftártungu. Gist þar um nóttina. Fjórða daginn verður haldið inn í óbyggðirnar, Landmannaleið, í Kýlinga, og gist þar. Staðið við í Eldgjánni og farið inn að Ófæru-fossi. Fimmta daginn verður haldið áfram vestur, og riðið inn í Jökulgil, svo langt sem tími endist til, og staðið við í Laugum í bakaleið og skoðað Laugahraun. Að Landmannahelli um kvöldið.—Sjötta daginn verður gengið á Loðmund snemma morguns, ef útsýni leyfir, og ekið síðan frá Landmannahelli að Galtalæk á Landi og þaðan til Reykjavíkur um kvöldið. Farmiðar og nánari upplýsingar um ferðina fást í Bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar frá deginum í dag til laugardags kl. 4.

Íslandsglíman 1935. Hún verður háð á Íþróttavellinum annað kvöld. Kl. 8 leikur Lúðrasveit Reykjavíkur á Austurvelli, og þar safnast fólk saman. Verður síðan gengið út á völl. Þar sýnir fyrst Drengjaflokkur Ármanns undir stjórn Vignis Andréssonar, og að þeirri sýningu lokinni hefst Íslandsglíman.

Keppendur eru aðeins sex, Sigurður Thorarensen glímukóngur, Ágúst Kristjánsson glímusnillingur, Lárus Salómonsson fyrrv. glímukóngur, Skúli Þorleifsson, Gunnar Salómonsson, allir úr Glímufélaginu Ármanni, og Steindór Gíslason úr U. M. F. Samhygð í Árnassýslu.

Íslandsglíman á að vera merkasti íþróttaviðburðurinn hér á landi á hverju ári, en það er leiðinlegt, að ekki skuli koma fleiri glímukappar utan af landi til þess að keppa í henni. Því að Íslandsglíman á að vera fyrir allt Ísland. En það er nú svo, að glímumenn utan af landi munu eigi þykjast sækja gull í greipar reykvísku glímumannanna, enda er það viðurkennt, að hér sé bestir glímumenn. Meiri þátttaka mundi í Íslandsglímunn, ef hún væri flokkaglíma, og mönnum skift niður eftir þunga.

Þrátt fyrir þetta vita allir, að glíman er merkur viðburður, því að þar verður skorið úr því, hver eigi að heita mestur glímugarpur á Íslandi, og hver glími af mestri list.

Það er því enginn efi á því, að fjölmennt verður á Íþróttavellinum annað kvöld.

Íþróttaskólinn á Álafossi. Í gær var lokið fyrsta námskeiði drengja í sumar. Voru á því nám skeiði 37, en nokkrir fóru, áður en því var lokið. Drengir þessir voru á aldrinum 8—14 ára.

Í gær gengu 26 drengir undir nokkurs konar burtfararpróf, og voru foreldrar þeirra og vandamenn komnir til að sjá, hverjum framförum þeir hefði tekið, og taka við þeim.

Fyrst sýndu drengirnir fimleika í stóra tjaldinu, undir stjórn kennara síns, Ólafs Péturssonar.—Tókst það vel, einkum þegar þess

er gætt, að fæstir drengjanna höfðu neina hugmynd um fimleika, eða að hlýða skipunum, fyrr en þeir komu að Álafossi fyrir mánuði.

Síðan var sundsýning í útilauginni, undir stjórn sundkennarans, ungfrú Klöru Klængsdóttur. Allir voru drengirnir syndir og sumir ágætlega. Höfðu þó margir ekki komið í vatn fyrr en þar upp frá. Voru þeir mjög óragir og stukku allir af háa stökkpallinum við laugina. Þeir sýndu bringusund, baksund, skriðsund og bjargsund.

Sigurjón skýrði frá því, hvernig skólanum er háttað, kvaðst vera ánægður með árangurinn—og það voru foreldrarinn líka. Mátti heyra mæðurnar vera að tala um það sín á milli, og allar voru þær hrifnar af því, hvað drengjunum sínum hefði farið fram.

Á þessum mánuði þyngdust drengirnir um $\frac{1}{2}$ —2 kg., brjóstvið þeirra jókst um 1—2½ cm., og þeir hækkuðu um $\frac{1}{2}$ —2 cm., en það var aðallega vegna þess, að þeim var kennt að rétta úr sér.

Á morgun hefst nýtt námskeið á Álafossi. Er það fyrir telpur og verða þær 40 saman.

Íþróttaskólinn á Álafossi er eini skólinn á Norðurlöndum, sem tekur til kefnslu börn á aldrinum 8—14 ára, kennir þeim leikfimi, sund, heilsufræði og þróðmennsku, en á það er lagt mikið kapp að hafa góð áhrif á börnin.

Ný skip. Vér Íslendingar höfum á þessu ári fært þungar fórnir. Vér eigum á bak að sjá tugum hraustra drengja, sem fallið hafa fyrir harðýðgi miskunnarlausrar styrjaldar. Og vér höfum misst tilfinnanlegan hluta af veiðiskipaflota vorum. Nemur tjónið samt. 2661 rúmlesta. Þar að auki hefir eitt skip, 749 rúmlestir, verið selt útlendingum. Nemur því rýrnun flotans samtals 3410 rúmlestum eða 8% af allri skipaeign Íslendinga, sem við síðustu áramót var 42933 rúmlestir.

Hér er um að ræða mjög alvarlegt mál. Velferð þjóðarinnar er á marga vegu undir því komin, að vér eigum nægan og góðan skipastól. Skipin eru ein þýðingarmestu framleiðslutæki vor. Aðflutningar til landsins byggjast allir á því, að til séu skip til að annast þá. Hér verður því vissulega að snúast við í samræmi við þá nauðsyn, sem fyrir hendi er. Hefir áður verið á það bent hér í blaðinu, að hverju beri að stefna. Vér verðum að leggja á það allt kapp að koma á fót skipasmíðastöðvum í landinu sjálfu, sem færar séu um það að endurnýja og byggja veiðiskipaflota vorn. Að undirbúningi þessara framkvæmda verður að vinna bráðan bug. Á s. l. reglulegu Alþingi var samþykkt þingsályktunartillaga um undirbúning á öflun efnis til skipasmíðastöðva, sem byggt gætu skip úr tré og járn. Hér er um stórkostlegt framfaramál að ræða og þess vert, að því sé fyllsti gaumur gefinn.

Niðursuðuverksmiðja á Akranesi. Haraldur Böðvarsson & Co. á Akranesi hafa látið byggja niðursuðuverksmiðju með vélum og öllum útbúnaði af nýjustu gerð, ásamt reykhusi til að reykja í síld og fisk.

Vélarnar eru að mestu leyti sjálfvirkar og ganga fyrir raforku, en niðursuðuvörurnar eru soðnar við gufu og afkældar með nýrri aðferð. Verksmiðjustjóri er Pétur Jóhannsson. Firmað hefir látið skrásetja vörumerkið “Hekla” fyrir niðursuðuvörur sínar, og eru fiskabollur frá verksmiðjunni þegar komnar í flestar verzlánir landsins, en á næstunni er von á fleiri tegundum, t. d. reyktum síldarfökum (Kippers), fiskbúðingum o. fl.

Firmað Eggert Kristjánsson & Co. hefir söluumboð til kaupmanna og kaupfélaga um land allt.

Á Akranesi eru hin beztu skilyrði fyrir þenna rekstur, glænýr fiskurinn og síldin úr sjónum og nýmjólkinn á staðnum og úr nærsveitum í bollurnar.

Við flökun, reykingu og niðursuðu á síld, þarf um 70 manns til vinnu, og afkasta vélarnar þá 20—30 þúsund dósnum á dag. En af fiskabollum getur verksmiðjan búið til 7500 heildósir á dag, og í þær fara m. a. 3000 lítrar af nýmjólk.

Þessi starfsemi getur hjálpað bændunum í nágrenni Akraness all-verulega með sölu mjólkurinnar; það vill svo heppilega til, að þegar mest er af mjólkinni, þá eru bezt skilyrðin fyrir þessa framleiðslu, þá er ýsan feitust og bezt og mest af henni.

Þessi starfsemi er aðallega byggð upp með útlenda markaðinn fyrir augum, en að sjálfsögðu verður líka selt á innlenda markaðnum eftir þörfum.

Douglas Fairbanks yngri í Reykjavík. Ameríski kvikmyndaleikarinn Douglas Fairbanks yngri var staddur hér í bænum í gærdag. Hann snæddi hádegisverð að Hótel Borg með nokkrum félögum sínum. Kvikmyndaleikarinn hafði hér stutta viðdvöl, og fáir munu hafa vitað um dvöl hans í bænum.

Douglas Fairbanks er liðsforingi í ameríska sjóliðinu og hefir hann tvisvar komið hingað til bæjarins, á meðan skip hans hefir dvalið hér við land. En vegna þess, að landleyfi er ekki gefið, nema nokkrar klukkustundir um hádaginn í hvert sinn, hefir hann ekki haft tækifæri til að skoða sig mikið um.

Blaðamaður frá Morgunblaðinu átti stutt viðtal við Douglas Fairbanks að Hótel Borg í gærdag. Lét hann vel yfir ferð sinni hingað og kvaðst hafa orðið snortinn af sérkennilegri fegurð landsins og hinu hrikalega landslagi. Hann kvaðst hafa lesið um Ísland, en eigin sjón og reynd hefði sannað sér, að ekki hafi verið ofsögum sagt af Sögueyjuni.

—Mig hefði langað til að ferðast hér um landið og sjá sögustaði, sagði Douglas Fairbanks, en úr því getur ekki orðið að þessu sinni, til þess er árstíminn óhentugur og landleyfi mitt í hvert sinn of stutt. En ég hefi fengið tækifæri til að koma inn í hið sögufræga Alþingi ykkar og var ég svo heppinn, að fundur stóð yfir.

Douglas Fairbanks kvaðst hafa verið 1½ ár í ameríska flotanum. Hann hefir aðallega unnið í flotamálaráðuneytinu í Washington, en er nú um stundarsakir um borð í herskipi.

Ég spurði hann, hvort ekki væri von á kvikmynd, sem hann léki í, bráðlega.

—Já, það er verið að ljúka við kvikmynd, sem ég leik í. Fékk ég nokkurra mánaða leyfi til að leika í þessari kvikmynd í sumar, og ætti hún að koma á markaðinn um áramótin.

Douglas Fairbanks er maður mjög viðfeldinn í allri framkomu og hinn alúðlegasti. Hann er alveg eins og hann er í kvikmyndum, sem hann hefir sézt í hér. Hann er hár og grannvaxinn, með skolleitt hár og lítið yfirvararskegg.

64. Þjóðtrú og þjóðsögur.

Þjóðtrú Íslendinga er að mörgu leyti einkennileg, þó að hún raunar minni allmikið á þjóðtrú á Norðurlöndum og á Bretlands-eyjum.

Einn þáttur þjóðtrúarinnar er trúin á álfa eða huldufólk. Huldufólkið á að búa í hólum og klettum. Þeir, sem þykjast hafa séð það, lýsa því svo, að það sé í útliti og háttum líkt mennskum mönnum, nema hvað það sé heldur betur búið, heldur vænna álitum, og lifi yfirleitt við betri kjör en fólk í mannheimum. Menn mega vara sig að láta ekki heillast af græn- eða bláklæddum álfkonum á fjöllum uppi, og stundum hafa huldumenn numið bóndadætur úr byggðum. Venjulega sjá aðeins skyggir menn huldufólkið, en út af þeirri reglu getur þó brugðið. Algengt er, að huldukonur í barnsnaud láti vitja mennskra kvenna til þess að leysa barnið frá móðurinni. Stundum taka álfkonur börn úr vöggu, en skilja sín eigin börn, eða jafnvel karla sína, eftir í staðinn. Slík börn verða ekki að manni og heita umskiftingar. Til að forða því, er gott að krossa barnið í bak og brjóst. Einu sinni gekk móðir frá barni sínu í vöggu, en skildi eftir hjá því son sinn sjö vetra gamlan. Þá komu þar tvær huldukonur, og sagði önnur: “Tökum á, tökum á.” Hin svaraði: “Ekki má, ekki má, því kross er undir og ofan á, og sjövetlingur situr hjá og segir frá.”

Um jól og nýjár er talið, að álfarnir flytji sig búferlum. Fara þeir þá í hópum um sveitirnar, koma við á bæjunum og slá þar

upp dansi. Er sagt, að þeir hafi það þá til að æra fólk, sem verður á vegi þeirra. Það var því ekki vinsælt verk að vaka heima á jóla eða nýjársott, þegar allt fólkið fór annars til kirkjunnar. Til að koma í veg fyrir óhöpp, höfðu konur þann sið að ganga hringinn í kringum bæinn og segja: “Veri þeir, sem vera vilja,” eða: “Komi þeir, sem koma vilja, fari þeir, sem fara vilja, mér og mínum að meinlausu.” Álfatrúin er forn, en virðist hafa staðið í blóma á 15. og 16. öld.

Annar aðalþáttur íslenzkrar þjóðtrúar er tröllatrúin. Talið er, að trúin á tröllin sé enn eldri en álfatrúin, enda er hún orðin daufari nú á dögum. Tröllum var svo lýst, að þau væri stórskorin og stórvaxin mjög; trúðu menn því, að þau ættu heima í fjöllum, hömrum og giljum, stundum undir fossum. Sagt var, að nátttröll væri á ferðinni að nóttu til aðeins, og ef dagur tæki þau á ferðalögum sínum, þá yrðu þau að steinum eða dröngum. Var það kallað, að þau dagaði uppi. Meðfram ströndum Íslands er fjöldi dranga og skerja, sem menn kalla karla og kerlingar og telja vera steingerð nátttröll. Sama er að segja um dranga og kletta á fjöllum uppi. Menn trúðu, að tröllin lifðu á hrossaketi og manna-, og þau voru ávallt hundheiðin, þar sem álfarnir stundum ræktu kirkjur og kristni. Tröllskessur áttu það til að taka smalamenn á jólanóttinni, og það gerði skessan fræga, sem Grettir glímdi við. Jafnvel prestarnir á stólnum voru ekki óhultir fyrir þeim; en þá var þó hægt um vik að hringja kirkjuklukkunum, því það álitu menn, að tröllin stæðust ekki. En þó að tröllin gæti þannig verið grimm og hættuleg, þá voru þau stundum meinlaus, og jafnvel greiðvikin, við mennska menn. Og væri þeim gerður greiði, þá voru þau svo trygg, að til þess hefur ávallt verið jafnað, og hafa menn því kallað tröllatryggð hina traustustu vináttu.

Þriðji þáttur íslenzkrar þjóðtrúar er trúin á drauga. Draugatrúin er gömul, eins og sjá má af sögunni um Gretti og glímu hans við Glám. En hún magnaðist mjög á 17. öld, galdraöldinni svo nefndu. Stundum gengu misendismenn aftur, eins og Glámur, og ásóttu fólk og fé. Stundum vöktu kunnáttumenn upp drauga til að senda óvinum sínum. Hinir fyrrnefndu draugar voru kallaðir afturgöngur, hinir síðarnefndu sendingar. Draugar lögðust á kvikfénað og drápu hann, þeir riðu húsum, svo að fólk hélzt ekki við, en bæirnir eyddust. Kæmi það fyrir, að menn yrðu úti eða færust í óveðrum á fjöllum uppi, þá varð þar oft reimt síðan; var talið, að draugarnir villtu fyrir vegfarendum. Menn, sem fórust af bátum, urðu sjódraugar, ekki sízt, ef líkin rak upp. Sumir draugar fylgdu mönnum og afkomendum þeirra allt í níunda lið. Helzt

voru það uppvakningar og sendingar, sem það gerðu; fylgdu þessir draugar þá annaðhvort manni þeim, sem þeir voru sendir, eða galdramanninum, sem vakti þá upp. Þetta voru kallaðar fylgjur manna, sáust þær oft á undan mönnum þeim, er þær fylgdu, í líki mórauðra stráka, sem kallaðir voru Mórar, eða í gervi stuttpilsaðra stelpna, er Skottur nefndust. Sóttu þær að fólki og gerðu því eða gripum á bænum glettur (aðsókn). Ef fólk syfjaði, eða var eitthvað ómótt, áður en gestur kom á bæinn, kenndu menn það fylgju gestsins og töldu hann hafa sótt illa að sér. Þess vegna voru gestir vanir—og eru enn—að spyrja, hvernig þeir sæktu að þeim, sem þeir voru að heimsækja.

Skyldir draugum, afturgöngum og uppvakningum eru svipir manna eða vofur. Þeir sjást oft, eftir að menn hafa farizt voveiflega á sjó eða landi, en venjulega eru þeir alveg meinlausir. Á síðasta mannsaldri hefur drauga- og svipa-trú glæðzt í nokkuð breyttri mynd undir áhrifum hinnar amerísk-ensku andatrúar.

Nátengd draugatrúnni er trúin á galdra og galdramenn; þessi trú varð líka sterkust á 17. öldinni, en hún er eldri, eins og sjá má af fornsögnum og sögnunum um Sæmund fróða. Sæmundur var lærður af kölska sjálfum í Svartaskóla í Frakklandi; eftir það áttust þeir kölski jafnan glettingar við, þó svo, að Sæmundur hafði ávallt betur. Fara síðan margar sögur af því, hvernig leikið hefur verið á kölska af kunnáttumönnum eða öðrum, sem vissu lengra en nef þeirra náði. Eftir siðaskifti er þó svo að sjá sem kölski hafi farið að færast í aukana; þá er nokkrum kirkjum sökkt fyrir þá sök, að prestarnir dansa þar út jólanóttina með söfnuðinum í stað þess að rækja helgar tíðir (Dansinn í Hruna). Og þá selja nokkrir drottunargjarnir áhugamenn kölska sál sína—og tapa henni fyrir fullt og allt, eins og Galdra-Loftur. En seinni alda galdramenn hafa minna með kölska að gera en með uppvakninga og sendingar, sem þeir senda hver öðrum. Stefnuvargur í tófu-gervi eða hrafna- er sendur á fé manna, og menn veikjast sjálfir af ókennilegum sjúkdómum, sem menn kenna göldrum. Á 17. öldinni eru menn brenndir fyrir galdra; á þeirri öld eru líka uppi kraftaskáld, eins og Hallgrímur Pétursson, sem sagt er, að ort hafi svo heitt um tófu, sem hann sá vera að bíta lamb af prédikunarstólnum, að hún drapst þar sem hún stóð. En fyrir þetta var skáldgáfan tekin af Hallgrími, sem bæði þá og síðar hefur verið talinn mesta sálmaskáld Íslands (Passíusálmarnir).

Fjórði höfuðpáttur íslenzkrar þjóðtrúar er trúin á útilegumenn. Hennar gættir þegar í fornöld, eins og sést af Grettis sögu, Gísla sögu og fleiri sögum. Bæði Grettir og Gísli voru útlagar, skógar-

menn, óalandi, óferjandi og óráðandi nokkrum bjargráðum. Þeir lögðust út og lifðu á fjöllum uppi á veiðum og af því að stela fé byggðarmanna. Á öllum öldum hafa menn strokið á fjöll til að flýja refsingu; frægastur útilegumaður á seinni öldum var Fjalla-Eyvindur. Trúin á útilegumenn glæddist af því, að mönnum voru öræfin lítt kunn, en fjárheimtur voru hins vegar oft illar á haustin. Var það þá kennt útilegumönnum. Saman við þetta blandaðist svo trú á fjallavætti og tröll eða huldufólk, ásamt trúnni á sæludali, sem huldur væri í fjöllum. Útilegumennirnir bjuggu oft í þessum kostamiklu huldudölum; þeir voru stærri og sterkari en aðrir menn, og stundum rammgöldróttir. Höfðu þeir það til að bregða yfir sig myrkva eða þokum, er þeir voru á flóttu undan byggðamönnum. Auk þess að stela fé og ræna ferðamenn voru þeir vanir að ræna bóndadætrum úr byggð; eru margar sögur um það, hvernig rökir piltar úr sveitum hættu lífi sínu til að bjarga þeim úr klóm ræningjanna. Aftur á móti reyndust útilegumennirnir stundum hinir mestu heiðursmenn, sem vöruðust eins og heitan eld að gera á hluta nokkurs manns; með ungum útilegumönnum af þessu tagi og bóndadætrum, er þeir námu burt, tókust oft góðar ástir, unnust þau vel og lengi í sæludalnum, eða komust að lokum farsællega til byggða. Útilegumannatrú lifði fram á 19. öld. Jón frá Hlíðarendakoti, fylgdarmaður enska skáldsins William Morris, sótti um styrk til Alþingis til að fara á hendur þeim og útrýma þeim.

Mikið af íslenzkum þjóðsögum sækir efni sitt í þjóðtrú þá, sem lýst hefur verið hér að framan. Allmargar sögur eru þó alveg ósnortnar af þjóðtrúnni, t. d. sögur um einkennilega menn. Slíkar sögur eru mjög raunsæjar og minna stundum nokkuð á Íslendinga-sögurnar gömlu. Aðrar eru allt annað en raunsæjar, þær eru jafnvel enn rómantískari en hinar rómantískustu útilegumanna- eða huldufólks-sögur. Þetta eru æfintýrin. Þau geta verið blönduð þjóðtrú, en eru annars ekki við eina fjölinu felld. Ótal æfintýri eru til um kóng og drottning í ríki sínu og karl og kerlingu í koti. Þau enda með því, að karlssonurinn fær kóngsdótturina. Þá eru ekki fáar sögur um karlsdæturnar þrjár, Ásu, Signýju og Helgu; Helga er vngst og fallegust, en hún er höfð útundan; samt fær hún kóngssoninn á endanum. Svo eru stjúpmaðrasögurnar. Kóngur missir drottningu sína og leggst í rúmið af harmi. Ráðgjafar hans sjá, að svo búið má ekki standa. Þeir fara að leita honum annarar drottningar. En þó að þeir séu varaðir við að taka hana af eyjum eða annesjum, þá fer svo, að þeir finna hana einmitt á eyðiey, eftir langar hafvillur. Kóngur gerir samt brúðkaup til hennar og tekur

aftur gleði sína. En áður en langt um líður, sýnir drottning sinn innri mann, og leggur á kóngsbörninn, að þau verði að dýrum eða ófreskjum, ef hún sendir þau þá ekki til flagðsins systur sinnar. Í þessum álogum verða kóngsbörninn að vera, þar til einhver karlsson, eða kóngsson verður til að leysa þau úr þeim. Fær drotningar-flagðið þá makleg málagjöld og er brennd á báli.

65. Kirkjusmiðurinn á Reyni.

Einu sinni bjó maður nokkur á Reyni í Mýrdal; átti hann að byggja þar kirkju, en varð naumt fyrir með timburaðdrætti til hennar; var komið að slætti, en engir smiðir fengnir, svo hann tók að ugga að sér, að kirkjunni yrði komið upp fyrir veturinn. Einn dag var hann að reika út um tún í þungu skapi. Þá kom maður til hans og bauð honum að byggja kirkjuna fyrir hann. Skyldi bóndi segja honum nafn hans, áður en smíðinni væri lokið, en að öðrum kosti skyldi bóndi láta af hendi við hann einkason sinn á sjötta ári. Þessu keyptu þeir; tók aðkomumaðurinn til verka; skifti hann sér af engu nema smíðum sínum, og var fáorður mjög, enda vannst smíðin undarlega fljótt, og sá bóndi, að henni mundi lokið nálægt sláttulokum. Tók bóndi þá að ógleðjast mjög, en gat eigi að gert. Um haustið, þegar kirkjan var nærri fullsmíðuð, ráfaði bóndi út fyrir tún; lagðist hann þar fyrir, utan í hól nokkurn. Heyrði hann þá kveðið í hólnum, sem móðir kvæði við barn sitt, og var það þetta:

Senn kemur hann Finnur,
faðir þinn frá Reyn,
með þinn litla leiksvein.

Var þetta kveðið upp aftur og aftur. Bóndi hresstist nú mjög og gekk heim til kirkju. Var smiðurinn þá búinn að telgja hina seinustu fjöl yfir altarinu, og ætlaði að festa hana. Bóndi mælti: "Senn ertu búinn, Finnur minn." Við þessi orð varð smíðnum svo bilt, að hann felldi fjölina niður og hvarf; hefir hann ekki sézt síðan.

66. Ýsa var það heillin!

Einu sinn mættust tvær kerlingar á ferð. Þær áttu heima langt hvor frá annari, svo þær þurftu nú svo sem að setjast niður og segja hvor annari tíðindin úr sinni sveit. Þær sáu, að þær gátu slegið tvær flugur í einu höggi, svo þær tóku upp hjá sér sjálf-skeiðinga og mat, og fóru að fá sér bita. Þeim bar nú margt á góma, og meðal annars segir önnur kerlingin, að það hafi nýlega

rekið fjarskalega fágætan fisk í sinni sveit. Hin spyr, hvaða fiskur það hafi verið, en það man hún ómögulega. Þá fer hin að telja upp ýmsa fiska, sem hún mundi eftir, en aldrei átti hún kollgátuna. "Ekki vænti ég, að það hafi nú verið stökkull?" "Og süssu nei." "Það skyldi þó aldrei hafa verið marhnútur?" "Vertu í eilífri náðinni, ekki hét hann það." "Það hefur þó víst ekki verið skata?" "Issi, sissi, nei." "Nú, það mun þó ekki hafa verið ýsa?" "Jú, ýsa var það, heillin!" sagði þá hin, og hnippti í lagskonu sína; en til allrar óhamingju mundi hún ekki eftir því, að hún var með opinn hníf í hendinni, svo hnífurinn fór á hol í síðuna á hinni kerlingunni, og sálaðist hún þar að vörmu spori.

67. Nátttröllið.

Það var á einum stað, að sá sem gæta átti bæjarins á jólanóttina, meðan hitt fólkíð var við aftansöng, fannst annaðhvort dauður að morgni eða æðisgenginn. Þótti heimamönnum þetta illt, og vildu fáir verða til að vera heima jólanóttina. Einu sinni býðst stúlka ein til að gæta bæjarins. Urðu hinir því fegnir og fóru burtu. Stúlkan sat á palli í baðstofu og kvað við barn, sem hún sat undir. Um nóttina er komið á gluggann og sagt:

Fögur þykir mér hönd þín,
snör mín en snarpa, og dillidó.

Þá segir hún:

Hún hefir aldrei saur sópað,
ári minn Kári, og korriró.

Þá er sagt á glugganum:

Fagurt þykir mér auga þitt,
snör mín en snarpa, og dillidó.

Þá segir hún:

Aldrei hefir það illt séð,
ári minn Kári, og korriró.

Þá er sagt á glugganum:

Fagur þykir mér fótur þinn,
snör mín en snarpa, og dillidó.

Þá segir hún:

Aldrei hefir hann saur troðið,
ári minn Kári, og korriró.

Þá er sagt á glugganum:

Dagur er í austri,
snör mín en snarpa, og dillidó.

Þá segir hún :

Stattu og vertu að steini,
en engum þó að meini,
ári minn Kári, og korriró.

Hvarf þá vætturinn af glugganum. En um morguninn, þegar fólkið kom heim, var kominn steinn mikill í bæjarsundið, og stóð hann þar æ síðan. Sagði þá stúlkan frá því, sem hún hafði heyrt (en ekkert sá hún, því hún leit aldrei við), og hafði það verið nátttröll, sem á gluggann kom.

68. Smalastúlkan.

Það bar til vestur í Dalasýslu, að smalastúlka ein fór til kirkju og var til altaris. Þegar hún kom frá kirkjunni, fór hún undir eins að smala, og gaf sér ekki tíma til að borða áður. Hún gekk með klettum nokkrum. Þá heyrir hún, að sagt er í klettunum: "Ragnhildur í Rauðhömrum." Þá er svarað í öðrum klettum: "Hvað viltu, þussinn í Þríhömrum?" Þá segir hann: "Hér hleypur steik um stiga, tökum hana, tökum hana." Þá er svarað í hinum klettunum: "Svei henni, láttu hana fara, hún er kolug um kjaftinn." Stúlkan fór sinn veg og heyrði ekki meira af samtali hjúa þessara.

69. Sending.

Einu sinni var kona. Hún sat á baðstofupallinum við vinnu sína, og var enginn maður í bænum nema hún ein. Bóndi var ekki heima; hann hafði farið eitthvað af bæ, en vinnufólkið var allt úti við, sitt hvað að sýsla. Þá kom inn í baðstofuna drengur, ekki hár, en heldur gildvaxinn. Hann spyr konuna, hvar bóndi sé, en hún var ekki svo fljót á sér að segja til þess; því henni leizt ekki vel á strákinn. Hann spurði þá enn að bónda, því hann sagðist eiga að finna hann, og finna hann duglega, og megi hann ekki tefja. Konan spurði hann þá um erindið, og hvort hún gæti ekki afgreitt hann. Þegar strákur neitaði því, þá segir konan: "Ég held, að slíkur hnokki, sem þú ert, hafi ekki mikið að gera í hendurnar á manningum mínum. Eða getur þú orðið stærri en þú ert nú?" Strákur sagði það vera. Hún bað hann að sýna sér það; annars tryði hún því ekki.

Smá-óx þá strákur, þangað til hann varð sem tröll og náði upp í mæni. Konan sagði, að hann væri ekki allur, þar sem hann væri séður, og bað hann nú fara í samt lag aftur. Hann gerir svo. Þá spyr konan, hvort hann geti gert sig eins lítinn að sínu leyti og hann gæti gert sig stóran, og bað hann sýna sér það. Hann játar



HÉR HLEYPUR STEIK UM STIGA.



KERLINGIN MEÐ SENDINGUNA.

því, og smá-minnkar hann nú, þangað til hann var orðinn á stærð við tittling. Þá tók konan upp dálítið glas, og spurði, hvort hann gæti orðið svo lífill, að hann kæmist ofan í glasið. Þá gerði strákur sig að flugu og fór ofan í glasið; en konan var ekki sein á sér, heldur brá þegar líknarbelg yfir glasið, og mátti svo kauði kúra þar niðri í. Þegar bóndi kom heim, fékk konan honum glasið, og sagði honum upp alla sögu. Bóna þótti vænt um bragð konu sinnar, tók við glasinu og fór með það, og vissi enginn framur, hvað um það varð.

70. Sæmundur fróði fær Oddann.

Þegar þeir Sæmundur, Kálfur og Hálfán komu úr Svartaskóla, var Oddinn laus, og báðu þeir þá allir kónginn að veita sér hann. Kóngurinn vissi dável, við hverja hann átti, og segir, að sá þeirra skuli hafa Oddann, sem fljótastur verði að komast þangað. Fer þá Sæmundur undir eins og kallar á kölska og segir: "Syntu nú með mig til Íslands, og ef þú kemur mér þar á land án þess að væta kjóllafið mitt í sjónum, þá máttu eiga mig." Kölski gekk að þessu, brá sér í selslíki og fór með Sæmund á bakinu. En á leiðinni var Sæmundur alltaf að lesa í Saltaranum. Voru þeir eftir lítinn tíma komnir undir land á Íslandi. Þá slær Sæmundur Saltaranum í hausinn á selnum, svo hann sökk, en Sæmundur fór í kaf og synti til lands. Með þessu varð kölski af kaupinu, en Sæmundur fékk Oddann.

71. Heyhirðingin.

Einu sinni átti Sæmundur fróði mikið af þurri töðu undir, en rigningarlega leit út. Hann biður því allt heimafólk sitt að reyna að ná heyinu saman undan rigningunni.

Kerling ein var hjá honum í Odda mjög gömul, er Þórhildur hét. Prestur gengur til hennar og biður hana að reyna að haltra út á túnið og raka þar dreifar. Hún segist skuli reyna það, tekur hrifu og bindur á hrífuskafsendann hettu þá, sem hún var vön að hafa á höfðinu, og skjóktir svo út á túnið. Áður en hún fór, segir hún við Sæmund prest, að hann skuli vera í garðinum og taka á móti heyinu; því vinnumennirnir verði ekki svo lengi að binda og bera heim. Prestur segist skuli fylgja ráðum hennar í því, enda muni þá bezta fara.

